FRÉTTABLAÐIÐ

70. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 23. MARS 2019

Vill meiri gleði í baráttuna

Ég var dauðvona öryrki, sá ekki út úr neinu. Var óvinnufær. Ég fann ekki tilgang.

Einar Þór Jónsson, nýr formaður Geðhjálpar, missti bróður sinn úr sjálfsvígi fyrir ellefu árum. Hann segir frá því hvernig kerfið brást bróður hans, uppvextinum í Bolungarvík, móðurmissinum og áfallinu við að greinast með HIV-smit. ➔ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hann er algjör stuðpinni

Sandra og Emil Daði fögnuðu alþjóðlegum degi um Downs. ➔ 28

Sigrar hatrið Evrópu?

Eurovision-sérfræðingar rýna í pólitík í keppninni. ➔ 26

Getur ekki talið allar plöturnar

Tony Cook hljóðritaði íslenska tónlist í bílförmum á síðustu öld og heldur tryggð við landið. ➔ 30

Veður



Norðvestan 20-28 m/s á austanverðu landinu. Snjókoma eða skafrenningur um mestallt land. Lægir með morgninum. Sunnan 5-13 og slydda eða snjókoma með köflum. SJÁ SÍÐU 44

Freyja Haraldsdóttir.

Freyja heldur ótrauð áfram

DÓMSMÁL „Þetta er fyrir mig persónulega mjög dýrmætt og mikilvægt. Þetta er búið að vera fimm ára ferli," segir Freyja Haraldsdóttir, baráttukona fyrir réttindum fatlaðra. Landsréttur sneri í gær við dómi héraðsdóms í máli Freyju og Barnaverndarstofu þar sem henni hafði verið meinað að gerast fósturforeldri.

Freyja fær nú að sitja námskeið þar sem hæfni hennar til að gerast fósturforeldri verður metin. „Það var auðvitað verið að mismuna mér á grundvelli fötlunar auk þess sem mér var ekki veitt réttlát málsmeðferð. Flest getum við verið sammála um að réttlát málsmeðferð eru ótrúlega mikilvæg mannréttindi," segir Freyja.

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögmaður Freyju, var einnig ánægð með niðurstöðuna. „Þetta var niðurstaðan sem við stefndum að og okkur fannst liggja í augum uppi að væri rétt allan tímann," segir Sigrún.

Freyja segir næsta skref vera að fara á námskeiðið. „Núna heldur ferlið vonandi bara áfram. Það hefur verið stöðvað í tvö ár vegna dómsmálsins, en ákvörðun Barnaverndarstofu hefur nú verið felld úr gildi. Ég fer að vinna að því að fara á námskeið og held ótrauð áfram." – la

Kennileiti kvatt

Það reyndist hægara sagt en gert að fella sementsstrompinn á Akranesi. Á þessari mynd sjást verktakar kynna sér aðstæður eftir að efri hlutinn hafði verið felldur. Brak úr efri hlutanum tafði sprengingu neðri hlutans um stund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri ljósmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Aðalheiður með umfjöllun ársins

FJÖLMIÐLAR Umfjöllun Aðalheiðar Ámundadóttur, blaðamanns á Fréttablaðinu, um Guðmundar- og Geirfinnsmál var valin umfjöllun ársins 2018 þegar verðlaun Blaðamannafélags Íslands voru afhent í gær.

„Skrif Aðalheiðar einkennast af djúpri þekkingu á flókinni og langri sögu sem hún skilar lesendum á skýran og aðgengilegan máta," sagði í umsögn dómnefndar.

Ragnheiður Linnet hjá Mannlífi fékk verðlaun fyrir viðtal ársins, Freyr Rögnvaldsson og Steindór Grétar Jónsson hjá Stundinni voru verðlaunaðir fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins, og Þórður Snær Júlíusson hjá Kjarnanum fékk Blaðamannaverðlaun ársins fyrir bókina Kaupthinking – Bankinn sem átti sig sjálfur. – khn



Aðalheiður Ámundadóttir.

Stoltir af nemendum sem stóðu með Zainab

Kennari við Hagaskóla segir starfsmenn stolta af framgöngu hundraða nemenda sem fylktu liði til að færa ráðherra undirskriftir. Mótmæltu fyrirætlunum um að vísa hinni 14 ára gömlu Zainab og fjölskyldu hennar úr landi.

Nemendur við Hagaskóla söfnuðu á milli 500 og 600 undirskriftum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÚTLENDINGAMÁL „Ég held að starfsmenn Hagaskóla standi algjörlega með nemendum í þessu. Það eru allir stoltir og ánægðir með þetta," segir Ómar Örn Magnússon, kennari og verkefnisstjóri í Hagaskóla. Bróðurpartur allra nemenda skólans skrifaði undir stuðningsyfirlýsingu gegn brottvísun afganskrar skólasystur sinnar og fjölskyldu hennar til Grikklands.

Hundruð nemenda gengu síðan fylktu liði og afhentu útlendinganefnd kærumála og dómsmálaráðuneytinu ríflega sex þúsund undirskriftir þar sem þess er krafist að hinni fjórtán ára gömlu Zainab og fjölskyldu hennar verði ekki vísað úr landi.

„Þetta gekk ótrúlega vel," sagði Svava Þóra Árnadóttir, nemandi í tíunda bekk í Hagaskóla, og einn skipuleggjenda mótmælanna, í samtali við Fréttablaðið eftir aðgerðirnar í gærmorgun.

Hún segir að afhentar hafi verið á milli 500 og 600 handskrifaðar undirskriftir frá nemendum Hagaskóla og 6.200 rafrænar undirskriftir. Nemendur Hagaskóla eru um 600 og skrifuðu því langflestir, ef ekki allir, undir yfirlýsinguna. Nú vonist þau eftir viðbrögðum frá nýjum dómsmálaráðherra.

„Núna tekur bara við bið. Við sjáum svo hvað gerist og hvernig verður tekið í undirskriftirnar. En ef ekkert gerist þá munum við halda áfram að berjast."

Ómar Örn situr einnig í réttindaráði Hagaskóla sem ályktaði um málið fyrir rúmri viku þar sem því er beint til kærunefndarinnar að mál fjölskyldunnar verði tekið upp aftur.

„Við lýstum eindregnum stuðningi við nemandann og fjölskyldu hennar og mótmælum öllum fyrirætlunum um að vísa þeim úr landi," segir Ómar og vísar í ályktun ráðsins.

„Ég er gríðarlega stoltur af framgöngu krakkanna og hvað þau framkvæmdu þetta allt fagmannlega. Öll skipulagningin var þeirra og var hún öll til fyrirmyndar."

Ómar Örn segist ekki halda að skrópið sem fylgdi stuðningsaðgerðum nemenda komi niður á þeim.

„Ef ég væri nemandi að mótmæla þarna þá myndi ég bara vilja fá skróp í kladdann við tilefni sem þetta og ég held að þessir krakkar séu á þeirri línu."

Ekki náðist í dómsmálaráðherra vegna málsins.

mikael@frettabladid.is / sunnak@frettabladid.is

Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO
ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
Troðfull verslun af
merkjavöru!
40-70%
afsláttur
af öllum vörum
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

+PLÚS

Strompurinn féll á endanum

Það reyndist hægara sagt en gert að fella sementsstrompinn á Akranesi. Fyrst var niðurrifinu frestað um sólarhring og í gær þegar fella átti strompinn þurfti ítrekað að fresta því að fella hann vegna veðurs. Á þessari mynd sjást verktakar kynna sér aðstæður eftir að efri hlutinn hafði verið felldur. Neðri hlutinn átti að falla á sama tíma en brak úr efri hlutanum tafði sprengingu neðri hlutans um stund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

TÖLUR VIKUNNAR 17.03.2019 TIL 23.03.2019

2,3
milljarða króna bótakrafa er nú nefnd vegna þeirra sem sýknaðir voru í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

145
milljónir króna mun vanta í bæjarsjóð Vestmannaeyja vegna loðnubrestsins.

200
hið minnsta fórust í óveðri í Mósambík.

600
umsækjendur eru nú á biðlista eftir leiguíbúðum hjá Brynju – hússjóði Öryrkjabandalagsins.

1,7
milljónir króna greiddi forsætisráðneytið fyrir kvöldverðarboð fyrir 35 ráðstefnugesti Arctic Circle í Hellisheiðarvirkjun.

Þrjú í fréttum

Bullað um geisla, Katalónía, og Aron til Katar

Vigdís Hauksdóttir
borgarfulltrúi Miðflokksins

varaði við hættu af geislum frá fjarskiptamöstrum á Úlfarsfelli. Geislavarnir ríkisins og Eðlisfræðifélagið sögðu enga hættu staðfesta. „Enginn er óskeikull," svaraði Vigdís.

Alfred Bosch
utanríkisráðherra Katalóníu

heimsótti Ísland og ræddi stöðuna í héraðinu og réttarhöldin yfir katalónskum sjálfstæðissinnum í Madríd. „Það á að leysa málið á hinn íslenska hátt. Með viðræðum, atkvæðagreiðslum og friði," sagði Bosch.

Aron Einar Gunnarsson
fyrirliði karlalandsliðsins í fótbolta

er á leið til Katar á samning við félagsliðið Al Arabi sem Heimir Hallgrímsson þjálfar. Aron klárar tímabilið með Cardiff í ensku úrvalsdeildinni og fer til Al Arabi í sumar. Hann verður fyrsti íslenski leikmaðurinn sem leikur í Katar.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

Dómurinn leggur línur um heimildavernd blaðamanna

Hæstiréttur fjallar ítarlega um heimildavernd blaðamanna í dómi um lögbannsmálið. Ritstjóri segir heiðvirða blaðamenn frekar fara í fangelsi en segja til heimildarmanna. Fordæmið treysti trúnaðarsambandið enn frekar.

Jóhannes Kr. Kristjánsson og Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, í Hæstarétti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DÓMSMÁL „Heimildarmenn mega vita að heiðvirðir blaðamenn eru tilbúnir til að fara í fangelsi fyrir þá. En það styrkir þetta trúnaðarsamband enn meira að nú vita heimildarmenn að ekki má þröngva blaðamönnum til að svara spurningum um heimildir sínar fyrir dómi. Þetta nýja fordæmi Hæstaréttar hjálpar því til við að taka af allan vafa um það," segir Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, um dóm Hæstaréttar sem féll í gær og markaði endalok lögbannsmálsins.

Í dómi Hæstaréttar er fjallað með ítarlegri hætti en áður hefur verið gert um þá vernd sem blaðamenn njóta við störf sín samkvæmt íslenskum lögum og á grundvelli tjáningarfrelsisákvæða stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í dóminum er lengst dvalið við heimildavernd blaðamanna og gerð ítarlegri grein fyrir þessum réttindum blaðamanna og heimildarmanna þeirra. Því er slegið föstu að heimildaverndin nái ekki eingöngu til þess að upplýsa ekki nákvæmlega hver heimildarmaðurinn sé heldur felist einnig í verndinni að blaðamanni verði ekki gert skylt að veita upplýsingar sem geti leitt til þess að kennsl verði borin á heimildarmanninn. Um kröfu Glitnis Holdco þess efnis að blaðamönnum verði gert að svara spurningum um gögnin, segir Hæstiréttur að útilokað sé að tryggja að svör við slíkum spurningum veiti ekki vísbendingar um frá hverjum umrædd gögn stafa. Allan vafa þar að lútandi verði að túlka heimildarmanni í hag og ætla verði blaðamanni verulegt svigrúm til að meta sjálfur hvort svör við spurningum tengdum tilvist slíkra gagna kunni hugsanlega að veita vísbendingar um hver heimildarmaður hans sé.

> **Ófært að lögbann standi þrátt fyrir afstöðu dómstóla**
>
> „Það er umhugsunarverðast hversu lengi lögbannið fékk að standa án þess að nokkur dómstóll hafi talið það standast. Frumvarp það sem nú er í samráðsgátt, um breytingu á lögunum um kyrrsetningu og lögbann, myndi að mínu mati fela í sér mikla bragarbót að þessu leyti, sem er nauðsynleg," segir Eiríkur Jónsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Þá tekur Hæstiréttur einnig af skarið um afstöðu heimildarmannsins sjálfs til nafnleyndar og slær því föstu að til að blaðamanni verði heimilt að svara spurningum um heimildarmann sinn þurfi hann ótvírætt samþykki heimildarmanns sjálfs. Ekki dugi að heimildarmanninum hafi láðst að láta þess getið að hann óski nafnleyndar og blaðamanni verði ekki gert að lýsa því yfir að slíkrar nafnleyndar hafi verið óskað.

Auk ítarlegrar umfjöllunar um vernd heimildarmanna ítrekar Hæstiréttur fyrri fordæmi sín um hvernig túlka beri tjáningarfrelsið þegar það stangast á við friðhelgi einkalífs. Vísað er til þess hve stutt var til kosninga og því brýnna en ella að skerða ekki upplýsta fréttaumfjöllun meira en nauðsyn krefði. Þá sé réttur til að fjalla opinberlega um málefni kjörinna stjórnmálamanna rýmri en ella og að sama skapi þurfi þeir sem gegna slíkum opinberum trúnaðarstörfum að þola að þeir kunni eftir atvikum að njóta lakari verndar til friðhelgi einkalífs en aðrir, ekki síst þegar umfjöllunarefnið sé af sama toga og í umræddu máli.

adalheidur@frettabladid.is

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE

LEXUS UX – NÚ FRUMSÝNUM VIÐ EITTHVAÐ ALVEG NÝTT

スマートカー

Við kynnum til leiks **nýjan snjalljeppa, Lexus UX**. UX er búinn nýjustu tækni sem skapar ökumanni og farþegum umhverfi sem er í senn opið, frjálst og einstaklega öruggt.
Komdu og kynnstu þessum byltingarkennda bíl í Kauptúni í dag milli 12 og 16.

UX 250h — HYBRID SNJALLJEPPI — HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!

Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

Gæti leitt til 2,7 prósenta samdráttar

Hverfi WOW air af flugmarkaði gæti landsframleiðsla dregist saman um allt að 2,7 prósent, samkvæmt skýrslu sem unnin var að beiðni flugfélagsins. Brotthvarfið myndi leiða til gengisveikingar og aukinnar verðbólgu. Þúsundir manna myndu missa vinnuna.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Brotthvarf WOW air af flugmarkaði gæti leitt til þess að landsframleiðsla drægist saman um á bilinu 0,9 til 2,7 prósent á einu ári, samkvæmt rannsókn sem ráðgjafarfyrirtækið Reykjavík Economics hefur unnið að beiðni flugfélagsins um efnahagsleg áhrif félagsins á íslenskan þjóðarbúskap. Til samanburðar var uppsafnaður samdráttur í landsframleiðslu um 10 prósent í kjölfar falls fjármálakerfisins á árunum 2009 og 2010.

Rannsókn greinenda Reykjavík Economics leiðir jafnframt í ljós að brotthvarf WOW air af markaði myndi þýða að gengi krónunnar veiktist, sem kæmi fram í hækkun innflutningsverðs og aukinni verðbólgu, þúsundir manna misstu vinnuna og afkoma hótela og veitingahúsa og annarra fyrirtækja í ferðaþjónustu og tengdum atvinnugreinum rýrnaði.

Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er enn fremur bent á að brotthvarf flugfélagsins af markaðinum yfir Atlantshafið muni ekki endilega þýða að önnur flugfélög taki upp á því að fljúga yfir hafið með millilendingu á Keflavíkurflugvelli. Allt eins líklegt sé að þau félög muni fljúga beint á milli Evrópu og Ameríku án viðkomu á Íslandi.

„Ef svo færi að ferðamönnum, sem og millilendingafarþegum, fækkaði verulega myndu þeir innviðir sem hafa verið byggðir upp á Keflavíkurflugvelli nýtast verr en ella. Fjárfestingaráform Isavia myndu þá líklega ekki ganga eftir en félagið áformar að fjárfesta fyrir um 20 milljarða króna á ári næstu fjögur árin," segir í skýrslu Reykjavík Economics.

Beint og óbeint framlag WOW air til vergrar landsframleiðslu er töluvert, eins og rakið er í skýrslunni, en þar er bent á að frá stofnun lággjaldaflugfélagsins árið 2011 til ársins 2018 hafi landsframleiðsla vaxið um 31,6 prósent á föstu verðlagi. Hlutur einkennandi atvinnugreina ferðaþjónustunnar, eins og þær eru skilgreindar af Hagstofu Íslands, hafi á sama tímabili vaxið úr 4,7 prósentum í 8,5 prósent.

Sviðsmynd Reykjavik Economcis felur í sér að 10 til 30 prósent af núverandi vinnsluvirði ferðaþjónustunnar tapist ef flugfélagið hverfur af markaði. Útreikningar ráðgjafarfyrirtækisins gefa til kynna að neikvæð áhrif brottfallsins á landsframleiðslu yrðu frá 0,9 prósentum til 2,7 prósenta á einu ári en áhrifanna gæti vitaskuld gætt lengur.

Þá yrðu staðbundin áhrif, að mati hagfræðinganna, að öllum líkindum meiri á Suðurnesjum en umræddar tölur gefa til kynna.

Tekið er fram í skýrslunni að ástæða samdráttarins í landsframleiðslu sé fækkun flugfarþega vegna minna sætaframboðs.

„Afar ólíklegt er að önnur flugfélög geti aukið, svo nokkru nemi, við framboð sitt í sumar með svo skömmum fyrirvara. Í þessu samhengi má nefna að flugfélög víða um heim eru í auknum mæli að leita eftir flugvélum til leigu vegna alþjóðlegrar kyrrsetningar Boeing 737 MAX flugvélategundarinnar," segir í skýrslunni.

Skýrsluhöfundar segja að beint og óbeint framlag WOW air til vergrar landsframleiðslu hafi verið töluvert en frá stofnun félagsins árið 2011 og til ársins 2018 óx landsframleiðsla um 32 prósent á föstu verðlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhrif brotthvarfs WOW air á verga landsframleiðslu

Fimm sviðsmyndir

Hagvaxtarspá					
Hagstofunnar fyrir 2019 í milljörðum króna	2.851	2.851	2.851	2.851	2.851
Tap í vinnsluvirði ferðaþjónustu – gefnar forsendur	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%	30,0%
Hlutdeild ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu	8,9%	8,9%	8,9%	8,9%	8,9%
Samdráttur í vergri landsframleiðslu	0,9%	1,3%	1,8%	2,2%	2,7%

120 milljarða króna gjaldeyristekjur

Miðað við áætlaða markaðshlutdeild WOW air má gera ráð fyrir að gjaldeyristekjur sem tengjast – beint og óbeint – ferðamönnum sem koma hingað til lands með flugfélaginu hafi verið um 120 milljarðar króna á síðasta ári, að því er fram kemur í skýrslu Reykjavík Economics. Til samanburðar voru gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu alls ríflega 500 milljarðar króna á árinu.

Þá er áætlað í skýrslunni að á sama ári hafi tekjur vegna neyslu erlendra ferðamanna, sem flugu með WOW air, á ferðalögum innanlands verið rúmar 89 milljarðar króna.

Útreikningar skýrsluhöfunda gefa jafnframt til kynna að skatttekjur vegna farþega WOW air hafi numið um 12 milljörðum króna á árinu 2017. Er það um 24 prósent af beinum skatttekjum ársins vegna erlendra ferðamanna.

„Allar líkur" á gengisveikingu

Sérfræðingar Reykjavík Economics nefna jafnframt að ef til brottfalls WOW air komi séu „allar líkur" á að gengi krónunnar veikist, enda hafi rekstur flugfélagsins stutt við bæði gengið og viðskiptajöfnuð. Þá sýni reynslan að verðbólga aukist í kjölfar veikingar krónunnar.

Sé miðað við að þriggja prósenta veiking krónunnar skili sér í eins prósentustigs aukningu í verðbólgu, þá eru verðbólguáhrif af tíu prósenta gengisveikingu 3,3 prósentustig, að því er segir í skýrslunni.

Þó er tekið fram að við slíkar aðstæður myndi Seðlabanki Íslands líklega reyna að stemma stigu við gengisfallinu.

Sviðsmyndagreining Reykjavík Economics miðar einnig við að á bilinu 5 til 15 prósent þeirra sem starfa innan einkennandi atvinnugreina ferðaþjónustunnar, en þar eru alla jafna starfandi um 29 þúsund manns, missi vinnuna við brotthvarf WOW air af flugmarkaði. Ef gert sé ráð fyrir tíu prósenta atvinnuleysi innan greinarinnar þýði það að um 2.900 manns missi vinnuna.

„Það er umtalsvert atvinnuleysi á íslenskan mælikvarða og líklega yrðu Suðurnesin einna helst fyrir barðinu á því," segja skýrsluhöfundar.

Í skýrslu Reykjavík Economics segir jafnframt að brotthvarf WOW air geti haft neikvæð áhrif á afkomu hótela og veitingahúsa og annarra ferðaþjónustufyrirtækja, líkt og áður var rakið. Horfa beri sérstaklega til þess þegar áhrif flugfélagsins á fjármálastöðugleika séu metin.

„Framboðsskellur" í flugi væri mikið áfall fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og útlánatöp gætu fylgt í kjölfarið. Þá gæti fækkun farþega til landsins orðið til þess að gistináttaverð lækkaði sem kæmi verulega niður á rekstri og efnahag fyrirtækja í ferðaþjónustu.

ORKUSTOFNUN

VIÐBURÐUR Í JAFNVÆGI
JAFNRÉTTISSTIMPILL KVENNA Í ORKUMÁLUM

Ársfundur Orkustofnunar 2019

Fundurinn verður haldinn 3. apríl
14:00 - 17:00 á Grand Hótel Reykjavík

DAGSKRÁ

13:45 **Mæting**
14:00 **Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
- Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
14:15 **Ávarp orkumálastjóra** - Dr. Guðni A. Jóhannesson
14:30 **ACER's Functions and Responsibilities**
Alberto Pototschnig, forstjóri, ACER
15:00 **Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna á tímamótum**
Lúðvík S. Georgsson, forstöðumaður Jarðhitaskólans
15:15 **Kaffihlé**
15:30 **Samtenging hagkvæmnis, umhverfisáhrifa og fjáröflunar smárra vatnsaflsvirkjana á Íslandi**
Hrafnhildur Jónsdóttir, sérfræðingur í gæðum framleiðslugagna, Marel
15:45 **Raforkueftirlit og raforkuöryggi**
Rán Jónsdóttir, verkefnisstjóri – verkfræði raforkumála, Orkustofnun
16:00 **Smávirkjanir á Íslandi**
Erla B. Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri – skipulag raforkuvinnslu, Orkustofnun
16:15 **Ný áætlun Uppbyggingasjóðs EES 2014 – 2021 á sviði endurnýjanlegrar orku**
Baldur Pétursson, verkefnisstjóri – fjölþjóðleg verkefni og kynningar, Orkustofnun
16:30 **Fundarlok / Léttar veitingar**
Fundarstjóri: Harpa Þ. Pétursdóttir, lögfræðingur alþjóðleg verkefni, Orkustofnun

Skráning á fundinn og útsending fundar á os.is

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík
Sími 569-6000 - www.os.is

Ferðamönnum mun fækka við kaup Icelandair

Gangi kaup Icelandair Group á eignum WOW air eftir er líklegt að flugvélum í flota Icelandair muni aðeins fjölga um tvær. Við það mun ferðamönnum til landsins fækka frá árinu 2018. Þetta segir Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent.

„WOW air rekur ellefu flugvélar en stjórnendur Icelandair munu eflaust þurfa að nýta níu þeirra fyrst um sinn til að koma í stað Boeing 737 MAX flugvéla sem hafa verið kyrrsettar. Mögulega mun Icelandair bæta við sig tveimur ábatasömum flugleiðum sem WOW air flaug á áður en Icelandair ekki. Það er ljóst að umsvif WOW air, í hvaða mynd sem það verður rekið áfram, munu dragast verulega saman ef af kaupunum verður," segir hann.

Um þessar mundir rekur Icelandair 36 flugvélar, að sögn Snorra. Það gæti því stefnt í að samanlagður flugfloti flugfélaganna tveggja, sem hefur staðið undir um 80 prósent-

> **Gangi þessi kaup ekki eftir tel ég að WOW air eigi sér vart viðreisnar von.**

Snorri Jakobsson, hlutabréfagreinandi hjá Capacent

um af öllu flugi til og frá landinu, muni minnka um rúmlega 10 prósent.

Snorri segir að við það muni ferðamönnum til landsins fækka sem hafi áhrif á efnahagslífið. „Ferðamenn gætu orðið færri en tvær milljónir í ár," segir hann. Isavia reiknaði með í janúar að ferðamenn yrðu 2,3 milljónir í ár. Honum þykir líklegt að Icelandair vilji frekar kaupa eignir úr rekstrinum en að kaupa hlutafélagið WOW enda sé félagið skuldum vafið og reksturinn þungur. Icelandair gæti þá tekið yfir leigusamninga á flugvélum og fengið til liðs við sig þjálfað starfsfólk. Enn fremur eigi WOW air flugtíma á flugvöllum sem gætu verið verðmætir.

„Ég held að kveikjan að kaupunum hjá Icelandair sé annars vegar að flugfélagið á í vandræðum eftir að hafa fest kaup á Boeing-flugvélum sem hafa verið kyrrsettar. Hins vegar að um sé að ræða björgunaraðgerðir sem eru tilraun til að bjarga því sem bjargað verður því að ef WOW air verður gjaldþrota mun það hafa verulega neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna á Íslandi og flugrekstur. Gangi þessi kaup ekki eftir tel ég að WOW air eigi sér vart viðreisnar von. Það erfitt að ímynda sér að annar kaupandi sé handan við hornið," segir Snorri. – hvj

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

TAXFREE* AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM DAGANA 21.-24. MARS

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

embla 2019
NORRÆNU MATARVERÐLAUNIN

Þekkir þú einhvern sem skarar fram úr í matvælageiranum?

Embluverðlaunin eru norræn matarverðlaun sem er ætlað að hampa norrænni matarmenningu. Þann 1. júní verða verðlaunin afhent í Hörpu í Reykjavík í tengslum við norrænt kokkaþing.

Á vefsíðunni **emblafoodawards.com** er tekið við tilnefningum í sjö flokka sem eru:

- Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019
- Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir marga 2019
- Matvælafrumkvöðull Norðurlanda 2019
- Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda 2019
- Mataráfangastaður Norðurlanda 2019
- Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir börn og ungmenni 2019
- Matarblaðamaður Norðurlanda 2019

Skráningarfrestur er til og með **31. mars 2019.**

Allir geta tilnefnt í flokkana sjö með einföldum hætti á vefsíðunni
www.emblafoodawards.com

Það eru bændasamtök á Norðurlöndunum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina sem veita verðlaunin.

FARMERS ASSOCIATION OF ICELAND · Ålands producentförbund · MTK · SLC · LRF · BÓNDAFELAG FØROYA · NORGES BONDELAG · Nordic Council of Ministers

Orkupakki innleiddur á íslenskum forsendum

Ríkisstjórnin samþykkti að senda þriðja orkupakkann til Alþingis. Utanríkisráðherra segir áhyggjur af hærra raforkuverði og valdaframsali teknar mjög alvarlega. Búið sé að loka á möguleikann á sæstreng án afskipta íslenskra stjórnvalda.

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu utanríkisráðherra um að senda til Alþingis þingsályktunartillögu um innleiðingu þriðja orkupakkans. Málið hefur valdið miklum deilum upp á síðkastið, hefur verið talað um að það sem orkupakkinn felur í sér heimili valdaframsal til ESB og að reglurnar leiði til hærra raforkuverðs.

„Við innleiðum þetta á íslenskum forsendum og það verður tekið upp á þeim forsendum að Ísland sé ekki tengt við raforkumarkað ESB," segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

„Áhyggjur manna hafa einkum lotið að tveimur hlutum. Að þetta brjóti í bága við stjórnarskrá og að við myndum tengja okkur við raforkumarkaði með sæstreng hvort sem okkur líkaði betur eða verr. Samkvæmt þessum tillögum er komið til móts við hvort tveggja." Allir þeir fræðimenn sem hafi komið að málinu séu sammála um að innleiðingin sé í fullu samræmi við stjórnarskrá. „Þetta á líka við þá fræðimenn sem hafa talið pakkann fara gegn stjórnarskránni. Þá verður raforkusæstrengur ekki lagður nema með samþykki Alþingis og allar ákvarðanir um það eru og verða áfram í höndum okkar Íslendinga."

Guðlaugur Þór hefur ekki áhyggjur af því að koma tillögunni í gegnum þingið, búið sé að leggja í þetta mikla undirbúningsvinnu. „Þeir sem kynna sér þetta átta sig á hvað þarna er á ferðinni. Að því gefnu að þing og þjóð kynni sér þetta þá geta menn ekki komist að annarri niðurstöðu en að þarna sé verið að loka fyrir þær áhyggjur sem fólk hefur haft af þessum þáttum."

> **Við innleiðum þetta á íslenskum forsendum og verður tekin upp á þeim forsendum að Ísland sé ekki tengt við raforkumarkað ESB.**
>
>
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Hann segir áhyggjurnar sem margir hafa viðrað skiljanlegar og því hafi allt verið gert til að koma til móts við þau atriði. „Það er fullkomlega eðlilegt að fólk hafi áhyggjur af að við séum að fara einhverja leið sem myndi hækka orkuverð á Íslandi ef við værum að tengja okkur við sæstreng. Við tókum áhyggjurnar mjög alvarlega, þess vegna frestuðum við málinu, til að vinna það betur."

arib@frettabladid.is

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SJÁÐU FLEIRI FLOTTAR FERMINGARGJAFIR
elko.is/fermingargjafir

POLAROID MINT LJÓSMYNDAPRENTARI
- Prentaðu myndirnar úr símanum á einfaldan hátt
- Bluetooth og NFC, það verður ekki einfaldara
- ZINK ljósmyndapappír, stærð 5,2x7,5cm

19.995

RAZER LEIKJAVÖRUR
- Vandaðar leikjavörur frá Razer
- Fjölbreytt úrval í boði

VERÐ FRÁ: 8.995

BOSE QUIETCOMFORT 35 II
- Bluetooth, NFC, 3,5mm jack
- Allt að 20 klst. rafhlöðuending
- Active Noise-Canceling

46.995

SAMSUNG GALAXY WATCH ACTIVE
- Góður skjár með Always On Display
- Vatnshelt að 50metrum, innbyggt GPS
- Rafhlaða sem endist og endist
- Virkar með Strava, Spotify, o.fl. forritum

39.995

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

Viltu hærri ávöxtun?

4,3% eru meðalvextir undirliggjandi eigna IS Lausafjársafns í dag*. Lausafjársafnið er sjóður sem fær góð kjör á innlánamarkaði í krafti stærðar. Það er einfalt að eiga viðskipti í sjóðnum í netbanka Íslandsbanka eða með því að hringja í okkur í síma 440 4900.

IS Lausafjársafn

- Lágmarksfjárhæð 10.000 kr.
- Bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki
- Alltaf laust með eins dags fyrirvara
- Enginn kostnaður við kaup eða sölu
- Verslar þegar þér hentar í netbankanum

Árleg nafnávöxtun m.v. 1. mars 2019**

1 ár	4,14%
2 ár	4,32%
3 ár	4,76%
4 ár	4,91%
Frá stofnun	4,95%

**Heimild: Íslandssjóðir hf. og keldan.is

Rekstrarfélag sjóðsins er Íslandssjóðir hf., elsta eignastýringarfyrirtæki landsins. IS Lausafjársafn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011. Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir heldur en verðbréfasjóðir, sem leitt geta til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði.

Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Auglýsingin veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu ofangreinds sjóðs, sérstaklega um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk. Útboðslýsing og lykilupplýsingar eru aðgengilegar á islandsbanki.is og islandssjodir.is.

*Miðað við 22. mars 2019. Vextir hverrar fjárfestingar eru vigtaðir miðað við hlutfall af sjóðnum. Meðalvextir sjóðsins eru breytilegir og lýsa stöðu á safni sjóðsins á viðmiðunardegi.

440 4900

@islandsbanki

islandsbanki.is

Margar tilkynningar um verkfallsbrot

Töluverður fjöldi mögulegra verkfallsbrota var tilkynntur til Eflingar í gær. Formaður félagsins telur að efla þurfi verkfallsvörslu komi til boðaðra verkfallsaðgerða í næstu viku. Deiluaðilar munu hittast á fundi hjá ríkissáttasemjara á mánudagsmorgun.

Verkfallsverðir Eflingar voru að störfum í gær og fylgdust með rútufyrirtækjum og hótelum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

KJARAMÁL „Þetta er búinn að vera mjög áhugaverður dagur. Við erum bæði búin að vera að sinna eftirliti hjá rútufyrirtækjum og á hótelum. Því miður virðist svo vera að það sé mjög einbeittur brotavilji á sumum stöðum," segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Verkfall félagsmanna Eflingar og VR á hótelum og hjá hópbifreiðafyrirtækjum stóð í allan gærdag með tilheyrandi þjónustuskerðingu. Takist ekki samningar í tæka tíð skellur aftur á verkfall næstkomandi fimmtudag og föstudag. Ríkissáttasemjari hefur boðað deiluaðila á fund á mánudagsmorgun sem gert er ráð fyrir að standi til klukkan 16.

Efling hefur til skoðunar hvort ástæða sé til að kæra möguleg verkfallsbrot til Félagsdóms. Snúa þau fyrst og fremst að því að starfsfólk úr öðrum félögum hafi gengið í störf félagsmanna Eflingar og VR.

„Mér hefur verið bent á tilvik þar sem ég fæ ekki betur séð en að eitt af stóru hótelunum hafi sóst eftir því að fá fólk úr öðrum félögum til að ganga í störf Eflingarfólks. Við munum ekki sætta okkur við það ef rétt reynist."

Sólveig Anna segist hafa fengið þá tilfinningu á fleiri stöðum að slíkt væri í gangi. Svör um það hverjir væru að störfum hefðu stundum verið mjög loðin. „Ég held að þetta hafi verið gert mjög markvisst. Ef það verður af verkföllunum í næstu viku held ég að við þurfum að vera með stærri og fjölmennari verkfallsvörslu."

Ingibjörg Ólafsdóttir, hótelstjóri á Hótel Sögu, sagði síðdegis í gær að dagurinn hefði verið langur og strembinn eins og við var að búast. Hlutirnir hafi þó gengið áfallalaust fyrir sig. „Við vorum búin að undirbúa okkur andlega undir þennan dag og vissum að þetta yrði sólarhringstörn fyrir þá sem máttu vinna. En nú vonum við að þetta fari að leysast."

Fimm starfsmenn hafa sinnt þrifum á herbergjum og þrír skiptu á milli sín sólarhringnum í gestamóttökunni. Ingibjörg segir samstarfið við verkfallsverði hafa verið gott.

„Það var ekki alveg sami skilningur á túlkun en það var allt í fínu lagi. Þau bara skrifuðu það niður og svo sjáum við hvað kemur út úr því. Við erum með þriggja manna stjórn og hún er að vinna. Samkvæmt þeirra skilgreiningu má bara stjórnarformaðurinn vinna."

sighvatur@frettabladid.is

VEFVEISLAHEKLU
NÝ VEFVERSLUN HEKLU OPNAR
HEKLA.IS/VEFVERSLUN

Audi A3 e-tron / Rafmagn og bensín / Sjálfskiptur
Fullt verð: 4.860.000 kr.
Veftilboð: 3.990.000 Kr.
Afsláttur 870.000 Kr.

Volkswagen Polo / Trendline
Fullt verð: 2.490.000 kr.
Veftilboð: 2.340.000 Kr.
Afsláttur 150.000 Kr.

Mitsubishi Outlander PHEV / Invite / 4x4
Fullt verð: 4.960.000 kr.
Veftilboð: 4.490.000 Kr.
Afsláttur 470.000 Kr.
Aukahlutir að verðmæti 350.000 kr. fylgja með öllum Mitsubishi út apríl!

Mitsubishi Eclipse Cross / Instyle / 4x4
Fullt verð: 5.490.000 kr.
Veftilboð: 5.190.000 Kr.
Afsláttur 300.000 Kr.
Aukahlutir að verðmæti 350.000 kr. fylgja með öllum Mitsubishi út apríl!

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði en þó er um takmarkað magn bíla að ræða. Fyrstir koma, fyrstir fá! Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði.
Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Guðmundur Magnús
bílstjóri

Við þurfum að vinna allt of mikið til að geta haft það þokkalegt. Ég verð ekki var við annað en að hér sé algjör einhugur og allir tilbúnir í aðgerðir.

Frá 2012 hefur vinnuálagið aukist gífurlega mikið. Launin hafa auðvitað hækkað á tímabilinu en alls ekki í samræmi við þessa miklu aukningu á vinnutímanum.

Ég held að það sé alveg á hreinu að allir séu tilbúnir í frekari aðgerðir ef þarf.

Hlynur Jón Michelsen
bílstjóri

Ég styð þessar aðgerðir alveg heilshugar. Við getum alveg fengið vel útborgað ef við vinnum bara nógu mikið. Tímakaupið í dagvinnu er ekki upp í nös á ketti og við erum að vinna 10-15 tíma á dag.

Það er ekkert annað í boði en að berjast áfram og ég finn fyrir samstöðu hjá flestum félagsmönnum.

Karol Komosinski
bílstjóri

Ég styð þetta verkfall vegna þess að frá því ég kom til Íslands í júní á síðasta ári hefur þetta breyst. Núna líður mér eins og það sé verið að kreista eins mikið úr okkur og mögulegt er. Við eigum að vinna meira og hraðar.

Ef við biðjum um launahækkun er okkur sagt að það séu bara borguð lágmarkslaun. Allir séu að borga lágmarkslaun og ef okkur líki það ekki getum við bara hætt. Það sé auðvelt að finna einhvern í staðinn fyrir okkur.

Ef ég á að geta borgað leigu og sparað peninga til að fara kannski í frí þarf ég að vinna mjög mikið og mikla yfirvinnu.

Guðmundur Baldursson
bílstjóri og verkfallsvörður

Það var allstór hópur sem byrjaði klukkan sjö í morgun í verkfallsvörslu. Við fórum á alla helstu staðina þar sem farið er í dagsferðir og eins út á flugvöll.

Að okkar mati var verið að fremja verkfallsbrot í flugrútunni. Þarna voru verktakar sem sögðu að það kæmi okkur ekki við hvað þeir hétu og í hvaða félagi þeir væru.

Þetta var allt skráð og verður sent til Eflingar. Þar verður svo skoðað hvort þetta fer í kæruferli til Félagsdóms sem myndi dæma í þessu mjög fljótlega. Ef þetta verður dæmt ólöglegt þýðir það háar fjársektir fyrir þessi fyrirtæki.

Við vildum ekki fara í einhver átök eða slagsmál eða læti en við höfum aðeins hvesst okkur en ekkert meira en það. Efling hefur ekki verið í verkfalli í einhverja tvo áratugi þannig að við erum kannski bara að dusta rykið af þessu og margir okkar að gera þetta í fyrsta skipti.

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 15 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 2 leyfi á Akureyri.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 29.03.2019.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Kíktu inn á nýja vefverslun HEKLU!

Í vefverslun HEKLU getur þú skoðað sérstök veftilboð á nýjum og notuðum HEKLU bílum.
Þú getur keypt aukahluti með afslætti, fengið þá senda heim og tekið þátt í skemmtilegum páskaeggjaleik.

Volkswagen T-Roc / Sjálfskiptur / Framhjóladr.

Fullt verð: 4.290.000 kr. **Veftilboð: 3.990.000 Kr.**

Tilboð á aukahlutum

20% afsláttur af völdum vörum, m.a þverbogum, skíða- og hjólafestingum.

Skoda Karoq / Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur

Fullt verð: 4.850.000 kr. **Veftilboð: 4.550.000 Kr.**

Skoda Superb Combi / Ambition / 2.0 TDI / Sjálfsk.

Fullt verð: 5.400.000 kr. **Veftilboð: 4.980.000 Kr.**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

HEKLA

Vísindamenn varpa ljósi á tilurð Ryugu

Rannsóknir á skraufaþurru og grýttu yfirborði smástirnisins Ryugu hafa veitt vísindamönnum einstakt tækifæri til að lýsa aðstæðum í árdaga sólkerfisins. Leiðangurinn til Ryugu nær hámarki árið 2020 þegar sýni úr smástirninu skilar sér til Jarðar.

GEIMVÍSINDI Rúmlega fjögur ár eru síðan geimfarinu Hayabusa2 var skotið á loft frá geimferðahöfninni í Tangeshima í suðvesturhlutahluta Japans. Förinni var heitið að smástirninu Ryugu en markmið verkefnisins var að kanna eiginleika smástirnisins. Hayabusa2 komst í návígi við Ryugu í júní á síðasta ári og í desember 2019 mun það halda aftur heim til Jarðar með sýnishorn af smástirninu um borð. Í millitíðinni hafa japanskir vísindamenn hafið ítarlegar vísindarannsóknir á smástirninu og fyrstu niðurstöður þeirra liggja loks fyrir.

Vísindamennirnir birtu niðurstöður sínar í þremur vísindagreinum í vísindaritinu Science fyrr í vikunni. Greinarnar veita hver um sig einstaka innsýn í samsetningu, tilurð og framtíð smástirnisins. Á meðal þess sem vísindamennirnir vita nú er að Ryugu er ekki heilsteypt berg, þvert á móti má lýsa smástirninu sem kílómetrabreiðri hrúgu af skraufaþurrum grjótmulningi. Raunar er það svo að 50 prósent af rúmmáli Ryugu eru tómarúm.

Frá því í júní á síðasta ári hefur Hayabusa2 verið á sporbraut um smástirnið og safnað gríðarlegu magni upplýsinga sem það sendir til Jarðar. Geimfarið hefur jafnframt gert nokkrar athuganir á yfirborði þess en til stendur að lenda stuttlega á smástirninu og safna sýnum af jarðvegsþekju þess.

„Fljótlega eftir að Hayabusa2 kom að Ryugu hófum við vísindavinnunna og gerðum um leið nokkrar stórkostlegar uppgötvanir, “ segir Seiji Sugita, prófessor í reikistjörnufræði við háskólann í Tókýó. „Fyrst og fremst ber að nefna það sem snertir vatnsmagn Ryugu, eða algjöran skort á því öllu heldur. Ryugu af afar þurr staður. Smástirnið er jafnframt nokkuð ungt, kannski 100 milljón ára, og það gefur til kynna að það eigi því rætur að rekja til aðstæðna sem voru gjörsneyddar vatni.“

Jafnframt hefur litrófsriti um borð í Hayabusa2 rýnt í efnasamsetningu Ryugu. Þær niðurstöður gefa sterklega til kynna að smástirnið sé fyrst og fremst samsett úr kolefni.

Með þessar upplýsingar um samsetningu Ryugu hefur vísindamönnunum tekist að rekja uppruna smástirnisins. Lítil smástirni, eins og Ryugu, eru talin hafa myndast þegar stærri smástirni eða reikistjörnur sundruðust í meiriháttar hamförum. Agnirnar sem myndast í hamförum sem þessum renna síðan saman yfir langan tíma.

Japönsku vísindamennirnir undirstrika mikilvægi þess að vatn sé ekki að finna á Ryugu. Þetta er mikilvægt vegna þess að allt vatn á Jörðinni kom frá smástirnum, halastjörnum og geimþokunni og rykskýinu sem síðar urðu að Sólinni. Þannig kallar tilvist þurra smástirna á endurskoðun á efnasamsetningu sólkerfisins þegar það var að myndast.

„Þetta hefur víðtækar skírskotanir þegar kemur að leitinni að lífi handan Jarðarinnar,“ segir Sugita. „Það eru til óteljandi sólkerfi og leitin að lífi þarfnast skýrari vegvísa. Okkar niðurstöður munu hjálpa öðrum vísindamönnum að finna sólkerfi sem mögulega gætu verið lífvænleg.“

kjartanh@frettabladid.is

Svona myndaðist Ryugu



Ryugu myndast eftir að agnir, sem urðu til við árekstur tveggja fyrirbærir fyrir milljónum ára, runnu saman og sundraðist á ný. Þessi óvanalega forsaga Ryugu er talin vera ástæðan fyrir því að hversu þurrt smástirnið er. HEIMILD/JAXA



Smástirnið Ryugu er tæplega 900 metra breitt og er á sporbraut um Sólina í um 290 milljóna km fjarlægð frá Jörðu. Otohime er hæsta „fjall“ Ryugu.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

MAGNAÐUR
MARS

FRÁBÆR TILBOÐ

RINGSTED IMPERIAL MOSKUSDÚNSÆNG*



ALLT AÐ
33%
AFSLÁTTUR

RINGSTED DUN
*GILDIR ÚT 26. MARS

ÖLL RÚM, DÝNUR OG YFIRDÝNUR*

20-40%

*GILDIR ÚT 24. MARS

ALLAR BÓKAHILLUR OG NÁTTBORÐ*

20-30%

*GILDIR ÚT 26. MARS

ÖLL GÆLUDÝRABÆLI*

20%
*GILDIR ÚT 26. MARS

ALLT KING COLE GARN*

20%
*GILDIR ÚT 26. MARS

ÖLL KATTARTRÉ*

25%
*GILDIR ÚT 26. MARS

FRÁBÆRT FERMINGARTILBOÐ

RÚM + SÆNG + KODDI + LAK + SÆNGURVERASETT

FRÁBÆR FERMINGAR-GJÖF

Sparið
21.985

ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: ~~81.935~~

59.950

HELGARSPRENGJA Í HÖLLINNI

FÖSTUDAGUR TIL MÁNUDAGS

Stækkanlegt í 300 cm
með 2 stækkunum
sem fylgja.

PASSO
Borðstofuborð frá
Danform. Svört grind og fætur.
Grábrún, sterk keramik plata.
Stærð: 100 x 200/300 x 75 cm

149.993 kr. ~~199.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

furninova

3s: 199 x 93 x 78 cm
143.992 kr. ~~179.990 kr.~~

2,5s: 179 x 93 x 78 cm
127.992 kr. ~~159.990 kr.~~

SUN
3ja og 2,5 sæta sófar og stólar frá Furninova. Ljósgrátt, ljós bleikt eða ljós drapplitt sléttflauel.

Stóll
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

FRIDAY
Hornsófi, vinstri. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 285 x 232 x 91 cm.

187.493 kr. ~~249.990 kr.~~

AURORA
Borðstofustóll, ljósbrúnt leður og stálfætur.

35% AFSLÁTTUR

18.194 kr. ~~27.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

Sófi stærð: 201 x 84 x 105 cm
97.993 kr. ~~139.990 kr.~~

KAMMA
Þriggja sæta sófi og stóll.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

Stóll
62.993 kr. ~~89.990 kr.~~

LARAMIE
Hægindastóll.
Endingargott brúnt microfiber áklæði.

50% AFSLÁTTUR

Stærð:
114 x 95 x 95 cm
84.995 kr. ~~169.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

LEVI
La-z-boy hægindastóll. Grátt eða svart áklæði. St.: 84 x 92 x 106 cm.

95.992 kr. ~~119.900 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

RIALTO
Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi.
Klæddur svörtu leðri. Stærð: 205 x 90 x 105 cm

269.993 kr. ~~359.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

RIALTO
La-z-boy hægindastóll.
Svart, hvítt eða vínrautt leður.
Stærð: 80 x 85 x 105 cm.

134.993 kr. ~~179.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir frá föstudegi 22. til mánudags 25. mars 2019

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

SELJUM BORÐSTOFUBORÐ, -STÓLA OG SKENKA ÚR SKOVBY-SÝNINGARRÝMI OKKAR Í REYKJAVÍK NÚ UM HELGINA MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI. EINNIG SÝNINGAREINTÖK AF SÓFUM.

30-50%

RÝMINGAR-AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

skovby®

NORDAL

ALLAR VÖRUR FRÁ NORDAL

20%

RÝMINGAR-AFSLÁTTUR

HÚSGAGNA HÖLLIN

Neyðarlending

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Endataflið virðist loksins hafið hjá WOW air en slitnað hefur upp úr viðræðum við bandaríska fjárfestingarsjóðinn Indigo Partners. Horft í baksýnisspegilinn má segja að flest hafi bent til þess að sú yrði raunin í nokkurn tíma.

Á fimmtudagskvöld var tilkynnt að WOW air og Icelandair hefðu hafið viðræður aftur. Fyrirséð var að sú tilkynning myndi valda miklum sviptingum á hlutabréfaverði Icelandair. Bréf félagsins í Kauphöllinni hækkuðu skarpt í gær, en bréf annarra félaga lækkuðu, enda fregnir af rekstrarvandræðum WOW air ofan í verkfallsástand áhyggjuefni fyrir markaðinn í heild.

Við erum farin að þekkja þessa hringrás, enda hefur WOW róið lífróður um margra mánaða skeið, og markaðurinn sveiflast með. Það sem er hins vegar nýtt í þetta skiptið, er að í tilkynningu Icelandair til Kauphallarinnar frá því á fimmtudag fylgdu skilaboð frá stjórnvöldum. Þar kom fram að stjórnvöld fylgist grannt með framvindunni og bindi vonir við að viðræður félaganna muni skila farsælli niðurstöðu. Varla þýðir þetta annað en að endaleikurinn sé raunverulega hafinn.

Í vikunni var sagt frá því hér í blaðinu að WOW Air hefði farið fram á að ríkið myndi ábyrgjast tilteknar skuldir félagsins. Fjármálaráðherra hefur ítrekað sagt að slíkt komi ekki til greina. Ríkið ábyrgist ekki skuldir einkaaðila.

Félögin tvö gefa sér ekki langan tíma til verksins en stefnt er á að viðræðunum verði lokið á mánudaginn.

Úrslitin ráðast því líklega um helgina, klukkan tifar. En hverjir eru kostirnir ef litið er blákalt á málið? Væntanlega eru engar líkur á því að Icelandair taki yfir kennitölu og rekstur WOW í núverandi mynd án aðkomu ríkisins, til dæmis í formi fyrrgreindrar ábyrgðar.

Áhættan væri einfaldlega alltof mikil og tíminn til að ganga úr skugga um helstu áhættuþætti of skammur.

Án aðkomu ríkisins er því væntanlega eina færa leiðin til skamms tíma að Icelandair kaupi lífvænlegar eignir úr búi WOW, sem síðan verði sett í skiptameðferð. Þar er væntanlega með nokkurri einföldun um að ræða flugvélasamninga félagsins og vörumerkið. Annað verði látið lönd og leið. Sú leið kann þó að reynast torfær sömuleiðis enda samningsstaða leigusala Airbus-vélanna sterkari en áður vegna vandræða keppinautarins Boeing.

Þótt saga WOW sé sennilega að fá sorglegan endi, er ekki þar með sagt að stjórnendur og þá sérstaklega stofnandinn sjálfur eigi að læðast með veggjum. Skúli Mogensen hefur lagt allt undir í ævintýrið og átt stóran þátt í íslenska ferðamannavorinu. Ávinningurinn af því er varanlegur þótt mögulega muni hægjast eilítið á um stund. Þeir sem tefla djarft, geta uppskorið ríkulega en líka lent illa í því. Samfélagið þarf á slíku fólki að halda.

Við munum fylgjast með um helgina með öndina í hálsinum. Hið jákvæða er að nú loks virðist von til þess að botn fáist í málið, og því gæti óvissuþáttunum í íslensku efnahagslífi fækkað um einn.

Þeir sem tefla djarft, geta uppskorið ríkulega en líka lent illa í því. Samfélagið þarf á slíku fólki að halda.

Sjóður Odds Ólafssonar

Til úthlutunar eru styrkir til:

(a) Rannsókna á fötlun og fræðslu um hana, og
(b) Rannsóknarverkefna á sviði öndunarfærasjúkdóma og fræðslu um þá. Styrkfjárhæð nemur 500 þúsund krónum á hvert verkefni sem valið verður.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2019.

Umsóknir sendist á netfangið oddssjodur@sibs.is.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Böl Íslendinga

Saga tilheyrir ekki aðeins fortíðinni. Saga verður til í samtímanum er við sviptum hulunni af gleymdum atburðum svo opinberast áður óþekktur sannleikur. Og um leið og sagan varpar ljósi á liðna atburði setur hún samtímann í samhengi.

Blaðamaður dagblaðsins The Times fletti ofan af einum síðasta skandal Breska heimsveldisins á dögunum þegar hann rakst á gögn sem merkt voru „trúnaðarmál“ í Þjóðskjalasafni Breta.

Arthur Hope var landstjóri á yfirráðasvæði Breta á Indlandi laust fyrir sjálfstæði Indlands árið 1947. Arthur hafði getið sér gott orð sem hermaður í fyrri heimsstyrjöldinni og síðar þingmaður. En Arthur var ekki allur þar sem hann var séður. Arthur var gefinn fyrir veðreiðar. Að veðja á réttan hest fór honum hins vegar illa úr hendi.

Árið 1944 varð ráðamönnum í Lundúnum ljóst að skuldir Arthurs voru ógn við orðstír kóngsins og gætu grafið undan valdi embættismanna á Breska Indlandi. Arthur hafði misnotað aðstöðu sína og þvingað innfædda til að lána sér fé. Auk þess lék grunur á að Arthur hefði tryggt mönnum riddaratign í skiptum fyrir lán. En ekki nóg með það. Arthuri hafði verið treyst fyrir fjármunum sem koma átti til Rauða krossins á Indlandi. Hvern einasta eyri, nánar tiltekið 40.000 pund (en á þessum tíma var meðalhúsnæðisverð í Bretlandi 610 pund), setti Arthur upp í eigin skuldir.

„Bölvaður þrjótur,“ skrifaði dómsmálaráðherra Breta í bréfi sem tilheyrir leynigögnunum í þjóðskjalasafninu. Ráðamenn ræddu hvernig taka ætti á málinu. Útilokað var að sækja Arthur til saka; slíkt beindi athygli heimsbyggðarinnar að „misferli fulltrúa kóngsins“. Til tals kom að láta föður Arthurs endurgreiða féð sem Arthur stal en einhverjum þótti „ósanngjarnt að láta syndir sonarins bitna á föðurnum“.

Niðurstaða náðist. Ráðherrar, Buckinghamhöll, MI6; allir voru á einu máli. Forsætisráðherrann Clement Attlee heimilaði að hylmt yrði yfir málið og breskt skattfé notað til að endurgreiða Rauða krossinum á Indlandi.

Mat á hagsmunum

Færri komust að en vildu á málþingi Lagastofnunar Háskóla Íslands um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu sem féll í síðustu viku og kvað á um að ólöglega hefði verið staðið að skipan dómara við Landsrétt. Einn framsögumanna, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands, sagði stjórnvöld verða að spyrja sig að því hvort sú ákvörðun sem tekin verður í tengslum við Landsréttarmálið verði til þess fallin að styrkja sjálfstæði réttarins og auka trú fólks á dómstólum landsins.

Í kjölfar dóms Mannréttindadómstólsins fullyrtu stjórnvöld að honum yrði áfrýjað. Í ræðu á Alþingi í vikunni dró Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, nokkuð í land og sagði að áður en endanleg ákvörðun yrði tekin þyrfti að liggja fyrir „ítarlegt mat á þeim hagsmunum“ sem eru undir.

Ósjálfráð viðbrögð

Það voru nánast ósjálfráð viðbrögð breskra stjórnvalda að breiða yfir misgjörðir manns úr þeirra eigin röðum; að sólunda skattfé almennings til að tryggja orðstír kóngs og heimsveldis; að varðveita eigið tilkall til valda. Þessi sömu ósjálfráðu viðbrögð sjást nú hjá þeim sem berjast hatrammlega í ræðu og riti gegn dómi Mannréttindadómstólsins.

Fáum dylst hvar hagsmunir almennings liggja í Landsómsmálinu. Til að „styrkja sjálfstæði réttarins og auka trú fólks á dómstólum landsins“ þarf einfaldlega að hlíta dómnum og stöðva í eitt skipti fyrir öll pólitísk afskipti stjórnmálamanna af skipunum dómara, böl sem Íslendingar hafa þurft að búa við allt of lengi.

Um hagsmuni hverra talar forsætisráðherra? Viðbrögð stjórnvalda við dómi Mannréttindadómstólsins munu marka trúverðugleika íslenskra dómstóla um ókomna tíð. Munu þau standast prófið – eða verða það ósjálfráð viðbrögð ráðamanna að breiða yfir misgjörðir manns úr þeirra eigin röðum, að sólunda skattfé almennings til að tryggja orðstír Sjálfstæðisflokksins og að varðveita eigið tilkall til valda?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Snjallari og glæsilegri Hyundai Tucson.

ENNEMM / SÍA / NM92290

Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni.
Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 4.990.000 kr.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina viðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Leystu verkefnið fagmannlega

Karlalandsliðið vann fyrsta leik sinn í undankeppni EM 2-0 gegn Andorra ytra í gær. Hamrén tefldi fram sterku liði sem tókst á við verkefnið af mikilli fagmennsku og vann sannfærandi sigur.

Selfyssingurinn Viðar Örn var fljótur að láta til sín taka eftir að hafa komið inn á í Andorra. MYND/HAFLIÐI BREIÐFJÖRÐ

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu vann fyrsta leik sinn í undankeppni EM 2-0 gegn Andorra ytra í gær. Með því lauk 432 daga bið A-landsliðsins eftir sigri í sextánda leiknum síðan Ísland vann Indónesíu í æfingarleik. Liðið slapp með því við að bæta 39 ára gamalt met þegar karlalandsliðið lék sautján leiki í röð án sigurs.

Þetta var sjötta viðureign Íslands og Andorra og hefur Ísland unnið alla leikina. Um leið vann íslenska liðið fyrsta sigur sinn undir stjórn hins sænska Eriks Hamrén og vann fyrsta leikinn í undankeppni stórmóts fjórða skiptið í röð.

Mikið hafði verið ritað og rætt um aðstæðurnar í Andorra fyrir leik. Leikurinn fór fram á gervigrasi og lýsti Hamrén á blaðamannafundi yfir áhyggjum af því að leikir á þessu stigi færu fram á gervigrasi. Fyrir vikið var talið óvíst hvort leikmenn Íslands sem hafa verið að glíma við meiðsli myndu byrja í gær en Hamrén tefldi fram sterku byrjunarliði. Arnór Sigurðsson var kominn inn í byrjunarliðið en annars var liðið líkt og það hefur verið undanfarin ár.

Freyr Alexandersson, aðstoðarþjálfari íslenska landsliðsins, lýsti því yfir að Andorra myndi reyna að hægja á leiknum, pirra íslenska liðið og komast inn í hausinn á þeim frá fyrstu mínútu og mátti sjá það strax í upphafi. Allar aðgerðir Andorra tóku langan tíma og voru þeir sífellt að suða í dómaranum allan fyrri hálfleikinn.

Birkir Már Sævarsson lék í gær sinn 89. landsleik. Með því komst hann upp að hlið Hermanns Hreiðarssonar í annað sæti yfir flesta landsleiki. Aðeins Rúnar Kristinsson (104) hefur leikið fleiri leiki fyrir karlalandsliðið.

Ísland skapaði sér fín færi strax í byrjun og fékk Alfreð Finnbogason frábært færi í upphafi leiks en skaut yfir af stuttu færi. Ísland hélt áfram að sækja og komst yfir á 22. mínútu þegar Birkir Bjarnason skallaði í netið af stuttu færi eftir hornspyrnu þar sem Ragnar Sigurðsson fleytti boltanum á Birki.

Við það var Ísland komið með markið sem þurfti til að róa taugarnar. Íslenska liðið stýrði leiknum áfram og komst Gylfi Þór Sigurðsson nálægt því að bæta við marki um miðbik seinni hálfleiksins en Josep Gomes, markvörður Andorra, varði frá Gylfa.

Var staðan því 1-0 fyrir Ísland þegar liðin gengu til búningsklefanna í hálfleik. Ljóst var að Ísland var með mun betra lið og með forskotið en vantaði annað mark til að drepa baráttuandann hjá leikmönnum Andorra. Á meðan forskotið er aðeins eitt mark er möguleiki á jöfnunarmarki alltaf til staðar.

Ísland hélt áfram að stýra leiknum í seinni hálfleik og virtist Andorra hafa lítinn áhuga á að ná jöfnunarmarki í upphafi síðari hálfleiks.

Aron Einar og Alfreð sem hafa verið að glíma við meiðsli komu af velli um miðbik seinni hálfleiks enda Ísland að stýra leiknum frá A til Ö þó að hann hafi ekki verið mikið fyrir augað.

Viðar Örn Kjartansson, sem kom seint til móts við landsliðshópinn eftir að Björn Bergmann Sigurðarson þurfti að draga sig út vegna meiðsla, kom inn fyrir Alfreð og var fljótur að stimpla sig inn. Þegar Birkir Már kom með fyrirgjöf inn á nærstöng var Viðar Örn mættur og skoraði með bylmingsskoti á nærstöng. Óverjandi fyrir Gomes í marki Andorra og Viðar fljótur að minna á sig með þriðja marki sínu fyrir A-landsliðið í tuttugasta landsleiknum sem gerði út um leikinn.

Leikurinn fer ekki í sögubækurnar fyrir skemmtanagildi en íslenska liðið leysti verkefnið af mikilli fagmennsku. Þeir létu leikmenn Andorra ekki komast upp með að leysa leikinn upp og mark Birkis í upphafi reyndist gullsígildi.

Nú tekur við annað verkefni á hinum endanum þegar Ísland mætir ríkjandi heimsmeisturum Frakklands. Það var skylda að taka stigin þrjú í Andorra en nú skiptir liðið um ham og þarf að verjast og berjast fyrir stigum eins og lífi sínu á mánudaginn gegn einu besta liði heims.

kristinnpall@frettabladid.is

Aðalfundur Fylkis

FYLKIR

Miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 19:30 er boðað til aðalfundar Íþróttafélagsins Fylkis í samkomusal Fylkishallar.

Dagskrá:
Hefðbundin aðalfundastörf samkvæmt lögum félagsins
Önnur mál.

Aðalstjórn Fylkis

Undankeppni EM

Andorra	0 - 2	Ísland

Frammistaða Íslands (4-4-2)

Hannes Þór Hallórsson	6
Birkir Már Sævarsson	8
Kári Árnason	6
Ragnar Sigurðsson	7
Ari Freyr Skúlason	7
Jóhann Berg Guðmundsson	6
(83. Arnór Ingvi Traustason	-)
Aron Einar Gunnarsson	6
(63. Rúnar Már Sigurjónsson	6)
***Birkir Bjarnason**	8
Arnór Sigurðsson	6
Gylfi Þór Sigurðsson	7
Alfreð Finnbogason	6
(70. Viðar Örn Kjartansson	7)

Maður leiksins

Birkir Bjarnason

Birkir var duglegur inni á miðjunni og sinnti hlutverki sínu vel. Ógnaði með hlaupum inn á vítateiginn og braut ísinn fyrir Ísland með snyrtilegu skallamarki eftir að hafa hótað því stuttu áður.

Fór í annað hlutverk þegar Aron Einar fór af velli um miðbik síðari hálfleiks og leysti það af vel. Skilaði hlutverki sínu sem miðjumaður með stakri prýði allan leikinn.

Nýjast

Domino's-deild karla
Átta liða úrslit

Tindastóll - Þór Þ. 112-105

Stigahæstir: Philip Alawoya 27, Pétur Rúnar Birgisson 24/10 stoðsendingar, Danero Thomas 19/12 fráköst, Dino Butorac 18, Brynjar Þór Björnsson 11 - Nikolas Tomsick 39, Halldór Garðar Hermannsson 18, Kinu Rochford 16, Jaka Brodnik 15, Ragnar Örn Bragason 11.

Tindastóll leiðir einvígi liðanna 1-0 en vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.

Keflavík - KR 76-77

Stigahæstir: Mindaugas Kacinas 25/11 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Michael Craion 17/16 fráköst, Gunnar Ólafsson 7, Ágúst Orrason 3 - Julian Boyd 33/11 fráköst, Kristófer Acox 18, Mike DiNunno 11, Finnur Atli Magnússon 9, Jón Arnór Stefánsson 6

KR leiðir einvígi liðanna 1-0 en vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.

Undankeppni EM 2020

A-riðill

England - Tékkland 5-0
1-0 Raheem Sterling (24.), 2-0 Harry Kane, víti (45+2), 3-0 Sterling (62.), 4-0 Sterling (68.), 5-0 Tomas Kalas, sjálfsm. (84.).

Búlgaría - Svartfjallal. 1-1
0-1 Stefan Mugosa (50.), 1-1 Todor Nedelev, víti (80.).

Staðan: England 3, Búlgaría 1, Svartfjallaland 1, Kósóvó 0, Tékkland 0.

B-riðill

Portúgal - Úkraína 0-0

Lúxemborg - Litháen 2-1
0-1 Fedor Cernych (14.), 1-1 Leandro Barreiro (45.), 2-1 Gerson Rodrigues (55.)

Staðan: Lúxemborg 3, Portúgal 1, Úkraína 1, Serbía 0, Litháen 0.

H-riðill

Andorra - Ísland 0-2
0-1 Birkir Bjarnason (22.), 0-2 Viðar Örn Kjartansson (80.)

Albanía - Tyrkland 0-2
0-1 Burak Yilmaz (21.), 0-2 Hakan Calhanoglu (55.).

Moldóva - Frakkland 1-4
0-1 Antoine Griezmann (24.), 0-2 Raphael Varane (27.), 0-3 Olivier Giroud (36.), 0-4 Kylian Mbappé (87.), 1-4 Vladimir Ambros

Staðan: Frakkland 3, Ísland 3, Tyrkland 3, Albanía 0, Andorra 0, Moldóva 0.

Flottur leikur þrátt fyrir tap

HANDBOLTI Ísland mætti Pólverjum í fyrstu umferð á fjögurra liða æfingamóti í Gdansk í gær. Lokatölur í leiknum urðu 21-19 Pólverjum í vil eftir jafnan og spennandi leik.

Staðan í hálfleik var jöfn 11-11 og var leikurinn jafn til loka leiksins. Þegar skammt var eftir af leiknum var jafnt 18-18 en Pólverjar voru sterkari aðilinn á lokakafla leiksins og unnu tveggja marka sigur.

Ísland mætir Argentínu á morgun laugardag og loks Slóvakíu á sunnudaginn. Leikirnir eru liður í undirbúningi fyrir umspilsleiki Íslands gegn Spáni í byrjun sumars fyrir HM sem fram fer í Japan í lok þessa árs. – hó

TRAUSTIR BÍLAR Á ÖRUGGUM STAÐ

GEGGJUÐ TILBOÐ!

**Kauptu traustan bíl á öruggum stað. Kauptu bíl hjá Brimborg.
Yfir 500 gerðir bíla frá Volvo, Ford, Mazda, Citroën og Peugeot.
Frábært verð og traust þjónusta. Við eigum rétta bílinn fyrir þig!**

Volvo V40 CC D2 Momentum

2,0 Turbo dísil, 120 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leiðsögukerfi,
Webasto vélarhitari og LED aðalljós með beygjustýringu.
Verðlistaverð 5.015.000 kr.

Tilboðsverð: 4.290.000 kr.

-725.000 KR.

Ford EcoSport Titanium S SUV

1,0 bensín, 125 hö, sjálfskiptur

17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél,
leðuráklæði og Xenon aðalljós.
Verðlistaverð 3.850.000 kr.

Tilboðsverð: 3.390.000 kr.

-460.000 KR. + VETRARDEKK

Mazda2 Niseko

1,5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur

Nettur og vel búinn Mazda2 með SkyActiv spartækni
og snjallhemlun!
Verðlistaverð 2.660.000 kr.

Tilboðsverð: 2.410.000 kr.

-250.000 KR.

Peugeot 3008 Allure

1,2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur

Glæsileg hönnun, há sætisstaða, fyrsta flokks þægindi
og hugvitsöm tækni einkenna Peugeot 3008 SUV.
Verðlistaverð með bakkmyndavél ofl. 4.690.000 kr.

Tilboðsverð: 4.290.000 kr.

-400.000 KR.

Citroën C3 Feel

1,2 bensín, 82 hö, beinskiptur

Citroën C3 fer einstaklega vel með þig, frábærlega
mjúkur í akstri og lítið veghljóð. Innra rými tekur ótrúlega
vel á móti þér og er einstaklega vel heppnað.
Verðlistaverð 2.320.000 kr.

Tilboðsverð: 1.990.000 kr.

-330.000 KR.

OPIÐ Í DAG KL. 12-16

– Komdu í reynsluakstur í dag!

brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Aníta ætlar að fara óhefðbundna leið til þess að kynna nýju vetrarlínu sína á HönnunarMars sem hefst í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fær innblástur úr listum og pólitík

Aníta Hirlekar fatahönnuður hefur vakið verðskuldaða athygli síðustu misseri. Aníta er einn fatahönnuða sem kynna verk sín á HönnunarMars í ár. Vanalega ganga fyrirsætur tískupallana en Aníta ætlar að velja konur á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn til þess að sýna flíkur hennar í innsetningu í Safnahúsinu.

„Við ætlum að skapa listrænan hugmyndaheim í stað hefðbundinnar tískusýningar en þannig geta gestir skoðað öll smáatriðin á fatnaðinum og staldrað við, vegið og metið handverkið, flíkurnar og munstrin, líkt og um listsýningu væri að ræða,“ segir Aníta Hirlekar fatahönnuður um sýningu sína í Safnahúsinu þann 30. mars. Sýningin er hluti af HönnunarMars sem hefst í næstu viku. Hún auglýsti eftir fyrirsætum á öllum aldri fyrir sýningu sína og tekur á móti áhugasömum í prufur í Safnahúsinu klukkan 14.00 í dag. „Það er bara í takt við tímann. Að hafa fjölbreyttar konur að sýna nútíma fatnað. Við erum sérstaklega að leita að konum af erlendum uppruna til þess að vera með. Það má segja að við séum líka að leita eftir persónuleikum sem tengjast línunni fyrst og fremst, vilja vera í flíkunum og eiga skemmtilegan dag með okkur,“ segir hún frá.

Fléttar saman tækni

Aníta hefur vakið verðskuldaða athygli. Henni voru í ár úthlutuð starfslaun í 12 mánuði sem er lengsti tími sem hönnuður hefur fengið úr Listamannalaunasjóði. Þá tók hún við verðlaunum Reykjavík Grapevine fyrir bestu fatahönnun ársins í Ásmundarsal í gær.

Sérstaða Anítu liggur í textíl, áferð og litasamsetningu sem mynda andstæðu við klassískar, kvenlegar og tímalausar flíkur. „Líkt og með fyrri fatalínur verður þessi blanda af handgerðum textíl og munstrum sem ég hef þróað síðastliðna mánuði. Í fyrri línum hef ég notast mikið við útsauminn og komið fram með nýjar hugmyndir í sambandi við hann. Í þessari línu langaði mig að flétta saman alls konar tækni, til dæmis handþæfingu sem er mjög umhverfisvæn textílaðferð. Við búum til flest okkar efni sjálf frá grunni og lítið sem ekkert fer til spillis. Ég flétta saman mismunandi tækni við ullina, en kem aftur með viscose-efnin sem eru dásamlega mjúk,“ segir Aníta.

Hvaðanæva úr heiminum

Hún er frá Akureyri og þar er aðalvinnuaðstaða hennar. „Textílvinnustofan mín er á Akureyri en ég fer þangað og tek vinnutarnir, til dæmis þegar sérstakt verkefni liggur fyrir eða við undirbúning fyrir næstu fatalínu. Þar eiginlega gerast hlutirnir, við gerum efnaprufur og litaprufur, bæði með því að lita efnin sjálf og þróa nýjar textílaðferðir. Það hentar mínu vinnuferli að vera á ferðinni, ég nýti tímann bæði mikið betur og er mikið fljótari að taka ákvarðanir sem geta verið krefjandi,“ segir Aníta.

Viðskiptavinir Anítu eru hvaðanæva úr heiminum. „Kúnnarnir mínir eru konur á öllum aldri, pólitíkusar, listafólk, óperusöngkonur. Og koma jafnt héðan og frá útlöndum en þeir sem sækjast eftir handunnum einstökum vörum koma aðallega að utan.

Það gerist stundum að ég fæ símtal frá erlendum konum sem eru að sækjast eftir einhverju einstöku og hafa fengið ábendingu frá öðrum viðskiptavinum. Þetta eru konur sem hafa engan tíma til að fara í búðir og skoða,“ segir Aníta og segir sköpunarferlið í kjölfarið sérstakt. Þá hafi eftirspurn eftir hönnun hennar aukist mikið í Asíu og hún stefni á að opna vefverslun

> FATAHÖNNUNARBRANSINN ER ROSA HRAÐUR IÐNAÐUR, ÞÚ ÞARFT AÐ EIGA FULLT AF HUGMYNDUM OG VERA TILBÚIN AÐ ÞRÓA ÞÆR Á ÖRSTUTTUM TÍMA.





Tvær fallegar blússur úr vetrarlínu Anítu Hirlekar frá árinu 2018.

sem auðveldi erlendum viðskiptavinum aðgang að hönnun hennar.

Gott að læra í London

Tískuiðnaðurinn hefur breyst ört síðustu ár. Ekki síst vegna áhrifa síaukinnar umhverfisvitundar fólks. „Til þess að vera fatahönnuður í dag þarf maður að hugsa í lausnum og vera mjög samfélagslega þenkjandi. Bæði í að endurvinna efni og láta minna fara til spillis. Við hugsum mikið um umhverfið og hvernig við getum lagt okkar af mörkum, til dæmis með því að framleiða í minna magni," segir hún.

Aníta útskrifaðist úr Central Saint Martins háskólanum í London, með bæði BA í fatahönnun og MA í fatahönnun með áherslu á textíl. Hún mælir með námi í borginni fyrir þá sem vilja leggja fyrir sig skapandi greinar.

„London er frábær borg, hálfgerður hrærigrautur af menningu og fjölbreyttu fólki. Að mínu mati er London besta borgin fyrir menntun í skapandi greinum þar sem hún býður upp á svo mikið af ferskum hugmyndum. Fólk er óhrætt við að koma fram með óhefðbundnar hugmyndir sem stangast á við normið en nemendur eru hvattir til þess. Síðan er líka bara listasagan í London mjög áhugaverð og rík. Á tískuvikum í London er þekkt að bæði fjölmiðlar og kaupendur mæta til þess að uppgötva það nýjasta í tískubransanum þannig að London er besta borgin til að byrja," segir Aníta sem dregur þó ekkert úr því að námsárin hafi verið krefjandi enda er Central Saint Martins einn besti hönnunarskóli Evrópu.

Krefjandi nám og samkeppni

„Þetta var mjög krefjandi nám en mikil samkeppni og margir sem hætta eða falla því þeir þola ekki álagið. Í skólanum er mikið lagt upp úr því að finna hvar hæfileikar manns liggja. Fatahönnunarbransinn er rosa hraður iðnaður, þú þarft að eiga fullt af hugmyndum og vera tilbúinn að þróa þær á örstuttum tíma," segir Aníta.

Tekur inn alla menningu

Vinnudagur Anítu er aldrei dæmigerður. „Vinnudagar hjá mér eru aldrei eins. Því fylgir mikil tölvuvinna að vera fatahönnuður, sem er ekki það skemmtilegasta sem ég geri. Aðra daga er ég á ferðinni erlendis, að hitta kúnna, skipuleggja sýningar, sækja efnaráðstefnur, sölusýningar, vinna rannsóknarvinnu eða eiga fundi með stílistum. Skemmtilegustu dagarnir eru þegar ég get kúplað mig út úr borginni og farið út á landsbyggð að vinna í efnaprufum, mála og þróa hugmyndavinnuna."

Hugmyndavinnan er mikilvæg og ekki síður að sækja sér innblástur. „Þegar ég ferðast nota ég alltaf tækifærið og fer að skoða listasöfn og gallerí og reyni að taka inn alla menningu og skoða það nýja sem er að gerast í öðrum geirum. Það snýst mikið um það að vera með á nótunum í öllu því nýjasta, og vera meðvitaður um það hvað er að gerast og fylgjast með því nýjasta bæði í tónlist, listum, kvikmyndum og meira að segja pólitík. Úr öllu þessu get ég fengið nýjar hugmyndir," segir Aníta.

Fallegur textíll er séreinkenni Anítu. Áferð efnanna myndar andstæðu við kvenlegar og tímalausar flíkur.

Tæki færi

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Það eru Tækifærisdagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.

A+++ Orku-flokkur

BOSCH

Uppþvottavél, Serie 4

13 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting og kraftþurrkun. Hljóð: 46 dB. „aquaStop"-flæðivörn.

Tækifærisverð: SMU 46CW01S

87.900 kr.

Fullt verð: 109.900 kr.

BOSCH

Blandari, SilentMixx

800 W. Einstaklega hljóðlátur. „Thermo-safe" gler sem þolir heita og kalda drykki.

Tækifærisverð: MMB 65G5M

17.900 kr.

Fullt verð: 23.900 kr.

Bow Borðlampi

Hæð: 54 sm.

Tækifærisverð: AN68801-15

9.500 kr.

Fullt verð: 12.900 kr.

A+++ Orkuflokkur

Öryggisgler

SIEMENS

Kæli- og frystiskápur, iQ300

Stál. „hyperFresh"-skúffur sem tryggja ferskleika grænmetis og ávaxta og auka geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Lyktarsía. „noFrost"-tækni: Affrysting óþörf. H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.

Tækifærisverð: KG 36NVI45

154.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.

A+ Orkuflokkur

Brennslu-sjálfhreinsun

A Orkuflokkur

Brennslu-sjálfhreinsun

SIEMENS

Bakstursofnar, iQ700

Stórt 71 lítra ofnrými. Kjöthitamælir. 13 hitunaraðgerðir, þar á meðal 4D-heitur blástur. Hraðhitun. Nákvæm hitastýring frá 30 - 300° C. TFT-skjár. Brennslusjálfhreinsun.

Tækifærisverð (stál): HB 674GCS1S

Tækifærisverð (hvítur): HB 675GIW1S

139.900 kr.

Fullt verð: 179.900 kr.

BOSCH

Skaftryksuga

Öflug, 16,8 V. Ryksuga með skafti og handryksuga. Hentar á öll gólfefni.

Tækifærisverð: BBH 2P163R

23.900 kr.

Fullt verð: 29.900 kr.

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.
Öll tilboð gilda út mars 2019 eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

„Ekki er hægt að ásaka ákveðna aðila um hvernig fór. En ég segi samt og stend við það að þarna var mjög veikur maður og kerfið brást,“ segir Einar Þór um bróður sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gefst aldrei upp

Örin sitja eftir, segir **Einar Þór Jónsson**, nýr formaður Geðhjálpar, sem missti bróður sinn úr sjálfsvígi fyrir ellefu árum. Hann segir frá uppvextinum, móðurmissinum, hvernig kerfið brást bróður hans og áfallinu við að greinast með HIV. Einar Þór berst á fleiri vígstöðvum, eiginmaður hans er þungt haldinn af Alzheimer.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Það er köflótt veðrið þegar gengið er upp Hverfisgötuna á fund við Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóra HIV-samtakanna og nýkjörinn formann Geðhjálpar. Eina mínútuna er glaðasólskin og hina herjar lárétt slydda á vegfarendur. Þessi skipti ljóss og drunga eru eins og orðalaus formáli að lífssögu Einars Þórs.

„Ég er glaðvær að eðlisfari og þótt ég hafi oft upplifað þunga líðan hefur mér tekist að halda heilsu með því að halda í húmorinn og gleðina og gefast ekki upp. Ég hef kunnað bjargráð, nota þau og þau virka fyrir mig,“ segir hann.

Einar er menntaður kennari, þroskaþjálfi og lýðheilsufræðingur. Hann býr í gamla Vesturbænum með eiginmanni sínum, Stig Arne Vadentoft, og hundinum Rúsínu. Landsmenn þekkja Einar Þór vel af baráttumálum hans. Hann greindist með HIV á níunda áratugnum og hefur starfað fyrir HIV Ísland síðustu árin og er einn þeirra Íslendinga sem eiga ríkan þátt í gjörbyltingu í viðhorfum til samkynhneigðra og HIV-smitaðra. En baráttumál Einars Þórs eru fleiri og eru persónuleg, snerta með beinum hætti líf hans. Eiginmaður hans og besti vinur, Stig, greindist fyrir átta árum með Alzheimer og er þungt haldinn af sjúkdómnum. Þá hefur Einar Þór þurft að glíma við erfið áföll innan fjölskyldunnar.

„Nú vitum við hvað seigla er mikilvæg og ég hef komist langt á henni,“ segir Einar Þór og býður upp á heilsute og súkkulaði. „Ég er svo mikill sælkeri, það er alltaf eitthvað til að nasla hér.“

Bernskan í Bolungarvík

Einar Þór ólst upp í faðmi stórfjölskyldunnar í Bolungarvík. Faðir hans var Jón Friðgeir Einarsson, Vestfirðingur langt aftur í ættir. Móðir hans var Ásgerður Hauksdóttir sem var að sunnan. „Það var mikið líf og fjör í Bolungarvík. Systkini pabba bjuggu þar flest. Hann átti átta systkini og því voru systkinabörnin fleiri en þrjátíu. Allt þorpið var meira og minna skylt mér!

Mamma var aftur á móti héðan úr Reykjavík. Glæsileg kona, íþróttakennari og flugfreyja sem pabba tókst einhvern veginn að plata vestur,“ segir Einar Þór og segir sérstaka tilfinningu fylgja því að rifja upp barnæskuna og uppvöxtinn. „Þetta voru aðrir tímar. Nándin var meiri og ég hafði alltaf einhverja að tala við og leita til,“ segir hann.

Missti móður sína tólf ára

Aðstæður fjölskyldunnar voru ekki góðar um árabil. Ásgerður, móðir Einars Þórs, greindist með heilaæxli þegar hann var sjö ára gamall. „Þetta var árið 1966, það var lítið hægt að gera. En það voru stundaðar heilaskurðlækningar í Danmörku og mamma var send þangað í aðgerðir. Æxlið var skorið í burtu en kom aftur, það var illkynja. Hún fór í þrjár stórar aðgerðir í Danmörku og var mjög fötluð á eftir. Þegar hún var heima var hún mikið veik og lést svo þegar ég var tólf ára gamall.“

Þegar móðir hans veiktist var hún ólétt. „Þegar mamma eignaðist Ásgeir Þór bróður minn var hún fárveik og lífið fór ekki mjög mjúkum höndum um Ásgeir.

Hann svipti sig lífi, elsku drengurinn, fyrir ellefu árum, þá fertugur. Hann var þunglyndur, en fór hins vegar ekki að finna fyrir einkennum sjúkdómsins fyrr en eftir tvítugt. Hann gat verið viðkvæmur, var mjög hæfileikaríkur og fallegur. Hann dúxaði í skóla og spilaði eins og engill á píanó,“ segir Einar Þór og finnst augsýnilega erfitt að að rifja upp fráfall bróður síns.

„Í báðum mínum ættum, eins og öllum íslenskum ættum, er tilhneiging til þunglyndis og geðsjúkdóma.“

Kerfi sem brást

„Ég hugsa stundum um hvers vegna ég hef verið svo heppinn að vera laus við alvarlega geðsjúkdóma. Því vissulega hef ég oft upplifað þunga

> HÚN FÓR Í ÞRJÁR STÓRAR AÐGERÐIR Í DANMÖRKU OG VAR MJÖG FÖTLUÐ Á EFTIR. ÞEGAR HÚN VAR HEIMA VAR HÚN MIKIÐ VEIK OG LÉST SVO ÞEGAR ÉG VAR TÓLF ÁRA.

líðan og kvíða. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á geðheilbrigðismálum. Á árum áður voru geðsjúkdómar þagaðir í hel, en við Ásgeir ræddum oft um vanlíðan hans.

Við Ásgeir lögðum saman stund á lýðheilsufræði. Við vorum samferða í náminu. Hann náði að taka meistaraprófið en veiktist svo sumarið á eftir. Hann átti þrjú ung börn og eina fósturdóttur. Yngsta barnið hans var aðeins þriggja vikna þegar hann lést. Hún er nefnd í höfuðið á pabba sínum og heitir Ása Þóra.

Þetta sumar fundum við öll að það hallaði undan fæti hjá honum. Hann var lagður mjög veikur inn á móttökugeðdeild Landspítalans. Hann útskrifaði sig eiginlega sjálfur.“

Einar segir eitt af stefnumálum sínum að fólk með geðsjúkdóma hafi fullt sjálfsforræði og að þjónustan við geðsjúka sé notendastýrð. „Þegar fólk er hins vegar svo alvarlega veikt að það er í lífshættu vegna veikinda sinna, þá þarf stundum að grípa inn í. Ekki með þvingunum eða nauðung. Við aðstandendur Ásgeirs gerðum okkur ekki grein fyrir því hvað veikindi hans voru alvarleg. Við fengum ekki eðlilega ráðgjöf eða útskýringar á ástandinu, hvorki fyrir né eftir andlát hans. Það hefði verið vel þegið að fá frekari sérfræðiráðgjöf,“ segir Einar.

„Það var yndislegt veður þennan dag sem hann fór í blómabrekkuna hennar mömmu. Og þó að við vissum að hann væri veikur þá kom þetta samt eins og þruma úr heiðskíru lofti.“

Tilfinning fjölskyldunnar hafi verið vantrú, reiði og þung sorg. „Eftir öll þessi ár finnst mér ennþá erfitt að tala um þetta. Samt bý ég að mikilli reynslu og þekkingu á þessum málum, lauk til að mynda diplómanámi í jákvæðri sálfræði. En það er sama til hvaða bjargráða maður grípur í þessum aðstæðum, sárin gróa seint og örin sitja eftir,“ segir hann.

„Ekki er hægt að ásaka ákveðna aðila um hvernig fór. En ég segi samt og stend við það að þarna var mjög veikur maður og kerfið brást.“

Einar segir að vegna reynslu sinnar í gegnum tíðina hafi hann verið mjög meðvitaður um afdrifaríkar afleiðingar áfalla og hversu mikilvægt sé að vinna úr þeim. Hann á uppkomna dóttur sem hefur einnig þurft að takast á við alvarlegt áfall. „Ég er afar stoltur af KolbrúnuÝri, dóttur minni, sem tókst á við barnsmissi af hugrekki og virðingu fyrir sorginni.“

Geðheilsu fólks hrakar

Einar Þór ætlar að nýta þekkingu sína og lífsreynslu til góðs í starfi sínu sem nýr formaður Geðhjálpar.

„Mig langar svo sannarlega að láta gott af mér leiða og það er gott að geta nýtt bæði reynslu sína og menntun og gefið af sér um leið. Ég hef líka kynnst svo mörgum í gegnum starf mitt fyrir HIV-samtökin og önnur félagasamtök í gegnum árin. Ég hef eignast ómetanlega vini og rík tengsl og hef mikinn áhuga á geðheilbrigði jaðarhópa. Ég hef séð svo mörg mannslíf fara fyrir lítið,“ segir Einar Þór sem segir þó tilefni til bjartsýni í málaflokknum.

„Það sem gefur mér von og er spennandi er að það er mun meiri velvilji og skilningur til staðar en var áður og mannréttindi eru frekar virt nú til dags. Ég er bjartsýnn á að

STAR WARS™

A NEW HOPE

Á BÍÓTÓNLEIKUM



KVIKMYNDIN MEÐ LIFANDI TÓNLIST

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI TED SPERLING

3., 4. OG 5. APRÍL

MIÐASALA Á SINFONIA.IS OG HARPA.IS

TÓNLIST EFTIR JOHN WILLIAMS

"PRESENTATION LICENSED BY DISNEY CONCERTS

IN ASSOCIATION WITH 20TH CENTURY FOX, LUCASFILM AND WARNER /CHAPPELL MUSIC."
© 2019 & TM LUCASFILM LTD. ALL RIGHTS RESERVED © DISNEY

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

við eigum eftir að upplifa mikla grósku í málefnum fólks með geðraskanir.

Á meðal ungs fólks í dag er áhugi og sterkur vilji til að gera líf okkar betra og finna lausnir til þess. Hvort sem um er að ræða geðheilbrigðismál, að mannréttindi okkar séu virt og einstaklingnum og lífi hans gefinn gaumur," segir Einar Þór og segir áhugann sprottinn af þörf og nauðsyn.

„Því það eru ekki bara umhverfismálin sem liggja undir á 21. öldinni heldur líka geðheilsa okkar. Henni hefur hrakað. Það er eins og eitthvað hafi gerst síðustu áratugi sem gerir það að verkum að ungu fólki líður verr. Það þarf að skoða þetta ofan í kjölinn," segir hann.

„Í prófum mælast Íslendingar hamingjusamir. En samt erum við með háa tíðni geðsjúkdóma, sjálfsvíga, sérstaklega á meðal ungra karla, og við notum mikið af lyfjum." Fólk sé einmana og ungt fólk glími við kvíða. „Miðaldra millistéttin fer ekki varhluta af vanlíðaninni og það er fólkið sem þjáist af alvarlegri streitu, kulnar og örmagnast. Við ætlum að leggja svo hart að okkur," segir Einar Þór sem kannast sjálfur vel við það að búa við álag.

Seiglan mikilvægur eiginleiki

„Ég hef sinnt eiginmanni mínum honum Stig sem er orðinn mjög veikur, hef reynt að gera mitt til að vera til staðar fyrir fjölskylduna alla og sinnt starfinu. Maður þarf að þekkja á streituna, bera kennsl á hana. Þora að berskjalda sig og hafa hugrekki til að vinna með þá erfiðleika sem hafa átt sér stað. En burðast ekki með þá í bakpokanum. Fyrst og fremst þarf maður að gefa sér tíma og velvilja til að læra að þekkja sjálfan sig," segir Einar Þór.

„Þessi mikilvægi eiginleiki, seigla, kemur ekki af sjálfu sér. Hana þarf að þjálfa og þroska. Sumir öðlast hana í lífsreynslu sinni," segir Einar Þór.

„Þegar ég lendi í áfalli, þá veit ég hvað ég þarf að gera. Veit til hvaða bjargráða ég þarf að grípa. Ég veit það líka að það tekur tíma að jafna sig. Eitt árið vaknaði ég alla daga snemma á morgnana og byrjaði daginn á því að hugleiða í eina klukkustund. Svo kom annað tímabil og þá sótti ég ræktina á morgnana. Þetta styrkti mig í gegnum erfiðleika þess tíma og ég vil hjálpa fólki að finna þær leiðir sem styrkir það til betra lífs," segir hann.

Stig, fjallið mitt

Einar Þór og Stig kynntust í kringum norrænt samstarf HIV-hópa árið 1990. „Ég kynntist Stig mínum og flutti með honum til Stokkhólms. Við urðum ástfangnir árið 1991. Það eru 28 ár síðan. Hann hefur alltaf stutt mig. Ég kolféll fyrir honum, hann var svo sterkur og flottur, svo staðfastur. Akkerið mitt. Fjallið mitt. Offíser í sjóhernum," segir hann.

„Ég grínast stundum með það hvort það sé hægt að finna sér eitthvað leiðinlegra en sænskan hermann. Við höfum átt fallegt og gott samband og það hefur verið mér afar þungbært að horfa á hann fjarlægjast síðan hann greindist með Alzheimer. Hann er núna alla daga á Vitatorgi í dagþjálfun og er sáttur þar. Hann er orðinn mjög veikur en hann er ennþá hjá mér," segir Einar Þór sem hefur barist fyrir betra lífi fyrir Stig. Saman hafi þeir beðið í ár eftir hjúkrunarrými.

„Þessi málaflokkur hefur gleymst. Heilabilaðir fá ekki þá þjónustu sem þeir þurfa og það kom mér gríðarlega á óvart. Ég hef verið að reyna að láta rödd mína heyrast og kærði nýverið úrskurð Reykjavíkurborgar um synjun á frekari heimaþjónustu til okkar. Það eru biðlistar alls staðar og fjölskyldur og makar heilabilaðra eru í erfiðum aðstæðum. Það er brotalöm í allri þjónustu og þessi svokallaða notendastýrða þjónusta er ekki til staðar fyrir heilabilað fólk sem enn býr heima. Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög hreinlega

Einar Þór, Stig og hundurinn þeirra Rúsína. „Ég kolféll fyrir honum, hann var svo sterkur og flottur, svo staðfastur. Fjallið mitt." FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> ÉG VAR DAUÐVONA ÖRYRKI, SÁ EKKI ÚT ÚR NEINU. VAR ÓVINNUFÆR. ÉG FANN EKKI TILGANG. ÉG ÞEKKI ÞVÍ VEL ÞETTA HLUTSKIPTI AÐ TILHEYRA JAÐARHÓPI.

neita heilabiluðum um liðveislu, kvöld- og helgarþjónustu. Það brýtur gegn mannréttindum þeirra og aðstandendur eru bæði ráðþrota og örmagna vegna úrræðaleysis."

Kom út úr skápnum í London

Áður en Einar Þór kynntist ást lífs síns hafði hann gengið í gegnum átakanlega lífsreynslu. Hann smitaðist af HIV og missti marga félaga sína. „Það er skrýtið hvernig lífið fer. Stundum fer það eins og það á að fara. Ég lærði trésmíði hér heima á Íslandi og ætlaði mér að verða arkitekt.

Ég fór til Bretlands snemma á níunda áratugnum til að elta drauminn, gekk í listaháskóla og þar kom ég loks út úr skápnum og kynntist kærastanum mínum. Árið 1986 var ég greindur. Þáverandi kærasti minn dó síðar úr alnæmi.

Þarna hrundi lífið mitt. Það voru engin lyf til. Næsta áratuginn lifði ég smitaður og í ákveðinni vonlítilli biðstöðu. Ég var dauðvona öryrki, sá ekki út úr neinu. Var óvinnufær. Ég fann ekki tilgang. Ég þekki því vel þetta hlutskipti að tilheyra jaðarhópi, þar sem hindranir virðast óyfirstíganlegar," segir Einar Þór.

„Það er þess vegna sem mér finnst það mikilvægt að skoða þessar félagslegu hindranir sem ýta undir geðsjúkdóma. Fordóma og niðurrif sem fólk þarf að búa við. Ég þekki margt fólk sem hefur ekki fengið tækifæri til að lifa lífi sínu með reisn og vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu," segir Einar Þór.

Einar upplifði kraftaverk þegar lyf komu á markaðinn sem læknuðu alnæmi. „Árin eftir það fóru í það að átta sig á því og trúa því að ég gæti lifað af. Ég var kominn undir fertugt þegar ég fór í nám og valdi að læra þroskaþjálfun. Ég var þá farinn að vinna með fötluðu fólki og á sambýlum og fann að ég var góður í því. Ég náði góðu sambandi við fólk og þannig fetaði ég mig út á vinnumarkaðinn aftur og náði striki.

Stundum þarf maður að vera svolítið hugmyndaríkur til þess að gera lífið gott. Ég hef áhuga á andlegum málefnum og velferð og það má segja að lífið hafi leitt mig á rétta staði, ég er heppinn.

Þrátt fyrir að ég hafi glímt við erfiðleika og mótlæti þá hef ég gaman af lífinu og tilverunni. Ég er orkumikill og glaðsinna, leyfi mér alveg að láta draumana rætast þrátt fyrir að aðstæður mínar hafi ekki alltaf verið góðar," segir hann.

Meiri gleði í málaflokkinn

Hann segist finna fyrir tilhlökkun að takast á við nýtt hlutverk sem formaður Geðhjálpar.

„Þar liggja mörg tækifæri, og margt sem þarf að gera en það er spurning um stefnumótun og hvað stjórnvöld vilja gera. Verkefni sem bíða eru endurskoðun lögræðislaganna, afnám allrar þvingunar og nauðungar í meðferð. Þá er gríðarlega mikilvægt að þátttaka fólks sem er með reynslu af geðsjúkdómum sé virt í allri stefnumótun."

Úrræði fyrir fólk með geðraskanir þurfi að vera fjölbreyttari. „Það þarf að þróa og móta frekar langtímameðferð fyrir fólk með geðsjúkdóma og fíknivanda. Eitt stórt baráttumál er að öll sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd. Að það sé betra aðgengi að sjúkrahúsþjónustu og raunverulegt aðgengi að vinnumarkaði. Atvinnulífið þarf að taka þar við sér. Það þarf að tengja aðstandendur á jákvæðan hátt inn í málaflokkinn um geðheilbrigði." Á haustdögum mun Geðhjálp standa fyrir menningarhátíð í tengslum við 40 ára afmæli Geðhjálpar. „Við köllum hátíðina stundum Crazy Days. Mig langar til þess að færa meiri gleði í starfið."

Einar segir samfélagið þrýsta á um breytingar og framfarir í málaflokknum. „Við erum öll að átta okkur á því að við getum haft meiri áhrif á lífsgæði okkar og mannlífið í heild sinni með jákvæðum hætti. Ég held að við þurfum að feta okkur leið til frekari einfaldleika. Einfalda líf okkar, auka nánd við annað fólk og hafa hugrekki til að þiggja og gefa af okkur."

GRAN CANARIA & TENERIFE

Frábær vortilboð í sól og sumaryl.

GRAN CANARIA 26. mars í **7 nætur**

Roque Nublo Apartamentos

Frá kr. **77.545**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Flugsæti eingöngu frá kr. 39.950

GRAN CANARIA 26. mars í **18 nætur**

Roque Nublo Apartamentos

Frá kr. **144.900**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Flugsæti eingöngu frá kr. 39.950

GRAN CANARIA 2. apríl í **11 nætur**

Jardin del Atlantico

Frá kr. **95.725**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 39.950

GRAN CANARIA 13. apríl í **12 nætur**

Apartments Lara PÁSKAFERÐ

Frá kr. **119.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

Flugsæti báðar leiðir frá kr. 99.900

TENERIFE 27. mars í **7 nætur**

Castle Harbour

Frá kr. **117.195**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 79.900

TENERIFE 3. apríl í **11 nætur**



Apartments Paradero

Frá kr. **99.995**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

Flugsæti báðar leiðir frá kr. 44.950

TENERIFE 8. maí í **7 nætur**

Castle Harbour

Frá kr. **92.495**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 69.900

TENERIFE 15. maí í **7 nætur**

Coral Los Alisios

Frá kr. **98.595**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting,

Flugsæti eingöngu frá kr. 69.900

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir

Úkraína 2016

Thomas og Viktor eru á báðum áttum um hvort pólitísk skilaboð almennt hjálpi til við að sigra í Eurovision. „Ég hefði sennilega svarað því neitandi fyrir keppnina árið 2016, þegar Jamala frá Úkraínu vann með lagi um nauðungarflutninga Rússa á Krímtöturum sem þau héldu fram að væri bara vísun í sögulega atburði en auðvitað talaði það mjög inn í átökin milli Úkraínu og Rússlands á Krímskaga. Og þó það sé erfitt að fullyrða um slíka hluti virtist mér alveg augljóst að lagið græddi verulega á því að fólk veitti því atkvæði til að styðja þann málstað," segir Viktor.

Thomas vill ekki segja að pólitísk skilaboð hjálpi beinlínis til við að vinna keppnina. „En nú, þegar flest lönd þurfa að komast upp úr undankeppninni þá hjálpar það svo sannarlega til að vera öðruvísi. Lagið vinnur kannski ekki, en skilaboð geta komið þjóðum inn í lokakeppnina og fengið helling af stigum."

Viktor er viss um að lag Úkraínu hafi sigrað á þeim forsendum. „Þó lagið hafi verið ágætt og vel sungið þá fannst mér persónulega allavega erfitt að sjá að það hefði eitthvað í rússneska eða ástralska lagið að gera frá tónlistarlegu sjónarhorni."

Thomas bætir við: „Oftast er sigurvegarinn eitthvert atriði sem öllum líkar við og allir skilja. Það fær atkvæði frá öllum – ungum og gömlum, gagnkynhneigðum og hinsegin fólki, körlum og konum, austur og vestur, norður og suður. En er samt öðruvísi á einhvern hátt, þannig að fólk muni eftir því þegar kemur að því að kjósa."

Georgía 2009

Það hefur komið fyrir að lögum sé vísað úr keppni fyrir pólitísk skot á gestgjafann. „Árið 2009, þegar lokakeppnin fór fram í Moskvu, valdi Georgía lagið „We don't wanna put in", sem var augljóst skot á Pútín Rússlandsforseta," segir Thomas.

Viktor bætir við: „Georgíska sjónvarpið hafði áður tilkynnt að þau myndu sniðganga keppnina í ljósi mannréttindabrota Rússa og brota gegn alþjóðalögum, sneru þeirri ákvörðun síðan við og sendu lag en þá þótti stjórnendum textinn of pólitískur. Georgísk stjórnvöld þvertóku fyrir það og neituðu að breyta laginu og því fór sem fór."

Thomas segir að þarna hafi Georgía gengið of langt. Hann útilokar hins vegar að Hatara verði vísað úr keppni. „Georgía gekk of langt og laginu var vísað úr leik. En það mun ekki koma fyrir ykkur, ég lofa því!"

Finnland 2006 og Ísland 2019

Thomas er mjög hrifinn af framlagi Íslands í ár og líkir því við sigurlag Finna árið 2006. „Ísland er ekki að ganga of langt. Alls ekki. Við áttum þessa sömu umræðu í Finnlandi vorið 2006 eftir að Lordi vann finnsku keppnina. Margir héldu að okkur yrði vísað úr keppninni eða við lentum í neðsta sæti! En við vitum öll hvernig það endaði, með fyrsta sigri Finna í Eurovision. Í dag elska allir Lordi," segir Thomas.

Viktor segir að Lordi hafi ekki verið skot á trúarsannfæringu fólks. „Ég held að flestir hafi upplifað satanísku vísanirnar sem sprell, enda var öll sviðsetningin og textasmíðin frekar kómísk og skemmtileg," segir Viktor. Finnar hafi frekar verið að skjóta á tepruskap og siðavendni. „Páll Óskar var sennilega brautryðjandinn í þeirri viðleitni árið 1997!"

Þegar Eurovision varð háalvarlegt

Viktor Orri Valgarðsson og finnski Eurovision-sérfræðingurinn **Thomas Lundin** spá í pólitískt kapp sem hleypur í þátttakendur í keppninni.

Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is

Hatari kom, sá og sigraði í undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með laginu Hatrið mun sigra. Ögrandi og öðruvísi framkoma bæði utan sviðs og innan var fljót að vekja athygli utan landsteinanna.

Eftir að í ljós kom að Eurovision í maí næstkomandi færi fram í Ísrael fór af stað undirskriftasöfnun um að sniðganga keppnina í mótmælaskyni við framkomu Ísraelsmanna við Palestínumenn. Sú varð ekki raunin en margir tónlistarmenn sem hafa tengst Eurovision, þar á meðal Páll Óskar Hjálmtýsson og Daði Freyr Pétursson, neituðu að taka þátt.

Meðlimir Hatara gáfu það út að þeir myndu nota dagskrárvaldið til að gagnrýna stefnu Ísraelsmanna. Hljómsveitin hefur fengið á sig þó nokkra gagnrýni, bæði frá þeim sem telja Hatara ekki vera að gera Palestínumönnum neinn greiða sem og þeim sem telja skilaboðin anga af gyðingahatri. Eru margir á þeirri skoðun að stjórnmál eigi ekki heima í Eurovision frekar en á Ólympíuleikunum, enda sé það bannað í reglum keppninnar.

Fréttablaðið fékk til liðs við sig Viktor Orra Valgarðsson, stjórnmálafræðing og áhugamann um Eurovision, og finnska Eurovision-sérfræðinginn Thomas Lundin til að fara yfir þau skipti sem Eurovision fór frá því að vera fjörug fjölskylduskemmtun yfir í háalvarlega pólitík.

Austurríki 2014

Sigurlag Conchitu Wurst árið 2014, „Rise like a phoenix", var ekki pólitískt í þröngum skilningi en textinn, karakterinn og framkoman höfðu samt nokkuð augljósa vísun í réttindabaráttu hinsegin fólks. Viktor segir að margir hafi talið að laginu væri beint sérstaklega gegn rússneskum stjórnvöldum. „Eurovision er náttúrulega að stórum hluta hátíð hinsegin fólks og rússnesk stjórnvöld eru ómurlega íhaldssöm og stjórn þeirra er harðstjórn sem brýtur kerfisbundið á mannréttindum hinsegin fólks," segir Viktor. Það megi því velta fyrir sér að þar sem samskipti Evrópulanda við Ísrael séu betri en við Rússa þá verði þeir frekar fyrir barðinu á gagnrýni. „Conchita staðfesti þá túlkun svo að minnsta kosti rækilega á blaðamannafundi eftir sigurinn, þar sem hún beindi orðum sínum til Pútíns og sagði „við erum óstöðvandi". Vonum að hún hafi rétt fyrir sér."

Viktor Orri er ekki bara stjórnmálafræðingur, heldur er hann mikill áhugamaður um Eurovision. Hér má sjá hann í gervi lettneska keppandans frá árinu 2000. Þess má geta að það lag fékk 10 stig frá Íslandi.

Margir kannast við finnska söngvarann og Eurovision-sérfræðinginn **Thomas Lundin** úr upphitunarþáttum sænska sjónvarpsins fyrir söngvakeppnirnar 2004 til 2007. Þar fór hann yfir framlögin ásamt Eiríki Haukssyni og fleirum.

Portúgal 2017

Salvador Sobral, sem sigraði fyrir hönd Portúgals árið 2017, olli nokkru fjaðrafoki fyrir að nota dagskrárvaldið til að gagnrýna aðgerðir Evrópulanda gagnvart hælisleitendum.

„Slæm framkoma Evrópulanda gagnvart flóttamönnum og hælisleitendum hefur þó verið veruleikinn síðan fyrir 2017 og ekki margir aðrir þátttakendur sem hafa minnst á það á þeim tíma. Ég varð reyndar ekki var við að það hefði mikil áhrif á gengi hans, ég held að fólk hafi aðallega hrifist af laginu sjálfu, flutningnum og listrænni, óvenjulegri týpu flytjandans," segir Viktor.

Það olli reyndar meira fjaðrafoki þegar Sobral skaut á aðra keppendur fyrir innihaldsrýra tónlist. „Það kom illa við þá sem fylgjast með Eurovision að tala illa um popptónlist, miklu frekar en mannréttindabrot. Það var líka kannski ekki gott dæmi um göfugan sigurvegara að skjóta svona á aðra keppendur einmitt á því andartaki sem hann var að taka við verðlaunum."

Ísrael 2009

Framlag Ísraels árið 2009 snerti á málefnum Ísraels og Palestínu. Lagið „There must be another way" var flutt af söngkonunum Noa, sem er ísraelskur gyðingur, og Miru Awad, sem er arabískur Ísraeli. Viktor rifjar upp að lagið var ákall til friðsælli og mannúðlegri sambúðar gyðinga og araba á svæðinu. „Sumir gagnrýndu lagið fyrir að breiða yfir ömurlegt ástandið í Palestínu en mér fannst það fallegt, því þetta var ákveðin viðleitni og með því að kalla á réttlæti bentu þær um leið á óréttlætið sem ríkir á þessum slóðum." Lagið komst upp úr undankeppninni og lenti í sjöunda sæti.

SPORTLEGUR BMW X3.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.

ENNEMM / SÍA / NM92861

Komdu í dag og reynsluaktu þessum magnaða sportjeppa frá BMW. Nýr BMW X3 er léttari og sparneytnari en fyrirrennarinn þrátt fyrir aukið rými. 8 þrepa sjálfskipting, fullkomið xDrive fjórhjóladrifskerfi, leggja í stæði hjálp, bakkmyndavél, rafdrifinn afturhleri og LED dagljós eru hluti staðalbúnaðar auk þess sem hægt er að velja úr úrvali af búnaði sem gerir nýjan BMW X3 einstakan í sínum flokki.

BMW X3 20d xDrive. **Verð frá: 7.450.000 kr.**

Bíll á mynd: BMW X3 með M-Pakka og glerþaki. Nánari upplýsingar á bmw.is

Sheer Driving Pleasure

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Sandra Björg og Emil Daði. „Hann er ofsalega glaður, alltaf stutt í brosið og klappar eins og enginn sé morgundagurinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann er algjör stuðpinni

Sandra Björg Steingrímsdóttir og sonur hennar **Emil Daði Eiríksson** fögnuðu alþjóðlegum degi um Downs heilkenni í vikunni. Sandra Björg hafði aldrei áður tjáð skoðanir sínar opinberlega en gerir það nú óhikað verði hún vör við vanþekkingu eða fordóma. „Ég var valin í þetta hlutverk, að vera mamma hans Emils Daða. Eins gott að klúðra því ekki.“

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Sandra Björg Steingrímsdóttir og ársgamall sonur hennar, Emil Daði Eiríksson, voru á meðal fjölmargra sem komu saman á alþjóðlegum degi um Downs heilkenni sem var haldinn hátíðlegur í veislusal Þróttar 21. mars síðastliðinn. Þau gerðu sér ferð í höfuðborgina frá Akranesi og glöddust með fólki með Downs, vinum og aðstandendum þeirra.

„Þessi dagur er haldinn hátíðlegur með það að leiðarljósi að auka vitund og minnka aðgreiningu. Þjappa saman fjölskyldum og aðstandendum einstaklinga með Downs og gefur okkur færi á að miðla af reynslu, fræða og setja fókus á það sem betur má fara í samfélaginu,“ segir Sandra Björg.

Emil Daði varð ársgamall þann 17. janúar. „Hann á tvo hálfbræður, Ísak 10 ára og Daníel 7 ára. Hann á einnig þrjár hálfsystur föður síns megin. Hann er ótrúlega heppinn og ríkur að eiga svona mörg systkini. Þau eru öll svo góð við hann og hjálpa mikið til við að örva þroska hans,“ segir Sandra Björg.

Ekkert kom í ljós í líkindamati

Sandra Björg segir meðgönguna hafa gengið vel. „Við tókum þá ákvörðun að fara í líkindamat vegna þess að nákominn ættingi föður Emils hafði verið ófrísk að barni sem reyndist vera með alvarleg litningafrávik og þurfti að rjúfa þá meðgöngu. Við fengum einhverjar tölur á blaði og skilaboð um að þetta liti alls ekki illa út. Aldur minn, þá 38 ára, dró niðurstöðuna mest niður en að öðru leyti kom blóðprufa og sónar vel út. Við leiddum aldrei hugann að því að það væri möguleiki á að við myndum eignast barn með Downs og ræddum það aldrei. Við vissum ekki betur en að von væri á heilbrigðu barni,“ segir Sandra Björg um meðgönguna.

Það var mikið fjör á alþjóðlegum degi fyrir Downs heilkennið.

Emil Daði fæddist á sjúkrahúsinu á Akranesi og gekk fæðingin að öllu leyti vel. En rúmum sólarhring síðar var ástæða til að skoða heilsufarið nánar. „Hann hafði ekki skilað af sér neinum hægðum. Hann var mjög þreyttur og slappur, vildi ekki brjóstið og var farinn að æla gulgrænu slími. Þá höfðu ljósmæðurnar samband við vökudeild Landspítalans og við vorum send beint þangað.

Eftir að hafa verið skoðaður af fjölda lækna og hjúkrunarfræðinga var okkur tjáð að margt benti til þess að hann væri með Downs heilkenni.

Það sem var svo magnað var að þessar upplýsingar komu mér ekki beint á óvart. Hálfa leið inn í samtalið vissi ég hvað læknirinn ætlaði að segja. Því þegar ég fékk Emil Daða nýfæddan í fangið hafði ég séð einhvern svip á honum sem fékk mig til að hugsa: Er hann með Downs? En þar sem hvorki faðirinn né ljósmóðirin höfðu orð á því hugsaði ég ekkert frekar út í það,“ segir Sandra Björg sem segir að hugsunin sem hafi skotið upp hafi gefið henni forskot í að takast á við fréttirnar.

„Ég grét ekki. Ekki þarna. Á þessari stundu fór ég á sjálfstýringu og ákvað að ég myndi gera allt fyrir þennan dreng, svo hann fengi gott og innihaldsríkt líf,“ segir hún og þakkar stuðninginn sem fjölskyldan fékk frá fyrstu stundu.

Fékk mikinn og góðan stuðning

„Læknarnir og hjúkrunarfræðingarnir á vökudeildinni gáfu sér góðan tíma með okkur, svöruðu öllum spurningum og fræddu okkur um það sem þau gátu. Við fengum heimsókn prests sjúkrahússins og sömuleiðis sálfræðings. Við vorum sett í samband við fjöldann allan af fólki sem á börn með Downs og fengum í kjölfarið nokkrar heimsóknir.

Að lokum var Greiningarstöð ríkisins látin vita af okkur og þar höfum við átt okkar teymi sem samanstendur af lækni, sjúkraþjálfa, þroskaþjálfa og félagsráðgjafa. Maður heyrir því miður oftast af því þegar kerfið bregst fólki. Í okkar tilviki hefur það unnið með okkur frá fyrsta degi og við kynnst mörgu yndislegu fólki.“

Sandra Björg segir Emil vel tekið af öðrum börnum. „Hann bræðir alla með brosinu sínu. Hann elskar að vera í kringum fólk og þá sér-

ÉG GRÉT EKKI. EKKI ÞARNA. Á ÞESSARI STUNDU FÓR ÉG Á SJÁLFSTÝRINGU OG ÁKVAÐ AÐ ÉG MYNDI GERA ALLT FYRIR ÞENNAN DRENG, SVO HANN FENGI GOTT OG INNIHALDSRÍKT LÍF.

Ljósmyndari Fréttablaðsins leit við í gleði vina og aðstandenda fólks með Downs-heilkenni í vikunni.

staklega börn. Það var eitt skipti sem sjö ára vinur bróður hans kom heim til okkar að leika og spurði mig bara beint út hvort hann væri fatlaður.

Ég útskýrði eftir bestu getu hvað það þýddi að vera með Downs heilkenni, sem hann meðtók og svo höfum við ekkert rætt það frekar. Hann er algjör bræðari og hreyfir bæði við börnum og fullorðnum. Hann er ofsalega glaður, alltaf stutt í brosið og klappar eins og enginn sé morgundagurinn. Svo elskar hann að vera innan um fólk og hlusta á tónlist. Algjör stuðpinni.“

Gott að vera í litlu bæjarfélagi

Hún segist ekki hafa orðið vör við alvarlega fordóma eða vanþekkingu. „Það hafa þó margir nefnt að þetta séu svo glaðir einstaklingar. Alltaf brosandi og svo kátir. Miðað við það sem ég hef kynnt mér er það ekki alveg rétt. Einstaklingar með Downs eru jafn mismunandi og ég og þú, geta líka orðið reiðir, pirraðir og leiðir.

Ég fæ reyndar mjög oft að heyra um Emil Daða: Er hann alltaf svona glaður? Er hann alltaf svona góður? Það er því ekkert skrýtið að fólk haldi að þessi gleði og kátína tengist heilkenninu,“ segir Sandra Björg sem segir fólk mjög duglegt að spyrja hvernig Emil hafi það. „Fyrstu 4 mánuðir lífs hans voru erfiðir. Hann fór í stóra aðgerð þar sem hálfur ristillinn var fjarlægður og þurfti hann að vera með stóma í 6 mánuði. Í nóvember var kerfið tengt aftur og allt gengur mjög vel. Fyrir utan þessa aðgerð er Emil bara smábarn sem þarf á sömu umönnun að halda og önnur börn.

Mér finnst ég annars ekki hafa orðið vör við óöryggi hjá fólki. Hann er svo ungur ennþá. Hann er búinn að vera heima hjá mér síðasta árið og því lítið reynt á aðra en mig og nánustu fjölskyldu mína, sem hefur verið mér ómetanlegur stuðningur.

Emil byrjar í leikskóla í sumar og þá má eflaust búast við einhverjum viðbrögðum frá bæði börnum og foreldrum. Ég held að það vinni með okkur að við erum búsett í litlu bæjarfélagi,“ segir Sandra Björg.

Hann lifi góðu lífi

Hún fær einnig stuðning með því að vera í góðu sambandi við foreldra og börn sem eru fædd 2017 og 2018. „Við höfum hist nokkrum sinnum og höldum Facebook-síðu þar sem við ræðum ýmis málefni og veitum stuðning. Downs félagið heldur einnig ýmsa viðburði þar sem fjölskyldur og aðstandendur safnast saman.“

Sandra Björg segir að miðað við það sem hún sé búin að kynna sér þá ætti Emil að geta gert allt það sem hann langar til þegar hann vex úr grasi. „Ég óska þess svo innilega að hann geti lifað góðu og fordómalausu lífi. Verði heilsuhraustur, geti fundið sér vinnu við hæfi og átt sitt eigið heimili.

Það væri líka afskaplega fallegt ef hann myndi eignast góða vinkonu,“ segir hún en minnir á að auðvitað séu ýmis baráttumál.

Skortur á atvinnu og húsnæði

„Það sem hefur verið ofarlega á baugi síðasta árið er skortur á atvinnu og húsnæði fyrir einstaklinga með Downs. Því þarf að fylgja eftir. Einnig er mikilvægt að halda áfram að sporna við fordómum og stuðla að fræðslu.

Ég er ein af þeim sem skömmuðu handritshöfunda Ófærðar fyrir ónærgætna textasmíð.

Mörgum fannst ég og þær mæður sem tjáðu sig vera alltof viðkvæmar og gagnrýnin ósanngjörn. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er bara sjónvarpsþáttur og persónan átti að vera algjör óþokki. Því miður er bara fólk þarna úti sem gefur skít í allt og alla og finnst fyndið að tileinka sér svona frasa. Að þessi setning geti mögulega orðið að einhverju sem fleygt er fram í gríni, því tek ég ekki létt,“ segir Sandra Björg sem hingað til hefur ekki verið mikið fyrir það að flagga skoðunum sínum opinberlega.

„En þennan dag gat ég ekki setið á mér, ég fann hversu mikið þetta skipti mig máli. Ég er búin að finna mitt hjartans mál. Ég var valin í þetta hlutverk, að vera mamma hans Emils Daða. Eins gott að klúðra því ekki,“ segir hún og segir það að hafa eignast Emil hafa kennt sér ótrúlega margt. „Fyrst og fremst þolinmæði. Við lifum í núinu, tökum einn dag í einu þar sem við njótum lífsins og fögnum litlu sigrunum.“

Yfirlit um afkomu 2018

ÁRSFUNDUR 2019

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 8. apríl 2019 og hefst kl. 16.30.

Í stjórn sjóðsins eru:
Guðmundur Árnason, formaður
Hrafn Magnússon, varaformaður
Aðalbjörg Lúthersdóttir
Einar Sveinbjörnsson
Reynir Þorsteinsson
Svana Helen Björnsdóttir
Þórunn Hulda Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri er:
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

EFNAHAGSREIKNINGUR (í þús.kr.):	31/12/2018	31/12/2017
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	59.516.697	57.480.860
Skuldabréf	98.067.722	91.607.031
Innlán og bankainnstæður	714.153	583.733
Kröfur	959.398	995.049
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	186.113	182.369
Samtals	159.444.083	150.849.042
Skuldir	-36.669	-27.770
Séreignarsjóður, Söfnunarleið I og II	2.657.487	2.494.871
Samtals alls	162.064.901	153.316.143

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS:		
Iðgjöld	5.003.574	4.448.976
Lífeyrir og endurhæfingarsjóður	-4.717.270	-4.317.925
Fjárfestingartekjur	8.844.575	10.568.191
Rekstrarkostnaður	-382.121	-346.536
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	8.748.758	10.352.706
Hrein eign frá fyrra ári	153.316.143	142.963.437
Samtals	162.064.901	153.316.143

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR:	31/12/2018	31/12/2017
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	-2.719.579	-864.846
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	-1,7%	-0,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-2.798.716	-1.696.323
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-1,3%	-0,8%

Sjóðurinn hefur aldrei skert áunnin réttindi sjóðfélaga.

KENNITÖLUR:	31/12/2018	31/12/2017
Nafnávöxtun	5,5%	7,2%
Hrein raunávöxtun	2,2%	5,3%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	4,1%	4,9%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	4,4%	2,8%
Hrein raunávöxtun 20 ára meðaltal	4,2%	4,4%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	6.564	6.532
Fjöldi sjóðfélaga	141.518	139.350
Fjöldi lífeyrisþega	15.576	14.700
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,2%	0,2%
Eignir í íslenskum krónum	71,7%	73,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	28,3%	26,6%

ÁVÖXTUN SÉREIGNARDEILDAR 2018:

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreikningur ásamt stuttum tryggum skuldabréfum var 4,9% eða 1,6% hrein raunávöxtun.

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmis verðbréf nam 6,2% eða 2,8% hreinni raunávöxtun. Er þetta sú ávöxtun sem rétthafar njóta.

Heildareignir séreignardeildarinnar eru 2.657 milljónir króna í árslok 2018.

SJÓÐFÉLAGAR:

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

SL lífeyrissjóður

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · www.sl.is

Gafst upp á að telja

Tony Cook brá sér til Íslands 1975 til að vinna í þrjá mánuði í Hljóðrita. Dvölin varði hins vegar í um hálfan áratug. Tony býr nú í Manchester en minnist Íslandsáranna með hlýju og heimsækir landið reglulega.

Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is

ÉG HELD ÉG VERÐI AÐ NEFNA GÖTUSKÓ MEÐ SPILVERKINU, HRÍSLUNA OG STRAUMINN MEÐ EIK OG PLÖTUNA MJÖTVIÐUR MÆR MEÐ ÞEY. ÞETTA ERU ALLT MISMUNANDI PLÖTUR SEM ÉG HLUSTA Á ENN Í DAG.

Ætlunin var að ég yrði hjá Hljóðrita í aðeins þrjá mánuði en mér líkaði svo vel að á endanum var ég í nokkur ár," segir Tony Cook sem kom til Íslands liðlega tuttugu ára gamall. Hann flutti héðan í kring um 1980 en heldur sterkum tengslum við landið.

„Mér finnst ég mjög lánsamur að hafa haldið sambandi við svo marga vini á Íslandi og þeir við mig. Ég hef alltaf fylgst með því sem er að gerast á Íslandi. Landið hefur ávallt verið og verður áfram stór hluti af mínu lífi," segir Tony.

Varð að koma og sjá Eikina

Síðast var Tony á Íslandi fyrr í þessum mánuði, fyrst og fremst til að sjá hljómsveitina Eik sem hélt sjaldgæfa tónleika í Hafnarfirði.

„Um leið og ég heyrði að þeir væru að fara að koma saman aftur vissi ég að ég yrði að vera þar," segir Tony sem varð ekki fyrir vonbrigðum.

„Tónleikarnir voru afbragð. Nýju meðlimirnir pössuðu eitt hundrað prósent inn. Hljómurinn í Bæjarbíói var gríðarlega góður. Þetta er frábær tónleikastaður og andrúmsloftið snilld. Ungir og gamlir áhorfendur voru mjög áhugasamir og það var indælt. Ef þeir halda aðra tónleika ætti enginn að missa af þeim," undirstrikar Tony.

Úr Atómstöðinni til Skotlands

„Á árinu 1983 vann ég við bíómyndina Atómstöðina og aðstoðaði þar skoska hljóðmanninn Louis Kramer. Honum líkaði vel hvernig ég starfaði og fékk mig til Skotlands til að vinna að bíómynd þar. Síðan vann ég um tíma í hljóðverum í London og á tökustöðum mynda í Skotlandi. Loks gaf ég tónlistarbransann upp á bátinn árið 1985 til að einbeita mér að kvikmyndagerðariðnaðinum," útskýrir Tony hvernig starfsferill hans þróaðist.

„Dæmi um myndir sem ég hef unnið við eru The Crying Game og Trainspotting," svarar Tony aðspurður en listinn er langur.

Reynir að fylgjast með

Tony kveðst því miður ekki hafa unnið með íslensku tónlistarfólki lengi. „Ég myndi elska að gera það aftur en upptökutækni hefur breyst svo mikið tæknilega síðan ég var á tónlistarhliðinni að ég myndi ekki vita hvar ætti að byrja," játar hann en segir þó að gaman væri að hjálpa til við framleiðslu á einhverju hér.

„Ég reyni að fylgjast með því sem er að gerast eins og ég get, aðallega með aðstoð Sigtryggs Baldurssonar, Ása hjá Smekkleysu og Egils Ólafssonar. En það er mikið að gerast sem ég veit ekkert um," segir Tony.

Einn af þeim sem Tony hitti í nýafstaðinni heimsókn er vinur hans Gunnar Árnason í Upptekið.

„Gunnar er nýbúinn að klára nýja hljóðverið sitt og það er mjög flott. Mér finnst aðdáunarvert hversu mörg hljóðver hafa sprottið upp á Íslandi. Þau hafa ekki öll lifað held ég en tónlistarframleiðslugeirinn á Íslandi er mjög heilbrigður. Strákarnir í Hljóðrita hafa líka unnið flott starf í að halda stúdíóinu gangandi og gefa því nýtt líf," segir Tony og þá berst talið að árunum í Hljóðrita.

„Ég gafst upp á að telja plöturnar sem ég tók upp í Hljóðrita, þær voru svo margar," svarar Tony loks eftir að hafa verið beðinn að rifja upp verkefnin í aðalhljóðveri Íslands.

Fingraförin út um allt

En Tony sat ekki auðum höndum hér. Hann tók til dæmis upp mikið af tónlist Spilverks þjóðanna; fyrstu plötuna, Götuskó og Sturlu auk þess að hafa tekið upp hluta af bláu plötunni svokölluðu eða CD Nærlífi. Þá tók Tony upp plöturnar Speglun og Hrísluna og strauminn með Eik.

„Ég vann líka mikið með Magnúsi Kjartanssyni, mest á Júdasarplötunni og á Hana nú með Villa Vill. Við tveir urðum miklir vinir á stuttum tíma og svo var hann því miður farinn."

Þá nefnir Tony plötu með Olgu Guðrúnu Árnadóttur og Ljósunum í bænum með Stefán Stefánsson í fararbroddi.

„Ég vann með svo mörgum tónlistarmönnum, þar á meðal Bo Halldórssyni og Gunnari Þórðarsyni að ýmsum verkefnum. Ég nefni líka Sigga Karls og Pálma Gunnarsson fyrir hljómsveitina Celcius og sem hljóðfæraleikara hjá öðrum – þar með talin Björk þegar hún gerði sína fyrstu plötu ellefu ára gömul," heldur Tony áfram að nefna dæmi frá áttunda áratugnum.

Síðar vann Tony einnig með hljómsveitinni Tappa tíkarrassi að tveimur plötum. Hann starfaði líka með Þeysurunum, meðal annars að breiðskífunni Mjötviður Mær. „Það eru margar, margar aðrar plötur; of margar til að nefna. Og ef ég á að vera heiðarlegur þá er minnið hjá mér ekki það gott," játar hann.

Reyndi á mörkin með Þey

Það verður að spyrja Tony um uppáhaldsverkefnin.

„Ég held ég verði að nefna Götuskó með Spilverkinu, Hrísluna og Strauminn með Eik og plötuna Mjötviður mær með Þey. Þetta eru allt mismunandi plötur sem ég hlusta á enn í dag. Þær fólu allar í sér tæknilegar áskoranir en Þeysaraplatan gaf mér mest persónulega, við vorum að vinna út fyrir mörkin að svo mörgu leyti og við vorum að reyna að vera skapandi á mjög ólíkan hátt," rifjar gamli upptökumeistarinn upp.

„Hana nú hefur mikla þýðingu fyrir mig af augljósum ástæðum og ég er líka hrifinn af Sturlu," heldur Tony áfram. „Ég bið afsökunar þá tónlistarmenn sem ég nefni ekki hér en þetta eru plöturnar sem ég held upp á frá þessum tíma."

Stórafmælin á Íslandi

Tony bjó í Glasgow í mörg ár en á nú heima í Manchester. Sem fyrr segir vitjar hann reglulega vina á Íslandi.

„Ég hélt upp á fertugsafmælið á Íslandi og síðan sextugsafmælið mitt fyrir nokkrum árum. Undanfarið hef ég komið í heimsókn á um það bil þriggja ára fresti. Ég vildi að það gæti verið oftar," segir Tony.

Á Íslandi kvæntist Tony Eyrúnu Hafsteinsdóttur en þau skildu. „Hún býr í London og við erum enn góðir vinir," segir Tony. Núverandi eiginkona hans, Sophie, hefur einu sinni komið með honum til Íslands.

„Sophie hefur mikinn áhuga á að kynnast landinu og vinunum mínum góðu miklu betur. Ég er alltaf að skipuleggja að fara með hana hringinn í kring um landið en hingað til höfum við ekki haft tækifæri til þess á sama tíma. En einn daginn ..."

Tony Cook bjó hér lengi og unir sér vel á strætum Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tony Cook við stjórnvölinn á átta rása tækinu í Hljóðrita við upptökur á fyrstu plötu Spilverks þjóðanna árið 1975. Sigurður Bjóla og Valgeir Guðjónsson úr Spilverkinu eru hægra megin, Ólafur heitinn Þórðarson aftan við Tony, útgefandinn Steinar Berg yst til vinstri og Björgvin Pálsson ljósmyndari af Vísi þar fyrir aftan.

ÖRVAÐU GÓÐU BAKTERÍURNAR*

STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI

*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

Frambjóðandinn Andrew Yang í kosningabaráttu í fyrsta forkosningaríkinu, Iowa. Hann er sonur taívanskra innflytjenda. NORDICPHOTOS/GETTY

Vinsælust

8 hæstu hjá ElectionBettingOdds

Joe Biden	20,1%
Bernie Sanders	18,9%
Kamala Harris	18,4%
Beto O'Rourke	14,9%
Andrew Yang	5,2%
Elizabeth Warren	4,0%
Corey Booker	3,6%
Tulsi Gabbard	2,8%

8 hæstu hjá PredictWise

Joe Biden	20%
Kamala Harris	19%
Bernie Sanders	18%
Beto O'Rourke	15%
Andrew Yang	6%
Elizabeth Warren	4%
Cory Booker	4%
Tulsi Gabbard	3%

Hæst í könnunum samkvæmt meðaltali RCP

Joe Biden	29,4%
Bernie Sanders	23,4%
Kamala Harris	10,4%
Beto O'Rourke	8%
Elizabeth Warren	6,6%
Cory Booker	4%
Amy Klobuchar	2,3%
Pete Buttigieg	1,3%

Óvæntar vinsældir

Andrew Yang er orðinn einn af sigurstranglegustu forsetaframbjóðendum Demókrata. Talinn líklegri en öldungadeildarþingmenn á borð við Elizabeth Warren. Talar fyrir borgaralaunum og nýtur vinsælda á meðal netverja. Hitt hægrið virðist taka ástfóstri við Yang, sem hafnar stuðningi öfgafólks.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Á tæpum tveimur vikum hefur nafn Andrews Yang skotist upp fyrir mun þekktari Demókrata á síðum veðbanka sem leyfa fólki að tippa á hver hlýtur útnefningu flokksins til forsetaframboðs á næsta ári.

Þessi athafnamaður og sonur taívanskra innflytjenda er víða talinn líklegri en frambjóðendur á borð við öldungadeildarþingmennina Cory Booker, Amy Klobuchar, Kirsten Gillibrand og Elizabeth Warren.

En hvernig má það vera að Yang sé talinn líklegri en fyrrnefndir frambjóðendur? Yang hefur ekki enn mælst með yfir eins prósents stuðning í skoðanakönnunum og hefur raunar oft ekki einu sinni náð því. Í nýjustu könnun Emerson, sem birtist í vikunni, mældist Yang til að mynda með eitt prósent, Warren átta og Booker þrjú.

Nýgræðingur

Andrew Yang hefur aldrei boðið sig fram í nokkurt opinbert embætti. Fyrir utan nýfengna frægð hans sem forsetaframbjóðanda er hann einna helst þekktur fyrir að stofna og stýra samtökunum Venture for America (VFA). Samtökin hafa undanfarin sjö ár unnið að því að þjálfa ungt fólk og kenna því að stofna eigin fyrirtæki í þeim borgum Bandaríkjanna þar sem sár þörf er á fleiri störfum.

Segja má að Yang og verkefni hans hafi vakið hrifningu Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna frá 2009 til 2017. Hann var árið 2012 útnefndur svokallaður „Champion of Change", fékk þannig viðurkenningu sem forsetaembættið í tíð Obama veitti vikulega almennum borgurum sem þóttu skara fram úr. Þremur árum síðar var hann einn þeirra sem Obama útnefndi sérstaka sendiherra forsetans í athafnalífinu.

Í ljósi reynslu sinnar af athafnalífinu og algjörs reynsluleysis af stjórnmálum hefur Yang verið líkt við núverandi forseta, Donald Trump. Sá er ekki sérstaklega vinsæll á meðal Demókrata og vill Yang því skiljanlega fjarlægja sig þeim samanburði. Sagði til dæmis í viðtali við Vox á dögunum að andstæðan við Donald Trump væri „asískur maður sem er hrifinn af stærðfræði" og átti þar bersýnilega við sjálfan sig.

Þúsund dalir

Hluta af svarinu við spurningunni sem varpað var fram hér í upphafi má ef til vill finna í málflutningi og nálgun frambjóðandans. Á meðan aðrir frambjóðendur Demókrata ræða mikið um kynþáttafordóma, ójafna stöðu kynjanna og gagnrýna stefnu Trumps harðlega hefur Yang í sínum málflutningi haldið sig við eitt ákveðið loforð.

Málflutningi Yangs svipar ef til vill helst til þess þegar Framsóknarflokkurinn vann mikinn kosningasigur með óvæntu loforði um svokallaða leiðréttingu. Sitt sýndist hverjum en loforðið skapaði flokknum sérstöðu og að lokum góða kosningu.

Yang lofar hins vegar ekki neinni leiðréttingu. Hann hefur heitið því að hver einasti fullorðni Bandaríkjamaður fái í vasann þúsund dali á hverjum einasta mánuði án nokkurra skuldbindinga. Það sem við myndum kalla borgaralaun.

Þetta ætlar frambjóðandinn að fjármagna með því að koma á tíu prósenta virðisaukaskatti í Bandaríkjunum, með því að hagræða og skattleggja frekar stór tæknifyrirtæki sem hafa hingað til skilað hagnaði en greitt lítinn sem engan skatt.

Yang fullyrðir að þetta sé eina svarið við aukinni sjálfvirknivæðingu starfa, eða fjórðu iðnbyltingunni svokölluðu. Sífellt fleiri störf tapast vegna tækniframfara og horfa Bandaríkjamenn, sem og fjöldi annarra þjóða, fram á að starfsstéttir á borð við vöruflutningabílstjóra og afgreiðslufólk hreinlega þurrkist út á komandi árum.

Umdeilt er hvort stærðfræði Yangs og loforð gangi upp. Greinendur og sérfræðingar eru ekki á eitt sáttir um afleiðingar þessarar svokölluðu iðnbyltingar og þá eru skiptar skoðanir sömuleiðis um ágæti hugmyndarinnar um borgaralaun. Gagnrýnendum þykja þau bæði dýr og letjandi.

Tæknin

Frambjóðandinn hefur vissulega önnur stefnumál þótt borgaralaunin séu það sem bæði hann og stuðningsmenn einblína helst á. Stefnumálin eru satt best að segja alveg rosalega mörg og þeim fylgja ítarlegar útskýringar.

Fjölmörg þeirra litast af tengslum Yangs við tækniheiminn. Hann vill til að mynda gera kjósendum kleift að greiða atkvæði í snjallsímanum, koma myndavélum fyrir í búningum allra lögregluþjóna og fjarlægjast mengandi orkugjafa með því að leggja frekari áherslu á kjarnorku.

Yang vill að auki að háskólaíþróttafólk fái greitt fyrir vinnu sína, vill banna sjálfvirk símtöl, gera Púertó Ríkó að ríki innan Bandaríkjanna, lögleiða maríjúana og svo mætti lengi áfram halda.

Internetið

Stefnumálin ein hafa hins vegar ekki skilað Yang þessum óvæntu vinsældum og sigurlíkum. Vissir kimar veraldarvefsins hafa tekið ástfóstri við framboðið eftir að hann birtist í vinsælum hlaðvarpsþáttum. Á Reddit, Instagram, Twitter og jafnvel 4chan má greina sterkan stuðning við Yang.

Líkt og gerðist þegar Trump bauð sig fram hafa eldheitir stuðningsmenn frambjóðandans óspart beitt netgríni (e. memes) í stafrænni kosningabaráttu. Þeir hafa myndað sitt eigið tungumál, uppfullt af slangri er tengist einna helst borgaralaunaloforðinu, og mæra frambjóðandann. Honum er líkt við Leðurblökumanninn eða Loga Geimgengil úr Stjörnustríði á meðan Donald Trump er sagður Svarthöfði.

Stuðningsmenn fara jafnan mikinn á samfélagsmiðlum og boða fagnaðarerindið. Herja á stafrænar og valkvæðar [en ómarktækar] skoðanakannanir og reyna þannig að sannfæra sem flesta um ágæti spámannsins. Tónlistarmyndbönd og lög, myllumerki og allt þar fram eftir götunum hafa svo skotið upp kollinum.

Yang hefur tjáð sig um þessa óvæntu netfrægð. „Það er mjög áhugavert að vera orðinn einhvers konar frambjóðandi veraldarvefsins," sagði hann til að mynda á fundi í San Francisco fyrr í mánuðinum.

Skuggahliðar

En þessari netfrægð fylgja öfgafullir stuðningsmenn sem eru ekki í náðinni hjá Yang. Fólk sem hefur verið kennt við hitt hægrið (e. alt-right), kynþáttahatur og jafnvel ofbeldi. BuzzFeedNews greindi stöðuna sem svo að veraldarvefurinn væri einfaldlega við það að „gleypa" framboð Yangs. Fögur orð Fox Newsliðans Tuckers Carlson, sem er afar vinsæll hjá hinu hægrinu, um Yang hafa svo trúlega ýtt enn fleiri íhaldsmönnum í átt að Demókratanum.

Sumt netgrínið um Yang inniheldur jafnvel greinilega kynþáttafordóma, þá einkum í garð gyðinga eins og er algengt á stjórnmálaspjallborðum vefsíðna á borð við 4chan og 8chan.

Þekkt öfgafólk á borð við Richard Spencer, sem hefur sagt flutninga fólks til Bandaríkjanna „leppstríð gegn hvítum Bandaríkjamönnum", Infowars-liðann Paul Joseph Watson og Faith Goldy hafa lýst yfir stuðningi við Yang á Twitter.

Frambjóðandinn hefur með skýrum hætti hafnað stuðningi allra kynþáttahatara og öfgamanna. Gagnrýnendur Yangs eru þó ekki sannfærðir um að maður sem nýtur stuðnings hins hægrisins eigi erindi í Hvíta húsið.

Sigurlíkur

Hvort stafrænar vinsældir Yangs og sigurlíkur hans samkvæmt veðbönkum skili honum nokkru fylgi, jafnvel sigri, er óljóst. Staðan mun trúlega skýrast eftir fyrstu kappræður frambjóðenda í sumar. Yang verður að öllum líkindum á sviðinu. Hefur uppfyllt skilyrði um fjölda stuðningsaðila.

Það er hins vegar ekki nauðsynlegt fyrir Yang að vinna til að framboðið beri árangur. Bernie Sanders bauð sig fram gegn Hillary Clinton árið 2016. Hann vann ekki en stefnumál hans, meðal annars um gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu fyrir alla, eru nú orðin að viðtekinni meginstraumsstefnu á meðan þau voru mörg hver jaðarhugsjónir fyrir framboðið. Sanders er sjálfur í framboði aftur og þykir með sigurstranglegustu frambjóðendum.

FÓLK Helgin
LAUGARDAGUR 23. MARS 2019

Keppnin Kokkur ársins 2019 fer fram í Hörpu í kvöld en það er einn af hápunktum íslenska matardagatalsins. Tíu kokkar kepptu um fimm pláss í lokakeppninni sjálfri. Aldrei áður hafa fleiri konur skráð sig til leiks en þær komust allar áfram í lokakeppnina.

➔4

Starfsstúlkurnar í Dorma taka vel á móti viðskiptavininum. Hér eru þær Ólöf Björg Magnúsdóttir, Birna Hrönn Gunnlaugsdóttir, Svava Júlía Hólmarsdóttir og Rakel Anna Guðmundsdóttir en þær aðstoða við val á dýnum fyrir fermingarbarnið og aðra þá sem vilja endurnýja rúmið sitt. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Dorma býður frábært úrval fermingarrúma

Verslunin Dorma verður tíu ára á þessu ári. Landsmenn hafa tekið versluninni fagnandi enda hefur hún vaxið og dafnað á þessum árum. Í Dorma er mikið úrval af dýnum fyrir fermingarbörn auk fallegra hluta til fermingargjafa. ➔2

Dorma býður upp á hágæða dýnur af öllum mögulegum gerðum.

Framhald af forsíðu

Þegar Dorma var opnuð í Holtagörðum á sínum tíma opnaðist nýr heimur af alls kyns fallegum hlutum fyrir svefnherbergi. Svava Hólmarsdóttir, verslunarstjóri í Dorma, segir að Íslendingar hafi fyrir löngu áttað sig á gæðum þeirra dýna sem í boði eru. „Hingað koma fjölmörg fermingarbörn með foreldrum sínum til að velja sér rúm í fermingargjöf. Nýtt rúm, rúmföt og húsgögn í herbergi fermingarbarnsins er alltaf vinsæl gjöf. Krakkarnir eru ótrúlega meðvitaðir um gæði og góðan svefn. Mörg þeirra vita hvað þau vilja en önnur spyrja mikið," segir Svava. „Í langflestum tilfellum eru fermingarbörnin með í ráðum þegar velja skal dýnu. Þau fá að leggjast í dýnuna og prófa hvað hentar þeim best. Vinsælustu dýnurnar eru 120-140 cm á breidd en unglingarnir eru að stækka við sig rúm á þessum aldri og hugsa til framtíðar," segir Svava og bætir við að oftast séu það foreldrarnir sem gefa dýnu en einnig amma og afi í sumum tilfellum. „Stundum gefa foreldrar rúmið en aðrir slá saman í rúmgaflinn eða náttborð. Þetta er mismunandi og allt til í þessu," segir hún.

„Á þeim tíu árum sem Dorma hefur verið starfandi hefur hún vaxið í að verða ein af stærstu dýnuverslunum landsins. Við erum á fjórum stöðum á landinu, Holtagörðum, Smáratorgi, á Ísafirði og Akureyri. Í verslunum okkar er gríðarlega mikið úrval af dýnum við allra hæfi. Simba dýnurnar hafa algjörlega slegið í gegn hjá okkur en þær eru byltingarkenndar og ekki að ástæðulausu að þær voru valdar vara ársins í Bretlandi þar sem þær eru framleiddar. Við erum einnig með Dorma dýnur og ameríska springdýnur. Það er því úr miklu að velja hjá okkur. Vinsælt fermingarrúm með gormadýnu kostar á tilboði hjá okkur 55.920 krónur.

Í Dorma hefur verið lögð áhersla á gæðavöru á góðu verði. Hér getur fólk fengið nánast allt sem þarf í fallegt svefnherbergi. Má þar nefna fyrir utan rúm og dýnur gæðasængurföt frá Mistral Home sem eru á frábæru tilboði núna fyrir fermingarnar. Einnig verð ég að nefna lökin með aloe vera blöndu sem er yndislegt að sofa á. Þau eru silkimjúk og þægileg. Sumir segja að þau faðmi mann að sér. Rúmföt eru mjög vinsæl fermingargjöf og sömuleiðis rúmteppi," segir Svava og bendir á að aðrar gjafir eins og hringspeglar séu einnig vinsælir um þessar mundir ásamt hillum í herbergið. „Þá erum við með mikið úrval af sængum og koddum á breiðu verðbili, sem er afar vinsæl gjöf, falleg og hlý," greinir hún frá.

> **Á þeim tíu árum sem Dorma hefur verið starfandi hefur hún vaxið í að verða ein af stærstu dýnuverslunum landsins. Við erum á fjórum stöðum á landinu, Holtagörðum, Smáratorgi, á Ísafirði og Akureyri.**

„Margir skoða úrvalið á netinu hjá okkur, Dorma.is, og koma svo til okkar og ganga frá kaupum eða öfugt. Það er auðvitað hægt að kaupa beint á netinu og við sendum um allt land. Þegar fólk kemur til okkar getum við hins vegar útskýrt fyrir því hvaða dýnur henta hverjum og einum en það er misjafnt. Við veitum persónulega og góða þjónustu," segir Svava og bendir á að þessa dagana séu mjög góð fermingartilboð í öllum verslunum Dorma.

Verslanir Dorma eru á Smáratorgi, í Holtasmára, á Ísafirði og Akureyri. Hægt er að skoða opnunartíma og símanúmer á vefsíðunni dorma.is.

Það eru ekki bara góðar dýnur í Dorma því þar er hægt að fá rúmgafla, náttborð, rúmföt og rúmteppi.

Fermingarbörnin finna dýnur og rúmföt við sitt hæfi í Dorma. Ekki er verra að verðin eru afar hagstæð og tilboð í gangi fyrir fermingarnar. Flestir unglingar vilja breyta herberginu sínu í kringum fermingar. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Þarmaflóran, geðheilsan og öflugt ónæmiskerfi

Öflug þarmaflóra er grunnurinn að öflugu ónæmiskerfi. Rannsóknir sýna að rekja megi ýmsa líkamlega sem og andlega kvilla til lélegrar þarmaflóru. Inntaka Prógastó Gull góðgerla getur skipt sköpum fyrir meltingarveginn, bætta heilsu og þar af leiðandi mun meiri lífsgæði.

Í meltingarveginum lifa trilljónir baktería og eru flestar þeirra í ristlinum. Í daglegu tali köllum við þessar bakteríur þarmaflóru því þær samanstanda af meira en 1.000 tegundum og í ristlinum sinna þær ýmsum afar mikilvægum hlutverkum. Þær framleiða m.a. vítamín, amínósýrur, stuttar fitusýrur og ýmis boðefni og ensím. Við þurfum því að hugsa vel um þær og passa að jafnvægi sé til staðar svo þær hugsi vel um okkur. Þarmaflóran ver okkur líka gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu.

Veikindi vegna lífsstíls

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur yfir þúsund mismunandi tegundir gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur auðveldlega raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, mikillar kaffidrykkju og ýmissa lífsstílstengdra þátta eins og mikils álags eða streitu, neyslu næringarsnauðrar fæðu og fæðu sem er mikið unnin. Fjölmargir eru líka að borða á hlaupum og á óreglulegum tímum sem er ekki síður slæmt. Við þessar aðstæður raskast jafnvægi þarmaflórunnar og getur fólk þá farið að finna fyrir ýmsum óþægindum og veikindi farið að gera vart við sig.

Líkamlegir og andlegir kvillar

Það er fjölmargt sem einkennir lélega þarmaflóru eða að hún sé í ójafnvægi. Rannsóknir síðari ára hafa svo rennt styrkum stoðum undir það hversu gríðarlega mikilvægt það er að þarmaflóran okkar sé í góðu standi bæði hvað varðar líkamlega sem og andlega kvilla. Það kannast sennilega flestir við ýmiss konar ónot sem við tengjum beint við meltinguna. Það getur t.d. verið:

- Uppþemba eftir máltíðir
- Erfiðað hægðir
- Vindverkir
- Gyllinæð (tengist oft harðlífi)
- Sveppasýkingar
- Húðvandamál

Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum geta örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamsþyngd okkar.

Hrönn Hjálmarsdóttir

Þetta er þó bara toppurinn á ísjakanum því nýlegar rannsóknir sýna að ástand þarmaflóru í veikum einstaklingum er mun verra en hjá heilbrigðum. Þá er verið að tala um bæði líkamlega og andlega sjúkdóma af ýmsu tagi.

Einhverfa, athyglisbrestur og síþreyta

Síðastliðin ár hafa menn verið að skoða þarmaflóru með tilliti til kvíða, þunglyndis, einhverfu og athyglisbrests og nú síþreytu. Í ljós hefur komið að þarmaflóra þessara hópa og síþreytuhópsins er ekki eins og hjá þeim sem eru hraustir. Rannsóknir hafa einnig sýnt að bæði forvörnum og meðhöndlun á geðrænum og taugatengdum sjúkdómum á að beina að ástandi þarmaflóru og meltingarvegar.

2 mánaða skammtur

» Mikilvægt er að hafa þarmaflóruna í góðu jafnvægi.

Hefur þarmaflóran áhrif á þyngd?

Rannsóknir gefa til kynna að nokkuð sterk tengsl séu á milli ástands þarmaflóru og líkamsþyngdar. Í stuttu máli þá bendir allt til þess þarmaflóra fólks sem er grannvaxið sé önnur en í feitu fólki. Þetta gefur okkur vísbendingar um að fjöldi hitaeininga hefur ekki allt að segja um þyngd okkar, heldur hafi öflug og heilbrigð þarmaflóra einnig mikið um það að segja.

Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum getur örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamsþyngd okkar. Það er nefnilega ekki alltaf málið að telja hitaeiningarnar, móttaka og vinnsla næringarinnar í þörmunum skiptir máli.

Góðgerlar sem margfalda sig í þörmunum

Prógastró Gull mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir en í hverju hylki eru 15 milljarðar af gerlastofnum sem eru bæði gall- og sýruþolnir. Einn af þeim er L. acidophilus DDS®-1 en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni sem margfaldar sig í þörmunum. L. acidophilus DDS®-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa og benda rannsóknir einnig til þess að þessi gerill bæti almennt heilsufar fólks.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

Keppendur kvöldsins. Frá vinstri. Iðunn Sigurðardóttir, Snædís Xyza Mae Jónsdóttir Ocampo, Kolbrún Hólm Þorleifsdóttir frá Deplar Farm, Sigurjón Bragi Geirsson frá Garra og Rúnar Pierre Heriveaux frá Grillinu á Hótel Sögu.

Kokkur ársins krýndur í kvöld

Keppnin Kokkur ársins 2019 fer fram í Hörpu í kvöld en það er einn af hápunktunum í dagatali Íslenska matardagatalsins. Tíu kokkar kepptu um fimm pláss í lokakeppninni sjálfri. Í ár höfðu aldrei fleiri konur skráð sig til leiks en þær komust allar áfram í lokakeppnina.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Þetta eru í raun tímamót í þessari keppni því aldrei hafa fleiri konur keppt til úrslita og hlutfallið hefur aldrei áður verið þeim í vil," segir Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara sem heldur keppnina. „Stéttin hefur verið mjög karllæg og öll skref í átt að meira jafnvægi eru góð skref í átt að því að tryggja öfluga og fjölbreytta stétt fagfólks," bætir Björn við.

Kokkur ársins 2019 hlýtur þátttökurétt fyrir Íslands hönd í keppninni Matreiðslumaður Norðurlanda 2020. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en fyrstu verðlaun eru 300.000 krónur, önnur verðlaun 100.000 krónur og fyrir þriðja sæti er gjafabréf með Icelandair. Keppnin er opin öllum frá kl. 13.00 til kl. 18.00 sem vilja koma og fylgjast með færustu kokkum landsins. Eftir það er einungis opið fyrir veislugesti.

Um kvöldið, á lokahluta keppninnar, verður boðið til fjögurra rétta kokkalandsliðsveislu ásamt kokki ársins frá því í fyrra og kokki ársins 2007.

Matseðill kvöldsins

Á undan
Hráskinka og íslenskir ostar
Lystauki
ÓX Restaurant
Villisveppaseyði, eggjarauða, brennt smjör, eggjakrem
Forréttur
Kokkalandsliðið
Marineruð bleikja, súrumjólk, dill og hrogn
Aðalréttur
Kokkalandsliðið
Lambahryggur, kartöflur, brokkólíní og yuzu
Eftirréttur
Kokkur ársins 2018 Garðar Kári Garðarsson
Súkkulaði, heslihnetur, hindber og lakkrís
Kaffi og koníak
Sérvalin vín með hverjum rétti og vönduð skemmtiatriði
Veislustjóri: Einar Bárðar
Skemmtiatriði: Helgi Björnsson & Meistari Jakob

Iðunn Sigurðardóttir frá Íslenska Matarkjallaranum í undankeppninni sem fram fór á Kolabrautinni í Hörpu fyrir tveimur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Snædís Xyza Mae Jónsdóttir Ocampo, frá hinum magnaða Mími Restaurant á Hótel Sögu.

Dómarar að störfum í undankeppninni þar sem hvert atriði er skoðað og dæmt.

OPIÐ HÚS Í MK
Fimmtudag, 28. mars
Kl.16:30-18:30
Menntaskólinn í Kópavogi
þekking - þroski - þróun - þátttaka
Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

Félagsgreinabraut
Opin braut
Raungreinabraut
Viðskiptabraut
Framhaldsskólabraut
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur
Grunndeild matvæla– og ferðagreina

Ferðamála– og leiðsögunám
Matsveina– og matartæknanám
Meistaranám í matvælagreinum

Hjartað slær í MK

Fermingargjafir

LAUGARDAGUR 23. MARS 2019

„Hvert og eitt okkar á í persónulegu sambandi við æðri mátt og það er ekki okkar að mæla eða dæma það," segir Inga Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikið umbrotaskeið í lífi hvers og eins fermingarbarns

Inga Harðardóttir leiðir fermingarfræðslu Hallgrímskirkju. Hún segir fræðsluna koma á mikilvægum og erfiðum tíma í lífi krakkanna og að þau læri ýmislegt, ekki síst að það skipti mestu að vera góð manneskja. Ekki sé til neinn mælikvarði á hvort fermingarbarnið sé nógu trúað. →2

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Inga Harðardóttir er æskulýðsfulltrúi Hallgrímskirkju og leiðir fermingarfræðslu kirkjunnar. Hún segir að fræðslan fari fram á miklu umbrotaskeiði í lífi krakkanna og það sé þýðingarmikið að eiga samtal við fólk þegar þörf er á jákvæðum stuðningi, en mörg fermingarbörn eru óörugg og finnst eins og þau fái ruglandi skilaboð frá samfélaginu. Hún segir að ef miðað sé við það unga fólk sem hún hittir sé framtíðin sannarlega björt.

Fermingarfræðslan í Hallgrímskirkju hefst að hausti og svo hittist hópurinn einu sinni í viku yfir veturinn. „Unglingarnir taka líka þátt í messum, fara í helgarferð í Vatnaskóg, mæta í matarboð þar sem boðið er upp á mat eins og María gæti hafa eldað fyrir Jesú og safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar," segir Inga. „Fermingin fer svo fram að vori í hátíðlegri messu.

Fermingarfræðslan fer fram á tíma þar sem ungar manneskjur standa á fallegum þröskuldi og eru bæði börn og fullorðin á sama tíma," segir Inga. „Það er margt sem togast á í þeim á þessum tíma, margt er spennandi og annað er erfitt, en flest eru þau óörugg.

Fermingarfræðslan er tilboð kirkjunnar til unga fólksins um samtal og að vera samferða á þessum tíma. Hún hefur breyst mikið á síðustu árum og áherslan hefur færst frá utanbókarlærdómi yfir í áherslu á samtal, sjálfstyrkingu og samskiptafærni, allt byggt á kristnum gildum," segir Inga. „Fermingarbörnin læra um trú, Guð, bænina, Biblíuna, náungakærleika, sorg, samskipti, táknmyndir, umhverfisvernd og margt fleira."

Inga segir þetta dýrmætt tækifæri til að nesta unga fólkið með þeim gildum sem skipta máli. „Ég held að fermingarfræðslan geti verið mjög þýðingarmikil," segir hún. „Því þarna fáum við að eiga samtal við fólk á því tímabili í lífinu þar sem það þarf á jákvæðum stuðningi að halda."

> Hvert og eitt okkar á í persónulegu sambandi við æðri mátt og það er ekki okkar að mæla eða dæma það.

Kröfur og væntingar annarra íþyngjandi

„Það er margt sem er að gerast í lífi og þroska unglinga í 8. bekk. Þau eru að takast á við breytta sjálfsmynd og samskipti og vinasambönd verða oft viðkvæmari en áður," segir Inga. „Við tölum um vonir og drauma þeirra sjálfra og svo tala þau mikið um hvað þeim þykja kröfur og væntingar annarra vera íþyngjandi. Þeim finnst stundum foreldrar, vinahópar og samfélagið allt gefa þeim ruglandi og þversagnakennd skilaboð um útlit, samskipti og fleira.

Í upphafi fermingarfræðslunnar tala sum þeirra um að þau viti ekki hvort þau trúi nógu mikið, en það er ekki til neinn mælikvarði á það. Hvert og eitt okkar á í persónulegu sambandi við æðri mátt og það er ekki okkar að mæla eða dæma það," segir Inga. „Við getum hins vegar talað um það sem þeim finnst flókið og erfitt, og verið með þeim í þeirra leit að svörum.

Fermingin í sjálfu sér er ein leið til að segja já við góðum gildum, já við að vilja tilheyra kirkjunni og já við að Guð geti verið hluti af lífinu. Hjá flestum fjölskyldum er fermingin líka tækifæri til að leyfa unglingnum að vera í aðalhlutverki á jákvæðan hátt," segir Inga. „Í gegnum undirbúninginn og stóra daginn sjálfan finna fermingarbörnin að þau eru ótrúlega mikilvæg, dásamleg eins og þau eru og elskuð af fjölda fólks."

Grunnregla Jesú á alltaf við

Inga segir að sér finnist lífsafstaðan sem Jesús boðaði eiga fullt erindi við fólk á öllum aldri. „Ég held að ef maður leggur áherslu á kærleika, sannleika, trú og von í lífinu geri það alla að sterkari einstaklingum," segir hún. „Boðorðin eru góður grunnur í samskiptum en ennþá betra er að Jesús einfaldaði þetta niður í eina grunnreglu – elskaðu náungann eins og sjálfa/n þig!

Gullna reglan stendur líka alltaf fyrir sínu – að koma fram við aðra eins og maður vill láta koma fram við sig," segir Inga. „Samskipti Jesú við samferðafólk sitt eru síðan góð fyrirmynd í að koma fram af virðingu við allar manneskjur, sama hverrar þjóðar, hvers kyns eða hvar í þjóðfélagsstiganum þær standa."

Inga segir að það sem henni finnst skemmtilegast við fermingarfræðsluna sé að fá að spjalla við hugsandi og hugmyndaríka krakka sem spyrja gagnrýnna spurninga og koma með ný sjónarhorn á málefnin. MYND/ANTON BRINK

Á æskulýðsdeginum í Hallgrímskirkju voru fermingarbörn í stóru hlutverki og héldu meðal annars kökusölu til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar.

Skiptir mestu að vera góð manneskja

„Í fermingarfræðslunni okkar leggjum við áherslu á að trúna eigi hver og einn í sínu brjósti og það sé hvers og eins að rækta hana, en að gott sé að gera það í samfélagi við aðra í kirkjunni. Við tölum líka um að það sé eðlilegt að ganga gegnum tímabil þar sem trúin skiptir mismiklu máli," segir Inga. „Við kennum þeim líka að trúin tengir okkur í tvær áttir, annars vegar við Guð og hins vegar við annað fólk og segjum þeim að trúin sé engin töfralausn sem leysi vandamál eða erfiðleika, en að hún geti verið mikilvægt haldreipi á erfiðum tímabilum."

Inga segir að þó að fyrirtæki og fjölmiðlar séu mjög upptekin af fermingargjöfunum verði hún ekki vör við að fermingarbörnin velti þeim mikið fyrir sér og segir þau hófstillt í væntingum.

„Mér finnst ég hins vegar stundum heyra á þeim að þau séu hrædd um að fá miklu minni peninga en aðrir og koma þannig illa út í samanburði, en það gefur okkur tækifæri til að ræða gildi gjafanna, hvort peningar og dót geri okkur hamingjusöm og hversu miklu máli veraldlegar eigur skipta," segir Inga. „Þau komast yfirleitt að þeirri niðurstöðu að það sé auðvitað gaman að eiga smá pening og að grunnöryggi þurfi að vera til staðar, en það skipti mestu máli að vera góð manneskja, lifa góðu lífi og koma vel fram við hvert annað."

Framtíðin er björt

„Þegar fermingarbörnin eru spurð finnst þeim ferðalagið í Vatnaskóg yfirleitt standa upp úr og síðan finnst flestum bara mjög gaman að mæta í tímana," segir Inga, sem er ekki í vafa um hvað henni finnst skemmtilegast við að sinna fermingarfræðslunni. „Það er að fá að eiga öll þessi frábæru samtöl við hugsandi og hugmyndaríka krakka sem spyrja gagnrýnna spurninga og koma með ný sjónarhorn á málefnin. Miðað við það unga fólk sem ég fæ að hitta í fermingarfræðslunni og unglingastarfinu get ég ekki annað sagt en að framtíðin sé björt!"

Að lokum vill Inga óska öllum fermingarbörnum til hamingju með áfangann: „Til hamingju með ykkur sjálf, elsku fermingarbörn!"

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir
Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Veffang: frettabladid.is

Fermingargjöfin

fæst hjá okkur



BEOLIT 17

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - Sími 530 2800

bangogolufsenisland

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

* SENDUM UM ALLT LAND

FLOTTARI FERMINGARPAKKAR!

30% AFSLÁTTUR

Tölvubakpoki Melange
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-

30% AFSLÁTTUR

Tölvubakpoki Spectrum 32 x 42 cm
TILBOÐSVERÐ: 9.099.-
Verð áður: 12.999.-

25% AFSLÁTTUR

CROSS kúlutúss „Click"
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 5.999.-

17% AFSLÁTTUR

VITRA S-Tidy bakki
TILBOÐSVERÐ: 4.490.-
Verð áður: 5.400.-



Sölvasaga Daníelssonar
Verð: 3.999.-



Fuglar
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 5.999.-



Norrænu goðin
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 6.999.-



Spámaðurinn
TILBOÐSVERÐ: 2.199.-
Verð áður: 2.999.-

25% AFSLÁTTUR

Vandaðir pennar LAMY
(blekpenni, kúlupenni & kúlutúss)
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.599.-
Verð áður frá: 4.799.-

30% AFSLÁTTUR

Landakort úr efni með merkipinnum
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 4.339.-
Verð áður frá: 6.199.-

„BIG IDEAS" BÆKURNAR

20% AFSLÁTTUR

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



Sjálfstætt fólk
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 7.810.-



Skjaldbökur alla leiðina niður
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.799.-

Gæfuspor - Gildin í lífinu
Verð: 2.499.-

Íslenskir málshættir og snjallyrði
Verð: 2.499.-

Skartgripatré
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 5.999.-

VITRA Toolbox (Brick)
Verð: 5.400.-

VITRA O-Tidy bakki
TILBOÐSVERÐ: 4.490.-
Verð áður: 5.400.-

Tölvubakpoki Spectrum 30 x 43 cm
TILBOÐSVERÐ: 9.099.-
Verð áður: 12.999.-



Passíusálmar
TILBOÐSVERÐ: 6.499.-
Verð áður: 8.299.-



Norrænar goðsagnir
Verð: 1.999.-



Steinn Steinarr - Ljóðasafn
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 5.199.-



Fyrirboðar & tákn
TILBOÐSVERÐ: 1.999.-
Verð áður: 5.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda á til og með 25. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

EIGULEGAR Í FERMINGAR-PAKKANN

Klassísk verk Halldórs Laxness

Fallegar gjafabækur sem endast út lífið



Íslandssagan frá upphafi byggðar til okkar daga

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16

Júlíana heldur veisluna sína á Hótel Sögu og ætlar að endurnýta hluti frá brúðkaupi foreldra sinna. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Fermingarfötin koma frá Flórída

Júlíana Kort Ólafsdóttir fermist þann 14. apríl næstkomandi. Hún nýtir brúðarskraut foreldra sinna í skreytingar og keypti fermingarfötin sín í Ameríku. Hún fermist til að staðfesta trú sína á Jesú Krist og hlakkar mjög til dagsins.

Hvenær fermist þú?
14. apríl.
Í hvaða kirkju fermist þú?
Kópavogskirkju.
Hvar verður veislan haldin?
Á Hótel Sögu.
Hvað ætlið þið að bjóða gestunum að borða?
Dögurð og kókoskjúkling.
Verður litaþema í veislunni?
Já, ljósblár því þá get ég notað brúðkaupsskraut frá mömmu og pabba.
Eru foreldrar þínir búnir að vera lengi að undirbúa fermingardaginn?
Já, í nokkra mánuði er búið að vera að skipuleggja og plana.

Ég hef náð að læra margt um kristna trú sem mér finnst vera mjög áhugavert.

Er búið að kaupa fermingarfötin?
Já, við fórum til Flórída um jólin og þar fékk ég rosa flott fermingarföt.
Hvernig hefur fermingarundirbúningurinn verið?
Mjög skemmtilegur, ég hef náð að læra margt um kristna trú sem mér finnst vera mjög áhugavert og svo var bara skemmtilegt að gera boðskort og finna skreytingar.
Hvers vegna ákvaðstu að fermast?
Því að ég trúi á Jesú Krist og vil staðfesta trú mína.
Ertu stressuð fyrir fermingunna?
Nei, ekkert það mikið, ég hlakka bara aðallega til dagsins.
Hvers óskar þú þér í fermingargjöf?
Ég hef ekkert sérstakt í huga þannig að ég er bara spennt að sjá hvað ég fæ.

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN • SKIPHOLTI 50D • REYKJAVÍK • S. 552 1185 • WWW.TONASTODIN.IS

A4

Fjölbreyttar fermingargjafir

Samsonite
Ferðataska, Base boost
55 sm.
19.990

Hnattlíkan
Gyllt með ljósi.
14.990

Handhægir snagar
3 í pakka.
3.299

„Það tók sinn tíma að ákveða litinn en að lokum ákvað ég að velja gráan. Þetta verður samt ekki bara ein tegund af gráum heldur mismunandi styrkleiki af gráum, í bland við smá svartan," segir Björn Magnús Sveinbjörnsson. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Verða sturlaðar veitingar í boði

Björn Magnús Sveinbjörnsson fermist í næsta mánuði í Lindakirkju í Kópavogi. Undirbúningurinn hefur gengið vel og gestir eiga von á frábærum veitingum.

Hvenær fermist þú?

Laugardaginn 6. apríl næstkomandi.

Í hvaða kirkju fermist þú?

Ég fermist í Lindakirkju í Kópavogi.

Hvar verður veislan haldin?

Veislan verður haldin í Fella- og Hólakirkju í Efra-Breiðholti. Ég valdi þennan sal þar sem við förum þangað á hverju ári á eins konar ættarmót hjá fjölskyldu Dóru ömmu.

Hvað ætlið þið að bjóða gestunum að borða?

Bara þetta venjulega, t.d. frægu brauðtertuna hans Gumma afa, geggjuðu bananatertuna hennar Dóru ömmu, nammi-gotterískökurnar hennar Önnu ömmu og sturluðu beikonskinkuhornin hennar Dísu ömmu.

Verður litaþema í veislunni?

Já, það verður litaþema. Það tók sinn tíma að ákveða litinn en að lokum ákvað ég að velja gráan. Þetta verður samt ekki bara ein tegund af gráum heldur mismunandi styrkleiki af gráum, í bland við smá svartan.

Eru foreldrar þínir búnir að vera lengi að undirbúa fermingardaginn?

> **Svo er líka búið að kaupa blöðrur og skraut sem ég valdi til að skreyta salinn. Þannig að undirbúningurinn er búinn að ganga vel.**

Mamma já! Þegar frændi minn fermdist fyrir tveimur árum byrjaði mamma að pæla í veislunni minni. Salurinn var t.d. pantaður fyrir meira en ári af því að mamma var búin að ákveða fermingardaginn áður en kirkjan var búin að láta vita hvenær yrði fermt.

Er búið að kaupa fermingarfötin?

Fermingarfötin voru keypt í desember þegar mamma og pabbi fóru til útlanda. Þar keyptu þau geggjuð Marks & Spencer jakkaföt á mig. Ég vissi ekki að þau voru að kaupa þau enda er mjög erfitt að kaupa föt á mig þar sem ég er svo langur.

Björn Magnús æfir golf tvisvar í viku.

Hvernig hefur fermingarundirbúningurinn verið?

Fyrir mér er hann ekki búinn að vera svo langur. Ég er búinn að fara í myndatöku og láta merkja servíettur. Það kom mér rosalega á óvart hvað Erling Sigurðsson var snöggur að merkja þær og kom með flottar hugmyndir að því hvernig servíetturnar gætu litið út. Svo er líka búið að kaupa blöðrur og skraut sem ég valdi til að skreyta salinn. Þannig að undirbúningurinn er búinn að ganga vel.

Hvers vegna ákvaðstu að fermast?

Ég ákvað að fermast þar sem ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn ...

Ertu stressaður fyrir fermingunni?

Ég er ekkert stressaður af því að ég er búinn að æfa mig í 2-3 ár fyrir þessa stund.

Hvers óskar þú þér í fermingargjöf?

Ég hef ekki eina einustu hugmynd um hvað ég vil í fermingargjöf.

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.
Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggnast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is ▪ sími: 8937719 ▪ 5627950

Bland í poka

Nammibarir hafa notið mikilla vinsælda í fermingarveislum síðustu ár. Útfærslurnar eru æði misjafnar en sælgætið mælist þó ávallt vel fyrir hjá veislugestum.

Á nammibarnum var boðið upp á:

Heimabakaða cakepops, 4 tegundir
Ástríkt popp í litlum glærum pokum með borða
Krispy Kreme kleinuhringi með gullglimmeri
Gylltar karamellukúlur
Hershey's gullkossa
Gylltar Lindt kúlur
Hvíta snjóbolta frá Kólus
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.
Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeildar **(gudmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is)** **í síma 522 1000.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1973.
Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum auk þess að vera miðstöð kennslu í hótel- og matvælagreinum og starfrækja ferðamála- og leiðsögunám í kvöldskóla. Starfsmenn skólans eru að jafnaði tæplega 100 og fjöldi nemenda í dagskóla eru um 900.

Starfssvið
Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur:
- Skólameistari skal hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla, leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Reynslu af stefnumótunarvinnu, hæfileiki til nýsköpunar og að stýra breytingum.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er mikilvæg.
- Þekking af fjármálum og rekstri er nauðsynleg.

Umsóknir
Umsóknir með greinargerð umsækjenda um framtíðarsýn fyrir Menntaskólann í Kópavogi út frá faglegum og rekstrarlegum áherslum í skólastarfi með upplýsingum um núverandi starfsheiti umsækjenda ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið mrn@mrn.is, fyrir dagslok þriðjudaginn 30. apríl 2019.

Við ráðningar í störf hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti er tekið mið af jafnréttisáætlun ráðuneytisins.

Nöfn allra umsækjenda verða birt á vef ráðuneytisins að loknum umsóknarfresti og verða umsóknir þar sem óskað er nafnleyndar ekki teknar til greina. Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna María Urbancic rekstrarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins.
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2019.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 9. mars 2019.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Er ekki kominn tími til að hægja á og njóta?

Djúpavogshreppur iðar af lífi og gleði án þess að tapa sér í hraðaárättu nútímans. Hæglætið ræður ríkjum og lögð er áhersla á lífsgæði í leik og starfi.

Fjöldi tækifæra eru á svæðinu og meðal þeirra eru eftirfarandi störf:

Djúpavogsskóli auglýsir eftir menntuðum kennurum fyrir skólaárið 2019-2020 í eftirfarandi stöður:

- Skólastjóri grunn- og tónskóla (umsóknarfrestur framlengdur til 20. apríl)
- Umsjónarkennari 1. bekkjar
- Umsjónarkennari 2.-3. bekkjar
- Umsjónarkennari 4.-5. bekkjar
- Umsjónarkennari 6. bekkjar
- Umsjónarkennari 7.-8. bekkjar
- Dönskukennari á mið- og unglingastigi
- Enskukennari á öllum aldursstigum
- Upplýsinga- og tæknimennt á öllum aldursstigum
- Textílmennt og heimilisfræði á öllum aldursstigum
- Íþróttir og sund á öllum aldursstigum

Auk þess vantar þroskaþjálfa við skólann og stuðningsfulltrúa til að vinna með fötluðum nemanda á miðstigi.

Umsóknir sendist á skolastjori@djupivogur.is fyrir 1. apríl 2019

Skólastjóri, Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Leikskólinn Bjarkatún, Djúpavogi auglýsir eftir deildarstjóra inn á Krummadeild í 100% starf frá 20. ágúst 2019.

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli þar sem eru 37 börn. Krummadeild er yngri barna deild með 1 – 2 ára gömlum börnum.

Hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Áhugasömum er bent á að skoða heimasíðu leikskólans www.bjarkatun.leikskolinn.is

Upplýsingar er hægt að nálgast hjá Guðrúnu S. Sigurðardóttur leikskólastjóra í síma 470-8720 eða í tölvupósti, bjarkatun@djupivogur.is. Umsóknum ber að skila fyrir 1. maí 2019 í tölvupósti eða til leikskólastjóra Hammersminni 15B. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Djúpavogshreppur auglýsir eftir umsóknum í stöðu framkvæmdastjóra Ungmennafélags Neista og íþróttaþjálfara. Einnig er laus til umsóknar staða forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Zion á Djúpavogi. Ekki er um full störf að ræða en ýmsir möguleikar eru í boði og starfshlutfall sveigjanlegt.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri sveitarstjori@djupivogur.is

DJÚPAVOGSHREPPUR

cittaslow DJÚPAVOGSHREPPUR

Þú finnur draumastarfið á job.is

SagaNatura

Sérfræðingur við rannsóknir og þróun

Líftæknifyrirtækið **SagaNatura** auglýsir eftir lyfjafræðingi, lífefnafræðingi eða einstaklingi með menntun á sambærilegu sviði sem hefur brennandi áhuga á nýsköpun til að starfa við rannsóknir og vöruþróun. Í boði er spennandi starf sem gerir miklar kröfur til viðkomandi.

Helstu verkefni

- Vinna í teymi sem stundar rannsóknir á virkum efnum úr jurtum og smáþörungum
- Veita stuðning við undirbúning klínískar rannsóknar
- Taka þátt í þróun á nýjum vörum
- Taka þátt í að sækja um styrki til að fjármagna rannsóknir og þróun
- Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast rannsókna- og þróunarstarfi félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Masterspróf (MS) eða Doktorspróf (PhD)
- Haldbær reynsla af rannsóknum og þróunarvinnu
- Góð enskukunnátta
- Lögð er rík áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Reynsla af verkefnastýringu
- Kostur er að hafa reynslu af klínískum rannsóknum
- Meðmæli, tilvísun í fyrri störf og ritrýnd skrif

Nánari upplýsingar veitir
aðstoðarframkvæmdarstjóri Lilja Kjalarsdóttir PhD

Umsóknir berist á lilja@saganatura.com ásamt fylgigögnum

Sumarstörf hjá ríkisskattstjóra

Ríkisskattstjóri auglýsir eftir öflugu og jákvæðu fólki til sumarstarfa á starfsstöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri á tímabilinu frá 1. júní – 31. ágúst 2019.

Hæfnikröfur:

- Stúdentspróf.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð.

Starfshlutfall er 100%. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri, í síma 442-1000 og í tölvupósti á netfangið unnur.kristjansdottir@rsk.is.

Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Unnið er eftir gildunum: Fagmennska - Jákvæðni - Samvinna.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

STOFNUN ÁRSINS 2018

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Klettaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Klettaborg lausa til umsóknar.
Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli við Dyrhamra í Grafarvogi í næsta nágrenni við Voginn. Leiðarljós leikskólans eru gleði, virðing og öryggi. Klettaborg er heilsueflandi leikskóli og áhersla lögð á hreyfingu og útiveru. Unnið er eftir hugmyndafræði John Dewey um að læra í gegnum leikinn og með læsi í gegnum þjóðsögur, þulur og *Lubbi finnur málbein*. Markvisst er unnið að því að skapa frjótt málumhverfi þar sem áhersla er lögð á góð samskipti og að börnin njóti hlýju og umhyggju þannig að þeim líði vel í leikskólanum, læri og dafni. Börnin eru með ferilmöppur sem fylgir þeim alla leikskólagönguna og gott samstarf er á milli leikskólans og hverfisskólans. Klettaborg var metin af Menntamálastofnun 2018 og á heimasíðu leikskólans, www.klettaborg.is, má nálgast upplýsingar um það og um starfið í leikskólanum.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Klettaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Aðstoð á tannlæknastofu

Aðstoðarmanneskja óskast í fullt starf á tannlæknastofuna Valhöll, Háaleitisbraut 1, Reykjavík. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Starfið felst m.a. í að aðstoða tannlækna við störf þeirra, símavörslu og afgreiðslu.
Á tannlæknastofunni Valhöll starfa 20 manns, tannlæknar, aðstoðarfólk og tannsmiðir.
Umsóknir berist á atvinna@frettabladid.is
merkt „Tannlæknastofa-2303"

Stjörnumálun
- fagmennska í fyrirrúmi

Málarar

Vegna fjölda verkefna sem framundan eru óskar Stjörnumálun ehf eftir málurum í vinnu. Framtíðarstörf eru í boði.
ATH: Aðeins kemur til greina að ráða menn með reynslu í málaraiðn.

Umsóknir skulu berast á **ivar@stjornumalun.is,** einnig er hægt að hringja i 869-5302

www.stjornumalun.is

Vörumiðlun ehf óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til starfa við langkeyrslu.
Keyrt er út frá starfstöðvum okkar í Reykjavík annars vegar og hins vegar starfstöðinni á Sauðárkróki.

Óskum einnig eftir starfskrafti við lestun á starfsstöðvum okkar í Reykjavík

Störfin henta bæði körlum sem konum.

Nánari upplýsingar gefur Magnús í síma 896 8422 eða í tölvupósti magnus.svavarsson@vorumidlun.is

Laus staða hjá Fjársýslu ríkisins

Starfsmaður á fjárreiðusviði

Hugsar þú í lausnum?

Dreymir þig um samstarf & teymisvinnu?

Stingur þú þér á bólakaf í afstemmingar?

Ertu um borð í tæknihraðlestinni?

Fylgir þolinmæðin þér í hvert fótmál?

Leynist ráðgjafi innra með þér?

Gæti verið að greiðslustýring sé millinafnið þitt?

Eru samskipti sérsvið þitt?

Er nákvæmni þér í blóð borin?

Langar þig að koma í liðið okkar?

Um starfið
Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Hlutverk sviðsins er m.a. að sjá um greiðslustýringu fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem þess óska. Þá annast sviðið móttöku á innheimtufé frá innheimtuembættum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum fyrir ríkissjóð.

Helstu verkefni og ábyrgð
Útgreiðslur fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir
Uppgjör og afstemmingar
Útsending og innheimta krafna fyrir ríkissjóð og stofnanir
Vinnsla og skráning í lánakerfi
Samskipti við stofnanir ríkisins, lánastofnanir og lánadrottna
Önnur verkefni er tengjast greiðslustýringu fyrir ríkissjóð

Hæfnikröfur
Menntun sem nýtist í starfi
Reynsla af bókhaldi og afstemmingum
Góð kunnátta á Excel og helstu notendaforrit
Þekking á Orra, fjárhagskerfi ríkisins er kostur
Skipulagshæfni
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir:
Vilhjálmur Örn Sigurhjartarson forstöðumaður á fjárreiðusviði - sími 545-7500

Starfshlutfall er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 08.04.2019
Sótt er rafrænt um störfin á www.starfatorg.is
Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag starfsmanna stjórnarráðsins/Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert.

www.fjs.is

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Seltjarnarnesbær
Laus störf

Grunnskóli Seltjarnarness
– starfsfólk óskast í eftirtalin störf frá hausti 2019:

- **Námsráðgjöf,** fullt starf
- **Smíðakennsla,** 80% staða
- **Umsjónarkennari,** fullt starf
- **Textílmennt,** fullt starf
- **Skólaliða vantar til starfa strax**

Frístundamiðstöð Seltjarnarness
- **Þroskaþjálfi, 50-100% starf með börnum á aldrinum 6-9 ára frá 15. ágúst.**

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsóknar má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is **– Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 7. apríl næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Jafnlaunaúttekt PwC 2018

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Laus störf
hjá Kópavogsbæ

Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:

Grunnskólar
Dönskukennari í Hörðuvallaskóla
Enskukennari í Hörðuvallaskóla
Kennarar í Kópavogsskóla
Náms- og starfsráðgjafi í Smáraskóla
Náttúrufræðikennari í Hörðuvallaskóla
Skólaritari í Kársnesskóla
Tónmenntakennari í Salaskóla
Umsjónarkennari í Álfhólsskóla
Umsjónarkennari í Kársnesskóla
Umsjónarkennari í Smáraskóla

Leikskólar
Aðstoðarmatráður í Fögrubrekku
Leikskólakennari í Baug
Leikskólakennari í Efstahjalla
Leikskólakennari í Fögrubrekku
Leikskólakennari í Læk
Sérkennari í Læk

Stjórnsýslusvið
Forstöðumaður Gerðarsafns

Velferðarsvið
Ritari í afgreiðslu
Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar

Kópavogsbær
kopavogur.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

STARFSFÓLK Í URRIÐAHOLTSSKÓLA Í GARÐABÆ

Urriðaholtsskóli er nýr samrekinn leik- og grunnskóli í Garðabæ fyrir börn á aldrinum 1-16 ára.
Á næsta skólaári verða börn á aldrinum 1-10 ára í skólanum. Auglýst er eftir áhugasömum og faglegum einstaklingum til að taka þátt í að móta og byggja upp nýtt skólasamfélag. Teymisvinna er einkennandi fyrir alla starfshætti bæði á meðal barna og starfsmanna, svo og á milli skólastiga. Samkennsla er á milli árganga á öllum skólastigum og unnið með gagnreyndar kennsluaðferðir.

Í Urriðaholtsskóla er eitt skólasamfélag, fjögur skólastig og eru lykilvörður skólans **þekking, leikni og viðhorf**. Við leitum að fólki sem á auðvelt með að vinna saman í teymi og er tilbúið að mæta hverju barni þar sem það er statt.
Verkefnin framundan eru spennandi, skólinn stækkar ört og því þarf öfluga liðsheild, ert þú til?

Auglýst er eftir fólki í eftirtalin störf:
- Deildarstjóra á leikskólastig
- Leikskólakennara á leikskólastig
- Leiðbeinendur með aðra háskólamenntun á leikskólastig
- Grunnskólakennara á yngsta grunnskólastig

Í Garðabæ er lögð rík áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í því að foreldrar hafa fullt frelsi um val á skóla fyrir börn sín. Garðabær hvetur leik- og grunnskóla bæjarins til að skapa sér sérstöðu í áherslum sínum meðal annars með sterkum þróunarsjóði leik- og grunnskóla.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2019. Gert er ráð fyrir að fyrstu ráðningar taki gildi sem fyrst á leikskólastig en á grunnskólastig 1. ágúst nk.

Nánari upplýsingar veitir Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri Urriðaholtsskóla, s. 591 9500 / 621 9505, netfang: **thorgerduranna@urridaholtsskoli.is**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands eða hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á vef Garðabæjar, https://starf.gardabaer.is og þar má finna nánari upplýsingar um störfin.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Við óskum eftir innkaupafulltrúa

Við leitum að áhugasömum innkaupafulltrúa í hópinn.
Um tímabundið starf er að ræða fram að hausti 2020.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Vörustjórnun í AGR og Navision
- Þjónusta við birgja og Vínbúðir
- Greining og áætlanagerð

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og birgðastýringu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á innkaupa- og birgðastýringarkerfum
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
Nánari upplýsingar veita: Bára Rós Björnsdóttir, bara@vinbudin.is og Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021
FYRIRMYNDAR STOFNUN 2018
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
VÍNBÚÐIN



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og ára-löng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfs-ferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.



Framtíðin er snjöll
– mótaðu hana með okkur

Sérfræðingur í viðhaldsstjórnun

Framtíð Veitna er snjöll og felur í sér stafræna umbyltingu og straumlínustjórnun. Við leitum að aðila sem hefur áhuga og metnað til að vera kyndilberi hugbúnaðar viðhaldsstýringar, eignaumsýslu og verkbeiðna sem styður við starfsemi Veitna.

Fageftirlit

Snjöll framtíð felur m.a. í sér snjallvæðingu veitukerfa og stöðugar umbætur. Við leitum að aðila sem hefur áhuga og reynslu af verklegum framkvæmdum og gerir miklar kröfur til gæða- og öryggismála.

Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi. Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.*

Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram af virðingu við hvert annað og viðskiptavini.

* Þar sem konur eru í miklum minnihluta í teyminu hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, til að sækja um.

Sjá nánar á veitur.is/framtidin. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2019.

Í góðu sambandi við framtíðina

Jafnlaunaúttekt PwC 2017 JAFNRÉTTISRÁÐ VEITUR



Skipstjóri og vélstjóri hjá Fjarðabyggðarhöfnum

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir laus til umsóknar störf skipstjóra og vélstjóra hjá Fjarðabyggðarhöfnum.

Starf skipstjóra felur í sér skipstjórn á dráttarbát Fjarðabyggðarhafna og ábyrgð á að dráttarbáturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur auk afleysingar í hafnsögu. Skipstjóri sinnir auk þess ýmsum störfum og verkefnum hjá framkvæmda- og þjónustumiðstöð.

Starf vélstjóra felur í sér vélstjórn dráttarbáts, auk annarra starfa á framkvæmda- og þjónustumiðstöð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Störfin hæfa jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl nk. Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum auk sakavottorðs, fylgi umsókn.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Ásgeir Karlsson, gunnar.a.karlsson@fjardabyggd.is eða í síma 864-0227. Nánari upplýsingar um störfin eru einnig á heimasíðu bæjarins: www.fjardabyggd.is/stjornsysla/vinnustadurinn/laus-storf

Sótt er um störfin á ráðningarsíðu Fjarðabyggðar: https://starf.fjardabyggd.is/storf/Default.aspx.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2018

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Deildarstjórastaða iðjuþjálfunar hjá Hrafnistu

**Staða deildarstjóra iðjuþjálfunar hjá Hrafnistu í Reykjavík er laus til umsóknar.
Deildarstjóri er leiðandi og hefur frumkvæði að þróun iðjuþjálfunar innan heimilisins.
Í starfinu felst m.a. skipulagning á starfi ásamt daglegum rekstri og stjórnun.
Um er að ræða 100% starf.**

Starfssvið

- Stjórnun og rekstur á starfsemi iðjuþjálfunar
- Skipulag starfa starfsfólks í samræmi við þarfir þjónustuþega
- Umsjón með eftirliti og mat á gæðum iðjuþjálfunar
- Ráðgjöf og fræðsla til heimilismanna og aðstandenda
- Teymisvinna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem iðjuþjálfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Faglegur metnaður

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á **fastradningar.is**
Umsjón með starfinu hefur Lind hjá FAST Ráðningum, **lind@fastradningar.is** og í síma **552-1606**. Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt með því að fylla út umsóknarform á **fastradningar.is**.

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra skjólstæðinga heimilanna.

das HRAFNISTA

Hrafnista Laugarás | Hraunvangur | Boðaþing | Nesvellir | Hlévangur | Ísafold | Sléttuvegur

Starf laust til umsóknar
Skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur

Tónlistarskóli Húsavíkur hefur verið starfræktur frá árinu 1961. Skólinn hefur aðsetur í Borgarhólsskóla og er samstarf skólanna tveggja umtalsvert. Frá árinu 1992 hefur verið í gangi samstarfsverkefni Tónlistarskólans við Borgarhólsskóla og leikskólann Grænuvelli sem hefur það að markmiði að bjóða öllum börnum á aldrinum 4-8 ára upp á markvissa tónlistarkennslu. Uppeldishlutverk Tónlistarskólans er því mikið. Stöðugildi við skólann eru 7,5 og nemendur um 230.

Starfslýsing
Fullt starf skólastjóra Tónlistarskóla Húsavíkur er laust til umsóknar. Kennsluhlutfall er samkvæmt kjarasamningi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólastarf í samvinnu við starfsfólk, foreldra og nemendur. Leitað er eftir stjórnanda sem hefur sterka sýn á faglega þróun innra starfs skólans. Jafnframt að styrkja stöðu skólans í nærumhverfinu með markvissu samstarfi við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í tónlistarskóla
- Forystuhæfileikar, mikil samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Framhaldsmenntun (meistaranám) á sviði tónlistar, stjórnunar eða sambærilegra greina æskileg
- Kennslureynsla í tónlistarskóla

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2019.
Umsóknum skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurþings á netfangið jon@nordurthing.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum til skrifstofustjóra Norðurþings á netfangið beggah@nordurthing.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

Markaðsstjóri óskast

Ert þú drífandi og skipulagður einstaklingur með reynslu af markaðsmálum og brennandi áhuga á hótel- og veitingarekstri?

Hótel Bifröst leitar að framsæknum og skapandi markaðsmanneskju til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi verkefni. Í starfinu felst stefnumótun, samskipti við viðskiptavini og eftirfylgni. Krafist er framúr skarandi samskiptahæfni og metnaðar í starfi.

Umsóknarfrestur til 1.4.2019

Tekið við umsóknum á alma@hotelbifrost.is

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

Iðnaðarmenn

Heilbrigðisþjónusta

Veitingastaðir

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is

www.ils.is | 569 6900 | 9–16

Vilt þú taka þátt í að tryggja aðgengi að húsnæði fyrir alla?

Íbúðalánasjóður

Íbúðalánasjóður leitar nú að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum í störf deildarstjóra á húsnæðisbótasviði hjá Íbúðalánasjóði á Sauðárkróki. Húsnæðisbótasvið sér um húsnæðisstuðning hins opinbera hvað varðar veitingu húsnæðisbóta og ber ábyrgð á framkvæmd og útgreiðslu þeirra. Sviðið ber einnig ábyrgð á þjónustuveri s.s. símsvörun og þjónustu við viðskiptavini og annast bakvinnslu fyrir sjóðinn.

Deildarstjóri húsnæðisbóta á Sauðárkróki

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun húsnæðisbótadeildar í samræmi við stefnu og hlutverk Íbúðalánasjóðs
- Dagleg umsjón með verkefnaáætlun deildar og árangursmælingum
- Þátttaka í þróunar-, umbóta- og átaksverkefnum húsnæðisbótasviðs
- Tryggir að verklagi og verkferlum sé fylgt í starfi deildarinnar
- Umsjón með þróun og viðhaldi verkferla, verklags og upplýsingakerfa
- Samstarf við aðrar deildir sjóðsins s.s. við vinnslu upplýsinga og skýrslugerð

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun og þróun verkferla
- Þekking og hæfni til að nýta upplýsinga- og gæðakerfi sem starfinu tengjast
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Stjórnunarhæfni, færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til samstarfs
- Nákvæmni í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar

Deildarstjóri þjónustuvers/bakvinnslu á Sauðárkróki

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun þjónustuvers og bakvinnslu í samræmi við stefnu og hlutverk Íbúðalánasjóðs
- Dagleg umsjón með verkefnaáætlun deildar og árangursmælingum
- Þátttaka í þróunar-, umbóta- og átaksverkefnum húsnæðisbótasviðs
- Tryggir að verklagi og verkferlum sé fylgt í starfi deildarinnar
- Umsjón með þróun og viðhaldi verkferla, verklags og upplýsingakerfa
- Samstarf við aðrar deildir sjóðsins s.s. við vinnslu upplýsinga og skýrslugerð

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun og þróun verkferla
- Þekking og hæfni til að nýta upplýsinga- og gæðakerfi sem starfinu tengjast
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Stjórnunarhæfni, færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til samstarfs
- Nákvæmni í vinnubrögðum, góðir skipulagshæfileikar og rík þjónustulund

Umsóknum skal skila á **www.starfatorg.is** og þar má einnig nálgast nánari upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars

Nánari upplýsingar veitir
Aldís Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri húsnæðisbótasviðs.
Netfang: aldis@ils.is | Sími: 569 6900

Brekkubæjarskóli auglýsir lausa stöðu aðstoðarskólastjóra

Akraneskaupstaður

Brekkubæjarskóli er grunnskóli með um 450 nemendur í 1.- 10. bekk. Brekkubæjarskóli er skóli sem leggur áherslu á lífsleikni og er skólastefnan Góður og fróður til grundvallar í öllu skóla-starfinu. Kennsluhættir í Brekkubæjarskóla einkennast af fjölbreytni þar sem reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Hluti af því er innleiðing á þverfaglegri teymiskennslu í öllum árgöngum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða faglegt starf í lýðræðislegu og metnaðarfullu skólaumhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Starfsmannastjórnun og samskipti við launabókhald
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Akraneskaupstaðar.
- Að leiða vinnu við innra mat skólans.
- Að leiða faglega forystu.
- Að bera ábyrgð á skipulagi skólastarfs, t.d. stundaskrárgerð í samstarfi við skólastjórn.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjórn.
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

Hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg og/eða reynsla af stjórnunarstörfum á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Þekking og reynsla af fjármálum æskileg.
- Þekking, leikni og hæfni í upplýsinga- og tæknimennt.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Óbilandi trú á réttindum barna og áhugi á að starfa með þeim og foreldrum þeirra.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2019.

Umsóknum fylgi starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands (SÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sótt er um rafrænt í gegnum íbúagátt Akraneskaupstaðar og er umsóknarfrestur til og með 28. apríl 2019.

Nánari upplýsingar veitir Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri, arnbjorg.stefansdottir@brekkubaejarskoli.is, sími 4331300.

www.akranes.is

Er ekki kominn tími til að hægja á og njóta?

Djúpavogshreppur iðar af lífi og gleði án þess að tapa sér í hraðaárättu nútímans. Hæglætið ræður ríkjum og lögð er áhersla á lífsgæði í leik og starfi.

Fjöldi tækifæra eru á svæðinu og meðal þeirra eru eftirfarandi störf:

Djúpavogsskóli auglýsir eftir menntuðum kennurum fyrir skólaárið 2019-2020 í eftirfarandi stöður:

- Skólastjóri grunn- og tónskóla (umsóknarfrestur framlengdur til 20. apríl)
- Umsjónarkennari 1. bekkjar
- Umsjónarkennari 2.-3. bekkjar
- Umsjónarkennari 4.-5. bekkjar
- Umsjónarkennari 6. bekkjar
- Umsjónarkennari 7.-8. bekkjar
- Dönskukennari á mið- og unglingastigi
- Enskukennari á öllum aldursstigum
- Upplýsinga- og tæknimennt á öllum aldursstigum
- Textílmennt og heimilisfræði á öllum aldursstigum
- Íþróttir og sund á öllum aldursstigum

Auk þess vantar þroskaþjálfa við skólann og stuðnings-fulltrúa til að vinna með fötluðum nemanda á miðstigi.

Umsóknir sendist á skolastjori@djupivogur.is fyrir 1. apríl 2019

Skólastjóri, Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Leikskólinn Bjarkatún, Djúpavogi auglýsir eftir deildar-stjóra inn á Krummadeild í 100% starf frá 20. ágúst 2019.

Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli þar sem eru 37 börn. Krummadeild er yngri barna deild með 1 – 2 ára gömlum börnum.

Hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Áhugasömum er bent á að skoða heimasíðu leikskólans www.bjarkatun.leikskolinn.is

Upplýsingar er hægt að nálgast hjá Guðrúnu S. Sigurðar-dóttur leikskólastjóra í síma 470-8720 eða í tölvupósti, bjarkatun@djupivogur.is. Umsóknum ber að skila fyrir 1. maí 2019 í tölvupósti eða til leikskólastjóra Hammersminni 15B. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Djúpavogshreppur auglýsir eftir umsóknum í stöðu fram-kvæmdastjóra Ungmennafélags Neista og íþróttaþjálfara. Einnig er laus til umsóknar staða forstöðumanns félag-smiðstöðvarinnar Zion á Djúpavogi. Ekki er um full störf að ræða en ýmsir möguleikar eru í boði og starfshlutfall sveigjanlegt.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri sveitarstjori@djupivogur.is

DJÚPAVOGSHREPPUR

cittaslow DJUPAVOGSHREPPUR

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sálfræðingur barna	Heilsugæslan Sólvangi	Hafnarfjörður	201903/677
Sumarstörf	Landgræðslan	Landið	201903/676
Starfsm. við ræstingu, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201903/675
Starfsmaður á lager	Landspítali, eldhús	Reykjavík	201903/674
Verkefnastjóri þrýstingssáravarna	Landspítali	Reykjavík	201903/673
Verkefnastjóri byltuvarna	Landspítali	Reykjavík	201903/672
Verkstjóri	Vegagerðin	Vík	201903/671
Verkefnastjóri rannsókna	Rannsóknamiðstöð HA	Akureyri	201903/670
Aðstoðarverslunarstjóri	ÁTVR, Vínbúðin	Höfuðborgarsv.	201903/669
Innkaupafulltrúi	ÁTVR, Vínbúðin	Reykjavík	201903/668
Lögfræðingur	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201903/667
Nýdoktor í vélaverkfræði	Háskóli Íslands	Reykjavík	201903/666
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201903/665
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201903/664
Móttökuritari, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201903/663
Starfsm. við ræstingar, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201903/662
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/661
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201903/660
Hjúkrunarfræðingar	Heilsugæslan Glæsibæ	Reykjavík	201903/659
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, gigtar-/alm. lyflækningad.	Reykjavík	201903/658
Sjúkraliði	Landspítali, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201903/657
Sjúkraliði, næturvaktir	Landspítali, öldrunarlækningadeild	Reykjavík	201903/656
Hjúkrunarfræðingur, sumarafl.	Landspítali, Kleppur	Reykjavík	201903/655
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, vöknun	Reykjavík	201903/654

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérnám í heilsugæsluhjúkrun	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/653
Sérfr. í lyf- og meltingarlækn.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201903/652
Sérfræðingur í flugrekstrardeild	Samgöngustofa	Reykjavík	201903/651
Vef- og viðmótshönnuður	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201903/650
Sérfræðingur í ytra mati	Menntamálastofnun	Kópavogur	201903/649
Sumarstörf	Ríkisskattstjóri	Rvk/Akureyri	201903/648
Starfsmaður á fjárreiðusviði	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201903/647
Sérfræðingur í rekstraráhættu	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201903/646
Sérfræðingur, fjármál og rekstur	Íslenskar orkurannsóknir	Reykjavík	201903/645
Bókasafnsfræðingur	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201903/644
Kennari í tölvugreinum	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201903/643
Framhaldsskólakennarar	Borgarholtsskóli	Reykjavík	201903/642
Matreiðslumaður	Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Mosfellsbær	201903/641
Hjúkrunarfræðingur, sumarafl.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201903/640
Hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/639
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201903/638
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, meðferðargeðdeild	Reykjavík	201903/637
Yfirlæknir	Landspítali, inngr.röntgen/æðaþreng.	Reykjavík	201903/636
Deildarlæknir	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201903/635
Verkefnastjóri sérfæðis	Landspítali, rekstrarsvið	Reykjavík	201903/634
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Hugvísindasvið	Reykjavík	201903/633
Sérfræðingur í gagnasöfnun	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201903/632
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Garðabæ	Garðabær	201903/631
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201903/630
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Reykjavík	201903/629
Starfsmaður á skrifstofu	Kvikmyndasafn Íslands	Hafnarfjörður	201903/628
Starfsmaður í skráningu o.fl.	Kvikmyndasafn Íslands	Hafnarfjörður	201903/627
Starfsmaður framkvæmdastjórnar	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/626
Gæðastjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201903/625

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Rauðaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Rauðaborg lausa til umsóknar.
Rauðaborg er þriggja deilda leikskóli við Viðarás í Seláshverfi. Leiðarljós leikskólans eru gleði, virðing og sjálfstjórn. Leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi Rauðaborgar og unnið er samkvæmt High Scope áætluninni. Hlutverk hinna fullorðnu er að hvetja og aðstoða börnin til að læra og þroskast í gegnum leikinn. Rauðaborg er Grænfánaskóli og er staðsettur í næsta nágrenni við fjölbreytt útivistarsvæði. Leikskólinn hefur tekið gróðurlund í fóstur og börnin fara reglulega í gönguferðir og læra að njóta og fara vel með náttúruna. Gluggaveggir eru á alla vegu innanhúss og leiksvæðin dreifast um allt húsið, þannig að börn og starfsfólk hittast óháð deildum. Unnið er með jóga þar sem áhersla er lögð á gleði og vellíðan og að byggja upp styrk, auka einbeitingu og jafnvægi barnanna. Gott samstarf er við foreldra og grenndarsamfélagið.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Rauðaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2019. Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2019.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.

Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is

Reykjavíkurborg

Vilt þú taka þátt í að byggja upp þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra?

Framkvæmdastjóri óskast

Samstarfsnetið er ný starfseining innan velferðarsviðs Reykjavíkurborgar en hlutverk þess er að veita börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra framúrskarandi stuðningsþjónustu

Framkvæmdastjóra er ætlað að koma að undirbúningi breytinga og innleiðingu á nýjum vinnubrögðum þar sem þjónustan er veitt í dag af fimm þjónustumiðstöðvum víðs vegar um borgina. Framkvæmdastjóri á sæti í framkvæmdastjórn velferðarsviðs.

Nánari upplýsingar veitir Anna Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 411-1111 eða anna.gudmundsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2019

Helstu verkefni

- Forysta og ábyrgð á rekstri og stjórnun samstarfsnetsins
- Byggja upp nýja vinnustaðamenningu
- Leiða fjölbreytt og ólík teymi
- Stefnumótun og umbótastarf
- Samskipti og innri og ytri upplýsingamiðlun

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- eða leiðtogamenntun á meistarastigi er kostur
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af breytingastjórnun og umbótastarfi
- Reynsla og þekking á verkefna- og straumlínustjórnun er æskileg
- Rík frumkvöðla- og nýsköpunarhugsun
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

VIRÐING • VIRKNI • VELFERÐ

EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease
a house in Fossvogur, Kópavogur, Garðabær
or Hafnarfjörður as soon as possible.
Required size is 220 – 300 square meters, Large living room,
2 bathrooms, garage and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years. Please send an e-mail to:
sveinssonk@state.gov **before April 10th.** with information about
the house and location (photos,street and house number) and
phone number of the contact person showing the property.

SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu
hús í Fossvog, Kópavogi, Garðabæ
eða Hafnarfirði eins fljótt og auðið er.
Æskileg stærð 220 – 300 fermetrar, stór stofa,
2 baðherbergi, bílskúr og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á:
sveinssonk@state.gov **fyrir 10. apríl** með upplýsingum um
eignina og staðsetningu (ljósmyndir,götuheiti og húsnúmer)
og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

ÓSKAST TIL LEIGU

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að taka á leigu um 400 m² húsnæði fyrir Vínbúð á Akranesi. Húsnæðið mun skiptast að u.þ.b. 2/3 hlutum í verslunarsvæði og 1/3 hluta í lager og starfsmannaaðstöðu.

Húsnæðið þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera á skilgreindu verslunarsvæði.
2. Liggja vel við almenningssamgöngum
3. Umferð að og frá húsnæðinu skal vera greið.
4. Húsnæðið skal vera á jarðhæð.
5. Húsnæði bjóði upp á að vöruhurð opnist beint út á bak- eða hliðarsvæði.
6. Góð aðkoma sé að húsnæðinu fyrir viðskiptavini og næg bílastæði (a.m.k.20 bílastæði sem eru ætluð Vínbúðinni eða sérmerkt Vínbúðinni).
7. Lögð er áhersla á gott aðgengi af bílaplani fyrir hreyfihamlaða og jafnframt þurfa að vera bílastæði fyrir starfsfólk.
8. Aðkoma að húsnæðinu fyrir flutningabíla með vörur skal vera góð.
9. Verslunarrýmið sé sem næst rétthyrnt (hlutföll rýmisins nálægt 3 á móti 2) og mega súlur, veggir eða annað ekki hamla yfirsýn um verslunarhluta húsnæðisins.
10. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og vera samþykkt af þeim.

Leigutími húsnæðisins er 8-10 ár.

Húsnæðið skal afhenda samkvæmt samkomulagi og ræðst afhendingartími nánar af ástandi þess við afhendingu. Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík fyrir **kl. 11:00, föstudaginn 5. apríl 2019**

Merkt : 40413 - Leiga á húsnæði fyrir Vínbúð ÁTVR á Akranesi

Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:

1. Staðsetning.
2. Teikningar af húsnæði.
3. Mögulegur afhendingartími.
4. Ástand húsnæðis við afhendingu.
5. Leiguverð án vsk. og skal það innifela allan sameiginlegan kostnað.
6. Fyrirsjáanlegar breytingar sem gætu haft áhrif á kröfuliði 1- 10 að ofan á leigutímanum.
7. Kvaðir sem kunna að hafa áhrif á starfsemi Vínbúðar á svæðinu

Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi er opinber framhaldsskóli sem var stofnaður árið 1973.
Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs á bóknámsbrautum auk þess að vera miðstöð kennslu í hótel- og matvælagreinum og starfrækja ferðamála- og leiðsögunám í kvöldskóla. Starfsmenn skólans eru að jafnaði tæplega 100 og fjöldi nemenda í dagskóla eru um 900.

Starfssvið
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

Gylfaflöt — 112 Reykjavík

266 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum
Verslunar- skrifstofu og lagerrými
Frábær staðsetning
Eldhúsinnrétting á efri hæð
Nýtist fyrir ýmis konar starfsemi

Verð : **79,5 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



Heiðargerði 3 — 108 Reykjavík

Endunýjað raðhús með 4 svefnherbergjum
Nýr lokaður sólpallur
Bílskúr
Kjallari með sérinngangi

Opið hús sunnudaginn. 24.mars kl 16:00 -16:30

Verð : **79,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

MIKLABORG Með þér alla leið

Smáraflöt 24

210 Garðabær

Frábærlega vel staðsett einbýlishús neðst í götu við Smáraflöt í Garðabænum.

Húsið stendur við lækinn og hraunjaðarinn.

Rut Kára innanhússarkitekt hannaði stóran hluta hússins sem er mikið endurnýjað.

Tilboð óskast

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson, lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

Dalsbraut 26-28-30

260 Reykjanesbæ

OPIÐ HÚS
laugardaginn 23. mars kl. 13:30 – 14:300

Um er að ræða þriggja og fjögurra herbergja vel skipulagðar íbúðir í þremur litlum fjölbýlishúsum.

Hvert hús er tveggja hæða með 11 íbúðum og stærð íbúða er frá 74,3 fm til 108,2 fm.

Með íbúðum á 1. hæð fylgir stór séreignagarður sem heimilt er að girða af samkvæmt teikningu.

Húsin standa á stórri lóð, með fjölda bílastæða og hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla.

Innréttingar eru allar hannaðar af Hönnu Stínu innanhúsarkitekti

Stutt er í alla þjónustu að Fitjum.

Stapaskóli, einn glæsilegasti leik-og grunnskóli landsins er að rísa í þessu blómlega hverfi, steinsnar frá íbúðunum.

Falleg náttúra er allt um kring og stutt er í ýmiss konar útivistarmöguleika.

verð frá: **31,5 millj.**

Nánari upplýsingar veita:

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjöreign ehf

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Dan V.S. Wiium
hdl, löggiltur fasteignasali,
sími 896-4013

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími 896-4090

Þórarinn Friðriksson
löggiltur fasteignasali,
sími 844-6353

Sigurbjörn Skarphéðinsson
löggiltur fasteignasali, skjalagerð.

Rakel Salóme Eydal
löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

Ásta María Benónýsdóttir
löggiltur fasteignasali,
sími 897-8061

4ra til 5 herb

Kleppsvegur 105-Rvík.
Rúmgóð 4ra til 5 herb. endaíbúð á 2.hæð í fjölbýlishúsi. Suður svalir. Stærð íbúðar er 102,4 fm. + stór sér geymsla í kjallara ca. 14,0 fm. Hús í góðu ástandi. - Laus fljótlega.
Verð: 39,8. millj.

4ra til 5 herb

Þorláksgeisli 3, 113-Rvík.
Opið hús í dag frá kl: 16.30 til kl: 17.00.
Rúmgóð og björt 4ra til 5 herb. íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Stutt í flesta þjónustu, skóla og leikskóla. Fallegt umhverfi og góðar gönguleiðir. Suður svalir. **Verð 52,8 millj.**

Einbýlishús

Nesvegur 107-Rvík.
Opið hús í dag frá kl: 13.00 til 13.30
Einbýli/tvíbýli, hæð og kjallari, ásamt sér-byggðum stórum bílskúr. Hús á frábærum stað. Eignin hefur fengið gott og stöðugt viðhald. Hitalögn er í bílastæðum og gönguleiðum. Laus við kaupsamning. **Verð: 82.00 millj.**

Einbýlishús

SELJUGERÐI 108-Rvík.
Einbýli/tvíbýli, Húsið er á tveimur hæðum ásamt innréttaðri 2ja til 3ja herbergja séríbúð á jarðhæð og innbyggðum bílskúr.
Stærð alls 314,4 fm. Frábær staðsetning við lokaðan botnlanga. Afhending fljótlega.

Traust og örugg þjónusta í 40 ár

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

BÓKHLÖÐUSTÍGUR 10, 101 REYKJAVÍK

Um er að ræða 188,5 fm einbýlishús byggt úr timbri og stendur á steyptum kjallara og er staðsett á horni Miðstrætis og Bókhlöðustígs. Sér bílastæði er á lóð. Húsið var upphaflega byggt árið 1901 og stóð við Vesturgötu 18. Árið 1981 var það flutt á núverandi stað og steyptur var undir það kjallari og húsið gert upp á vandaðan hátt. **V. 99,0 m.**
Opið hús sunnudaginn 24. mars milli kl 14:00 og 14:30
Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignarmidlun.is

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

GOÐHEIMAR 24, 104 REYKJAVÍK

Góð 90 fm 4ra herbergja hæð á efstuhæð í fjórbýli við Goðheima. Glæsilegt útsýni til vesturs yfir Laugardalinn. Skipulag íbúðar: Anddyri, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa og eldhús. **V. 51,0m.**
Opið hús sunnudaginn 24. mars milli kl. 12:00 og 12:30
Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignarmidlun.is

HELGAFELL
FASTEIGNASALA
s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is

Hólmar Björn Sigþórsson
löggiltur fasteignasali
gsm 893 3276

Veitingastofan T-bær til sölu.
Um er að ræða 100 fm veitingahús,1 hektara eignalóð ásamt tjaldstæði í fallegri náttúru í Selvogi, Ölfusi. Staðurinn er stutt frá hinni frægu Strandarkirkju sem er afar vinsæl, ekki síst hjá ferðamönnum. Norðurljósin hafa haft mikið aðdráttarafl. Miklir möguleikar eru á að auka við núverandi rekstur, t.d. með gistiaðstöðu ofl.
Eignin er á góðum og fallegum stað, 60 km frá Reykjavík, og gæti einnig vel nýst sem sumarhús til einkanota.
Eign sem vert er að skoða.
Verð 34.9 milljónir.

Nánari upplýsingar og sýningu á eigninni annast Hólmar Björn Sigþórsson löggiltur fasteignasali og félagsmaður í Félagi fasteignasala s. 893-3276 eða með tölvupósti: holmar@helgafell-fasteignasala.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Hlaupabretti, aðeins 99.000,-
Öflug græja með 3 hp mótor.
Max hraði 16 km/klst.
Breytilegur halli allt að 15°.
Hátalarar, mp3, 12 prógröm. Hámarksþyngd notanda 130 kg.
Afgreitt alla daga.
Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, bakhús.
PREKTÆKI og dót

Delfin iðnaðaryksuga
Gríðaöflugir 3,4 kw mótorar
Ryksugar bæði blautt og þurrt
100 lítra tunna fyrir úrgang
Ítölsk gæði / 2 ára ábyrgð
Verð 490 þúsund krónur plús VSK
Gh-lausnir ehf / Steinhellu 12
Sími 899-1604 / delfin.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

FUJIFILM SMARTPRINT
KYNNINGARTILBOÐ

Frábært kynningartilboð á FUJIFILM SMARTPRINT ljósmyndaprentun úr símum.
Venjulegt verð kr. 50.- pr. **10x15** cm mynd – kynningarverð kr. **35.-** pr. mynd.

Þú sækir FUJIFILM SMARTPRINT appið fyrir Android eða iOS velur myndirnar, kemur svo við í verslun okkar, greiðir, sendir og bíður eftir að myndirnar komi út í frábærum myndgæðum á hágæða pappír.

FERMINGARTILBOÐ
frá LJÓSMYNDAVÖRUM

Nýjasta Instax vélin frá FUJIFILM instax SQUARE SQ6

Verð áður kr. **22.400.-** – Fermingartilboðsverð kr. **17.300.-**

Athugið takmarkað magn í hverjum lit.

FUJIFILM

LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími: 568 0450 www.ljosmyndavorur.is

BETRI MYNDIR!

Dásamlegir smábitar

Smáréttaveislur eru alltaf vinsælar. Fjölbreytnin fer síðan eftir gestgjöfum. Þessir réttir passa vel á smáréttaborð í fermingum eða öðrum veislum. Einfaldar uppskriftir sem auðvelt er að gera.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Fáir komast með tærnar þar sem Jamie Oliver hefur hælana þegar kemur að góðum uppskriftum. Þessar uppskriftir að smáréttum eru allar frá honum komnar og eru sannarlega vel þess virði að prófa. Dásamlegir litlir bitar sem gera veisluborðið svo miklu skemmtilegra.

Fylltar ólífur

500 g passata (tilbúin sósa úr tómötum)
1 krukka svartar ólífur með steinum
65 g fetaostur
1 msk. kapers
40 g hveiti
2 egg
200 g brauðrasp
1 lítri grænmetisolía
Smávegis ferskt óreganó
Smávegis chilli-flögur
Jómfrúarolía

Setjið passata-sósuna í skál. Þerrið ólífurnar, takið steinana úr þeim og setjið í sósuna. Athugið að þær séu allar þaktar í sósunni. Látið standa í eina klukkustund.

Fylltar ólífur eru mikið hnossgæti.

Smáréttir eru vinsælir á fermingarborðið og henta jafnt með súpu eða sem hluti af hlaðborði. Hér eru nokkrar góðar hugmyndir frá Jamie Oliver meistarakokki.

Setjið fetaost og kapers í litla matvinnsluvél og maukið. Takið ólífurnar úr sósunni en geymið hana. Takið smávegis af feta og kapersblöndunni og fyllið ólífurnar hverja af annarri. Setjið upp þrjár skálar, eina með hveiti, aðra með hrærðum eggjum og þá þriðju með brauðraspi.
Látið grænmetisolíu í djúpa pönnu og hitið upp. Nú þarf að vinna hratt og vel. Fyllið ólífurnar eru settar í hveiti, síðan egg og loks eru þær þaktar með raspi. Setjið þær síðan varlega út í olíuna og lækkið hitann ef hún er of heit. Steikið þar til ólífan fær fallegan lit. Þetta tekur stutta stund.
Afgangurinn af sósunni er settur í pott ásamt óreganó og chilli. Hitið upp og látið malla í 4-5 mínútur. Bætið í lokin smávegis jómfrúarolíu saman við og berið fram með ólífunum.

Sveskjur í beikoni

Þennan rétt kallar Jamie Oliver „Devils on horseback“. Einfaldur en mjög góður réttur.

24 steinlausar góðar sveskjur
24 heilar möndlur
Jómfrúarolía
Salt
12 lengjur beikon

Setjið möndlurnar í skál með smávegis olíu og salti. Setjið þær inn í sveskjurnar. Skiptið beikonsneiðunum til helminga og vefjið sveskjunum í það. Raðið á bökunarplötu, breiðið yfir og geymið í ísskáp í smástund. Hitið ofninn í 190°C. Bakið sveskjurnar í 15-20 mínútur eða þangað til beikonið er orðið stökkt. Berið strax fram.

Einfaldar ostastangir

Þessar eru mjög góðar til að stinga í íðýfu eða borða með áleggi.

150 g smjör
225 g hveiti
75 g parmesan ostur
½ tsk. sinnepsduft
½ tsk. paprikuduft, plús auka til að dreifa yfir

Hitið ofninn í 200°C.
Klæðið tvær bökunarplötur með bökunarpappír. Skerið smjörið í litla bita og setjið í skál. Bætið því næst hveiti við og hrærið vel saman þangað til þetta lítur úr eins og rasp. Þá er rifnum parmesan osti (60 g) bætt saman við ásamt sinneps- og paprikudufti. Bætið einni 1-2 msk. af köldu vatni til að halda deiginu saman.
Fletjið deigið út þannig að það verði um 1 cm á þykkt. Skerið niður í 1 cm breiðar lengjur og raðið á bökunarplötuna. Dreifið afganginum af ostinum yfir ásamt smávegis papriku. Bakið í 15-20 mínútur eða þar til stangirnar fá fallegan lit.

Ostastangir sóma sér vel á veisluborðinu, til dæmis með íðýfu.

Sveskjur í beikoni. Fólk er kannski vanara að borða beikonvafðar döðlur en sveskjur eru ekki síðri.

Af hverju ekki að dýfa sykurpúðum í súkkulaði?

Súkkulaðihúðaðir sykurpúðar

Þetta er skemmtilegur réttur á fermingarborðið. Ef um eftirréttaborð er að ræða er upplagt að raða súkkulaðihjúpuðum sykurpúðum ásamt jarðarberjum sem einnig hafa verið hjúpuð súkkulaði. Hægt að skreyta jarðarberin með hvítu súkkulaði.

Marshmallows
400 g dökkt súkkulaði
8 karamellur
sjávarsalt

Bræðið súkkulaði varlega yfir vatnsbaði, gætið að því að ekki sé um of mikinn hita að ræða. Takið skálina af hitanum. Setjið bökunarpappír á plötu. Setjið sykurpúða ofan í súkkulaði og hjúpið þá. Notið tannstöngla til að dýfa þeim ofan í. Merjið karamellurnar smátt og látið örlítið sjávarsalt saman við. Skreytið sykurpúðana með karamellukornunum.

PIERRE LANNIER PARIS
Watch of the year
22.900

ÖSP
UNISEX
Vandað armbandsúr fyrir konur og karla á öll um aldri
ÖSP UV400 sólgleraugu fylgja frítt með
14.900

Fermingarúrin fást í ERNU
ERNA Skipholti
GULL- OG SILFURSMIÐJAN ERNA
Skipholti 3 | Sími 552 0775 | erna.is

YRSA
Reykjavík
Sjálfvinda/ automatic herraúr
37.500

Fermingargjöf
sem gaman er að nota
KREAFUNK
Gæða raftæki, dönsk hönnun
aGroove Þráðlaus hátalari
Verð 9.995 kr.
bGem Þráðlaus heyrnatól
Verð 15.995 kr.
FAKÓ HÚSGÖGN
Ármúli 7, Reykjavík | Sími 568 0708 | www.fako.is

VINSÆLAR FERMINGARGJAFIR 2019

17

FRÁ 6.995 KR

NTC

GJAFAKORT

11.995 KR

FRÁ 26.995 KR

FRÁ 26.995 KR

HERSCHEL FERÐATASKA

Einstaklega flott og vönduð hörð ferðataska frá Herschel. Taskan er úr polycarbonate og því einstaklega létt . Taskan er búin 4 tvöföldum hjólum sem snúast í 360 gráður, TSA lási og skilrúmi.

22.995 KR

29.995 KR

6.995 KR

16.995 KR

GALLERISAUTJAN GALLERI17

KRINGLAN I SMÁRALIND

galleri sautján

A4

Fjölbreyttar fermingargjafir

Ferðataska, Modern Dream
55 sm.
17.990

Instax mini myndavél
Kemur í nokkrum litum.
14.999

Hringastandur
Origami kanína, króm.
1.499

Battlefield-leikirnir standa alltaf fyrir sínu og eru gríðarlega vinsælir enn þann dag í dag. MYNDIR/PLAYSTATIONSTORE

Nokkrar sniðugar tölvuleikjagjafir

Það getur stundum verið erfitt að velja fermingargjöf, en góður tölvuleikur er gjöf sem getur haldið áfram að gefa góða skemmtun í langan tíma. Hér eru nokkrar hugmyndir að góðum leikjagjöfum fyrir stráka og stelpur.

Tölvuleikir eru orðnir háþróað skemmtanaform sem nýtur mikilla vinsælda meðal fólks á öllum aldri, en það getur verið flókið fyrir þá sem þekkja ekkert til að vita hvaða leiki er eitthvað varið í. En það er til mikið af frábærum leikjum fyrir alls kyns ólíkar þarfir og áhugamál, þannig að ef það er hægt að finna eitthvað sem hentar áhugasviði viðkomandi geta verið margar gæðastundir fram undan. Passið bara að fermingarbarnið eigi örugglega réttu tölvuna til að spila leikinn.

Það getur verið gaman að fara í útreiðartúr í Red Dead Redemption 2.

Fyrir samvinnuþýða

Ein vinsæl gerð tölvuleikja eru leikir þar sem leikmenn spila saman í gegnum netið og vinna að sameiginlegum markmiðum. Einn þeirra er Tom Clancy's The Division 2, sem var gefinn út fyrir nokkrum dögum og hefur fengið góðar viðtökur. Í leiknum bregða leikmenn sér í hlutverk hermanna í náinni framtíð sem eru að reyna að endurbyggja Washington D.C. eftir mannskæðan faraldur.

Fyrir skotglaða

Skotleikir eru ein vinsælasta gerð tölvuleikja. Svokallaðir „battle royale" leikir, þar sem leikmenn keppast um að vera á lífi í leikslok, njóta mestra vinsælda um þessar mundir og Fortnite og Apex Legends eru stærstir. En leikjaseríurnar Call of Duty og Battlefield hitta líka alltaf í mark hjá þeim sem hafa gaman af því að keppa á netinu í liðum.

Fyrir íþróttafólk

Þegar kemur að íþróttaleikjum eru FIFA-leikirnir óumdeilanlega á toppnum. Þessi lífseiga leikjaröð gerir fótboltanum, vinsælustu íþróttinni á Íslandi, virkilega góð skil. Nýjasta uppfærslan, FIFA 19, er því eiginlega skyldueign fyrir alla fótboltaáhugamenn og -konur og það er frábær og sígild skemmtun að taka leik með eða á móti vinunum.

Fyrir spennufíkla

Það er til mikið úrval af góðum spennandi leikjum og einn sá vinsælasti um þetta leyti er Spider-Man tölvuleikurinn sem kom út síðasta haust. Þar fá leikmenn að stjórna þessari mögnuðu ofurhetju, sveifla sér á milli skýjakljúfa New York-borgar og berjast við öfluga bófa.

Fyrir útivistarfólk

Það er kannski smá þversögn að tala um tölvuleiki sem henta útivistarfólki en þeir sem hafa spilað Red Dead Redemption 2 vita að það er ekki nauðsynlegt að taka þátt í magnaðri sögu leiksins til að njóta hans. Útreiðartúrar, útilegur og veiðiferðir eru stór hluti af því að upplifa þann fallega og hættulega heim sem leikurinn býður upp á.

Fyrir bílafólk

Forza Horizon 4 er af mörgum talinn það besta sem er í boði í bílaleikjum í dag og hann er sannkallað konfekt fyrir augun. Leikurinn gerist í smækkaðri útgáfu af Bretlandi og leyfir leikmönnum að keyra um með mörgum öðrum og taka þátt í alls kyns viðburðum til að vinna sig upp metorðastigann.

Fyrir ævintýragjarna

Þegar kemur að ævintýraleikjum verður The Witcher 3, sem kom fyrst út árið 2015, seint toppaður, þrátt fyrir aldurinn. En þeir sem hafa takmarkaðan áhuga á að berjast gegn vofum, afturgöngum og öðrum goðsagnakenndum skrímslum hafa kannski meira gaman af því hjálpa Mikka Mús, Andrési Önd og Guffa á ferðalagi þeirra um ævintýraheima Disney og Pixar í leiknum Kingdom Hearts 3, sem kom út í janúar.

SPORT 24

Íþróttavöruverslun

ÖII helstu merkin á einum stað

adidas · NIKE · hummel · PUMA · Champion · ellesse · FILA

Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

Vinsælt hjá öllum kynslóðum

Útivistarmerkið Fjällräven ættu flestir Íslendingar að þekkja enda vinsælt hjá öllum kynslóðum og vörurnar fallegar, stílhreinar og endingargóðar.

Efnin eru einstaklega slitsterk og endingargóð og flíkin endist töluvert lengur en ef um ódýrara efni væri að ræða.

Fyrirtækið var stofnað í Örnsköldsvik í Svíþjóð árið 1960 af ungum náttúruunnanda að nafni Åke Nordin.

Síðan hefur markmið Fjällräven ætíð verið að skapa tímalausa og endingargóða útivistarvöru. Tímalaus og klassísk hönnun þýðir einfaldlega að hún fer ekki úr tísku. Efnin eru einstaklega slitsterk og endingargóð og flíkin endist töluvert lengur en ef um ódýrara efni væri að ræða.

Bakpokarnir eru gríðarlega vinsælir en Fjällräven verslun er staðsett á Laugavegi 67. Í versluninni má finna Fjällräven vörur sem henta jafnt áhugafólki um útivist sem þaulreyndum fjallgöngumönnum og einnig er merkið vinsælt hjá fólki meðvituðu um tísku.

Singi three season svefnpoki með dúnfyllingu – verð 52.800 kr.

Laptop Case – verð 10.800 kr.

Travel toiletry bag – verð 8.900 kr.

Kanken travel wallet – verð 8.900 kr.

Kanken Photo Insert-myndavélartaska fyrir 15”/17” Kanken bakpoka – verð 15.800 kr.

Kanken – verð 12.800 kr. Líka fáanlegir undir fartölvur í stærðum 13”, 15” og 17”. Verð 13.800 – 14.800 – 15.800 kr.

Tommy Hilfiger úrin fást hjá eftirtöldum verslunum:

Gþ. skartgripir & úr, Bankastræti 12, Michelsen úrsmiðir, Kringlunni 8-12, Jón & Óskar, Laugavegi 61, Jón&Óskar Kringlunni 8-12, Jón&Óskar Smáralind. Meba Kringlunni 8-12 og Meba Smáralind. Klukkan Hamraborg. Halldór Ólafsson Glerártorgi Akureyri. Klassík Egilstöðum. Guðmundur B. Hannah Akranesi. Karl R. Guðmundsson Selfossi.

Er veisla framundan?

KJALLARINN og TUNGLIÐ eru frábærir staðir fyrir fermingarveisluna

Hard Rock CAFE
REYKJAVIK

KJALLARINN

Haltu rokkaða veislu
með bestu þjónustunni
og besta matnum.



Inngangur í Kjallarann

Rokk stemning

Haltu öðruvísi veislu

Bókanir og allar frekari upplýsingar - info@hrcreykjavik.com - Sími 856 1229



Góð þjónusta og
frábær matur

Fallegur salur

Veisla eftir ykkar óskum

TUNGLIÐ
VEISLUSALUR

Haltu grand veislu
með okkur.
Fágað umhverfi og
fyrsta flokks þjónusta.

Bókanir og allar frekari upplýsingar - info@hrcreykjavik.com - Sími 856 1229

SÍMI 5 600 888 INFO@HRCREYKJAVIK.COM LÆKJARGATA 2 A REYKJAVÍK 101
HARD ROCK CAFE REYKJAVIK HRCREYKJAVIK #THISISHARDROCK

Fullkomið fótboltaævintýri í Manchester

Fermingarferð Ragnars Otta Jónatanssonar á síðasta ári til Manchester var frábært ævintýri. Þar sá hann uppáhaldsliðið sitt, Manchester United, vinna Arsenal í ferð sem hann og pabbi hans gleyma seint.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Jónatan Fjalar ásamt Ragnari Otta á Old Trafford, degi fyrir stóra leikinn.

Foreldrum Ragnars Otta Jónatanssonar, sem fermdist á síðasta ári, fannst skynsamlegast að gefa honum eftirminnilega upplifun í fermingargjöf, frekar en tölvu eða álíka gjöf. Fyrir valinu varð fótboltaferð til Manchester með föður hans en þeir feðgar halda með Manchester United í enska boltanum auk þess sem fótbolti er helsta áhugamál Ragnars. „Ég er alinn upp við enska boltann og sá fljótt að Manchester United myndi blómstra næstu áratugina," segir Jónatan Fjalar Vilhjálmsson, faðir Ragnars. „Sonurinn var fljótur að læra af pabba sínum og fór snemma að sýna boltanum áhuga. Svo hóf hann sjálfur að æfa með Haukum í Hafnarfirði og þegar skilningurinn á fótboltanum jókst styrktist Ragnar í trú sinni á Manchester-liðinu. Nú reynum við að horfa á alla leiki í sjónvarpinu og gleðjumst og gremjumst saman yfir gengi liðsins."

Þegar kom að því að velja leik voru margir áhugaverðir í boði en foreldrarnir vildum hafa leikinn sem næst fermingartímanum auk þess sem United þurfti að leika gegn einu af stóru liðunum. „Því völdum við leik gegn Arsenal en United voru nýbúnir að selja leikmanninn Henrikh Mkhitaryan til Arsenal og United fékk Alexis Sanchez á sama tíma. Við vorum spenntir að sjá hvernig þeim gengi. Það var hægt að kaupa svokallaða VIP-ferð þar sem ekkert var til sparað og það var auðveld ákvörðun að hafa samband við Fótboltaferðir og ganga frá kaupum á slíkri ferð."

Stútfullir af eftirvæntingu

Leikurinn var spilaður í lok apríl á síðasta ári og dvöldu feðgarnir fjóra daga í London. Fyrsti dagurinn fór í að skoða Football Museum og drekka í sig sögu fótboltans, taka þátt í ýmsum þrautum tengdum fótbolta og eiga þar frábæra stund saman. „Næsti dagur var helgaður ferð á Old Trafford, heimavöll Manchester United, þar sem fermingarbarnið fékk að velja fullt af æfingafötum og vörur merktar félaginu. Við fórum í skoðunarferð um völlinn þar sem m.a. bikarasafn félagsins var skoðað og farið var stuttlega yfir sögu United. Völlurinn var galtómur, enda ekki leikdagur, og

> **Það má segja að 99% af ferðinni hafi farið í að fylgjast með syninum meðtaka allt í kringum áhuga hans á United og fótbolta yfirhöfuð.**
>
> Jónatan Fjalar Vilhjálmsson

VIP-passinn kom sér vel og feðgarnir fengu frábæra þjónustu.

það var magnað að setjast í stjórastólinn við varamannaaðstöðu United og ímynda sér að við værum leikmenn United. Það voru því afar glaðir feðgar sem fóru að sofa þetta kvöld, stútfullir af eftirvæntingu."

Mikil fagnaðarlæti

Loks rann langþráður leikdagur upp og feðgarnir héldu með rútu að leikvangi félagsins. „Þar sem við vorum með VIP-miða bauðst okkur þriggja rétta máltíð fyrir leik og svo var skundað á völlinn ásamt 75.000 manns. „Eftirvæntingin var gríðarleg og bara að sjá leikmenn United hita upp var stórskemmtilegt. Þegar leikmenn komu svo inn á völlinn úr göngunum og allir stóðu upp og klöppuðu, var gaman að sjá augu fermingardrengsins galopin og eftirtektina í hámarki. Leikurinn byrjaði vel

Ragnar Otti Jónatansson mætti vel klæddur á fyrsta leikinn í Manchester.

hjá okkar mönnum þegar Paul Pogba skoraði frábært mark fyrir framan nefið á okkur á 16. mínútu. Gleði drengsins var algjör og við vorum svo glaðir að fá ekki markalausan leik hjá United í fyrstu ferð Ragnars. Arsenal jafnaði þó fljótlega í seinni hálfleik og það stefndi í jafnteflisleik þegar okkar maður, Fellaini, skoraði sigurmarkið á 91. mínútu leiksins. Fagnaðarlætin voru hvergi meiri en hjá okkur feðgum og sigurleikur í höfn."

Nældi í eiginhandaráritun

Eftir leikinn fékk Ragnar þá hugmynd að bíða fyrir utan völlinn til að reyna að fá eiginhandaráritun hjá leikmönnum United. „Það var bókun á annað ævintýri út af fyrir sig þar sem þúsundir aðdáenda biðu í sömu erindagjörðum. Flestir leikmanna gengu fram hjá hópnum en Ragnar gafst ekki upp. Í blálokin gekk Alexis Sanchez frá Síle út en þá vorum við einmitt staðsettir við hlið gaurs sem hélt á fána Síle og United treyju merktri honum. Sanchez tók eftir honum og skundaði beint til okkar og þar með fékk Ragnar eiginhandaráritun hjá honum. Pabbinn gleymdi sér í geðshræringu sonarins og gleði að fá áritun enda var takmarkið alltaf að Ragnar fengi áritun frá leikmanni eða leikmönnum. Á þessum tímapunkti mátti segja að ferðin væri fullkomnuð."

Eiga stundina saman

Ragnar segist aldrei gleyma þessari ferð enda gekk nánast allt upp að hans sögn. „Ég kunni mjög vel við borgina og það var gaman að sjá hvað Old Trafford var stór leikvangur. Hápunkturinn var að sjá mark Fellaini á 91. mínútu í uppbótartíma og fagnaðarlætin sem brutust út í kjölfarið. Allt annað var skemmtilegt og óvænt, eins og að ná eiginhandaráritun hjá Alexis Sanchez sem var geðveikt. Einnig kom mér á óvart hvað margt skemmtilegt var í boði í borginni, t.d. risastórt innanhússminigolf og frábært fótboltasafn."

Þakklæti er efst í huga Jónatans. „Það má segja að 99% af ferðinni hafi farið í að fylgjast með syninum meðtaka allt í kringum áhuga hans á United og fótbolta yfirhöfuð. Það kom á óvart hversu frábær ferðalangur unglingurinn er, þægilegur ferðafélagi og til í hvaða ævintýri sem er. Það eru forréttindi að hafa fengið að vera með honum í hans fyrstu ferð á Old Trafford og við munum alltaf eiga þessa stund saman og hugsa til hennar með hlýju út ævina. Nú getum við ekki hætt að hugsa um hvenær við komumst aftur á Old Trafford að horfa á hetjurnar okkar að spila leik. Við feðgarnir erum orðnir sjúkir í fótboltaferðir og munum pottþétt fara á fleiri leiki saman í framtíðinni."

Þríkrossinn

Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.
Íslenskt handverk. Fæst um land allt.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Stuðningur til sjálfstæðis

FJÄLL RÄVEN
-20%
FERMINGARDAGAR
23.MARS – 23.APRÍL
Verslun Laugavegi 67 — Sími: 519 60 55

Fyrr á tíð var skylda að fermast.
NORDICPHOTOS/GETTY

Tákn um tímamót

Í lífi flestra ungmenna markar fermingin ákveðin tímamót. Orðið sjálft, ferming, er dregið af latneska orðinu confirmare og merkir að staðfesta og í þessu tilfelli að staðfesta skírnina. Á öldum áður var bundið í lög að fermast og öllum skylt að gera það. Ferming þótti ákveðin manndómsvígsla þar sem börn voru tekin í tölu fullorðinna. Í lok 19. aldar var ekki lengur skylda að fermast en þrátt fyrir það hefur sá siður haldist að mestu og flestir unglingar kjósa að láta ferma sig. Þar sem flestir íbúar landsins eru lútherstrúar hefur löngum tíðkast að fermast í kirkju. Undanfarna áratugi hafa þó fleiri valkostir verið í boði og margir kjósa að fermast borgaralega hjá Siðmennt eða hjá Ástrúarfélaginu eða fermast ekki.

Páskagreinar lífga upp á tilveruna.

Páskaskraut á borðum

Fermingar lenda oft nærri páskum og því um að gera að nýta eitthvað af þeim fallegu páskaskreytingum sem til eru í fermingarveisluna. Gulur er enda afskaplega glaðlegur og hlýr litur sem allir tengja við.

Fallegar páskagreinar lífga upp á tilveruna og ekki verra að skreyta þær með páskaeggjum, já, eða til dæmis myndum af fermingarbarninu eða öðru því sem hentar.

Lítil súkkulaðipáskaegg eru líka fullkomið borðskraut. Þau eru litrík og falleg á borðunum en einnig bragðgóð og nýtast því sem hluti af veitingunum í stað þess að enda í ruslinu.

Einfaldur, bragðgóður og frískandi drykkur á fermingarveisluborðið

500 g jarðarber
Safi úr ½ sítrónu
½ bolli basilíkulauf
1 bolli sykur
Kolsýrt vatn

Maukið jarðarberin í blandara og hellið safanum í gegnum sigti eða notið safapressu. Hellið jarðarberjasafanum í mælikönnu og bætið við vatni þar til blandan nær einum bolla. Hellið í lítinn pott og bætið sítrónusafa, basilíku og sykri út í. Hitið við meðalhita þar til suðan kemur upp. Látið malla í fimm mínútur og hrærið stöðugt í á meðan. Takið þá af hellunni og látið kólna. Hellið sírópinu í gegnum hreina grisju í hreint ílát og í ísskáp geymist það í allt að viku.

Til að blanda drykkinn þarf tvær matskeiðar af sírópi í glas eða litlar glerflöskur. Fyllið svo með kolsýrðu vatni, stingið fallegu röri í og berið fram.

thekitchn.com

Það er fátt ferskara en jarðarber og hvað þá þegar sítróna er komin út í.

Stillanleg rúm í úrvali

Gerið gæða- og verðsamanburð

100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD

GJÖF FYLGIR FERMINGARRÚMUM

DELUXE
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann
Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-
120x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-
160x200 cm
Verð aðeins kr. 119.900.-
180x200 cm
Verð aðeins kr. 134.900.-
Ath. fleiri stærðir í boði.

VALHÖLL
5 svæðaskipt heilsudýna
Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-
120x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-
153x203 cm
Verð aðeins kr. 114.900.-
180x200 cm
Verð aðeins kr. 134.900.-
Ath. fleiri stærðir í boði.

SAGA / FREYJA
Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum
Verð með botni og fótum:
80x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 139.900.-
153x203 cm
Verð aðeins kr. 149.900.-
180x200 cm
Verð aðeins kr. 169.900.-
Ath. fleiri stærðir í boði.

Mikið úrval af hvíldarstólum
Verð frá kr. 69.900.-

Roberto
Rafstillanlegur, leður
nokkrir litir.
Verð kr. 179.900.-

Úrval af stillanlegum rúmum

TURIN stór og veglegur sófi
með rafstillanlegum sætum og tungu
Litir: Svart, hvítt og grátt **Verð kr. 890.000.-**

Frábært fyrir stór-fjölskylduna

Sængur og heilsukoddar
Mikið úrval

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Eiríkur Stephensen er í dúettinum Hundur í óskilum. MYND/SIGTRYGGUR

Ástin er Maja

Eiríkur Stephensen er annar helmingur dúettsins Hundur í óskilum. Dúettinn verður í Borgarleikhúsinu næstu þrjá laugardaga með sýninguna Kvenfólk þar sem varpað er óvæntu ljósi á sögu kvenna og kvennabaráttunnar með húmorinn að vopni.

Hundur í óskilum er margrómaður og verðlaunaður dúett sem er leikhúsgestum að góðu kunnur fyrir leiksýningar sínar Sögu þjóðar sem hlaut Grímuverðlaun árið 2012 og Öldina okkar.

Uppskrift að draumahelginni?
Spa.
Besti morgunmaturinn á sunnudagsmorgni?
Beikon, egg og kampavín.
Áttu þér gælunafn?
Nei.
Kærasta æskuminningin?
Vörubíllinn með pabba.
Neyðarlegasta atvikið?
Þau eru of mörg.
Heitur pottur eða gufubað?
Gufubað.
Klukkan hvað ferðu að sofa á kvöldin?
Ellefu.
Hvenær vaknar þú á morgnana?
Sjö.
Ástin er ...
Maja.
Bíómyndin sem þú getur horft á aftur og aftur?
Underground.
Þinn helsti löstur?
Færist of mikið í fang.
Þinn besti kostur?
Skapið.
Áttu þér leikaratvífara?
Patrick Dempsey er mér sagt.
Áttu gæludýr?
Labradorinn Skugga.
Við hvað ertu hræddur?
Sporvagna.
Draumahelgin?
Í Berlín.
Næst á dagskrá?
Bókalestur.

Heimabökuð rúnstykki

Hvernig væri að bjóða upp á nýbökuð rúnstykki um helgina? Það er ekki svo flókið að baka þau. Þessi uppskrift ætti að duga í 12 rúnstykki.

4 dl volgt vatn
¼ dl olía
40 g hunang
½ msk. sjávarsalt
½ msk. þurrger
600 g hveiti

Hitið ofninn í 200°C. Blandið saman volgu vatni, hunangi og olíu. Setjið salt, þurrger og hveiti í hrærivélarskál. Bætið vökvanum saman við og hnoðið. Breiðið plastfilmu yfir skálina og látið hefast í einn og hálfan tíma. Það má gera deigið nokkrum dögum fyrr og geyma það í kæliskáp í allt að þrjá daga. Takið deigið og deilið því í 12 rúnstykki. Setjið bökunarpappír í ofnskúffu og látið standa í 30 mínútur. Penslið toppinn með mjólk og stráið valmúafræjum yfir. Bakið í ofni í 25 mínútur, eða lengur ef þarf. Ofnar eru mismunandi.

Nýbökuð rúnstykki eru mjög góð.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*

NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI

*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.

Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00

KINAHOFID

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI

SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

NÝJA BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is

SUBARU Forester Lux. Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, bakkmyndavél o.fl o.fl. Verð 3.950.000. Rnr.116781.

TOYOTA Land cruiser 120 VX. Árgerð 2006, ekinn 245 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, einstaklega vel með farinn! Verð 1.990.000. Rnr.213373.

TOYOTA Rav4 Sport Hybrid awd 50% rafmagn. Árgerð 2018, Nýr bíll, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Nývirði kr. 6.790.000 Sértilboð þessa viku! 4.990.000. Rnr.116595.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is

SJÁLFSKIPTI DRAUMURINN
'15 FIAT LMC H567. EK 88 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK.....ÁSETT 6.990Þ #454646. S: 580 8900

STJÚPFJÖLSKYLDAN!!!
'15 FIAT LMC A664. EK 86 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK.....ÁSETT 6.190Þ #454645. S: 580 8900

BÍLL ÁRSINS 2014!!!
'14 FIAT KNAUS R16. EK 79 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK.....ÁSETT 5.290Þ #454644. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is

RETRO BÍLLINN!!!
'89 VW LT28 HÚSBÍLL. EK 197 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK.....ÁSETT 999Þ #104432. S: 580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN

M.BENZ GLS 350 D 4MATIC AMG nýskr. 05/2017, ekinn 25 Þ.km, dísel 259hö, sjálfskiptur (9 gíra). Sérpantaður einkabíll, hlaðinn aukabúnaði! Verð 15.555.000 kr. Raðnúmer 259205

RENAULT MASTER DCI125 L2H2 nýskr. 08/2015, ekinn 51 Þ.km, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 2.390.000 kr. + vsk. Ath. 2 stk til! Raðnr. 258697 & 257493

FORD F350 KING RANCH nýskr. 01/2008, ekinn 174 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, pallhús. Mjög gott eintak! Verð 3.290.000 kr. Raðnúmer 288297

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN

HONDA CR-V LIFESTYLE nýskr. 05/2016, ekinn aðeins 33 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður/rúskinn, dráttarkrókur. Einn eigandi! TILBOÐSVERÐ 4.090.000 kr. Raðnúmer 259226

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR

TECHKING VINNUVÉLADEKK
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

LOFTVIFTUR
FRÁ 60-700CM Í ÞVERMÁL
VORTICE
KÆLA Á SUMRIN - DREIFA VARMA
ÁN VIFTU
27°
22°
18°
Ójafn hiti og heitast efst.
MEÐ VIFTU
22°
Jafnari hiti og bætt loftflæði
Gott loft - alltaf góð fjárfesting
Andaðu léttar
ÍSHÚSIÐ
viftur.is
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Til sölu mastercraft 33" negld jeppa dekk frá USA á 17" felgu fyrir Landcruser, Hi lux.2 mán undir bíll verð 198 þús. S-8942460

Mótorhjól

Varahlutir

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Sendibílaþjónusta

SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
Upplýsingar í síma:
Árni 661-3166
Ásgeir 869-3741

Pípulagnir

Lögg. Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Búslóðaflutningar

JD FLUTNINGAR.
Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vörufl.,búslóðafl.,sorpuf. og fl. S: 7868899 jdflutningar@jdflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSFÉLÖG.
Ástandsskoðun fasteigna

Framkvæmdaeftirlit

Ástandskoðun lagnakerfa

Rakavandamál

Verk og kostnaðaráætlun

Þitt Val ehf
s 8448200
thittval@simnet.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Skemmtanir

Bingóleiga hjá bingospil.is

Trésmíði

Get bætt við mig verkefnum sem byggingastjóri. Uppl. sendist til stjorninn@gmail.com

Önnur þjónusta

REYKJAVÍK OG AKUREYRI
www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parketslípun, sólpallaslípun, korkslípun, parketlagnir og djúphreinsun á öllum gólftegundum.EPOXY gólf. Parketvélaleiga. S:7728100 Erum á facebook Parket og málun.

Keypt & Selt

Til sölu

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

AFMÆLISTILBOÐ Í MARS !
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA
Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7, 19 8/, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-4 students/nem. AM&PM/fh&eh. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

AUÐBREKKA TIL LEIGU:
200-450 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð.
Mjög bjart húsnæði og glæsilegt útsýni.
Gæti hentað vel fyrir listamenn.

Kr. 1.250 pr fm
Nánar uppl. s. 840 3992

Geymsluhúsnæði

TIL LEIGU Í MIÐBÆNUM.
18 m2 geymsla í nýlegu fjölbýlishúsi í miðbænum er til leigu. Lofthæð 310 cm. Innangegnt beint úr bílkjallara. Góðar lagerhillur geta fylgt með. Langtímaleiga. Hentar vel fyrir búslóð.
Leiguverð er 25 þúsund krónur á mánuði visitölutryggt.
Upplýsingar gefur Margrét í síma 893 2552
eða á netfangi mkjartansdóttir@gmail.com

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Þjónusta

Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is

Námskeið

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 18. mars til 27. apríl 2019.
Skráning og nánari upplýsingar í símum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:

https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/
https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatanamskeid/

Til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

bauhaus.is

BAUHAUS®

DenForm®

California heitur pottur

Okkar vinsælasti pottur. Stærð 200 x 200 x 82 cm. Sæti fyrir 6 persónur. 21 nuddstútur. Mjög slitsterkur rafmagnspottur. Með lýsingu, síu og loki. Ozon hreinsikerfi. Dönsk hönnun og framleiðsla. Tilboðið gildir til og með fimmtudeginum 11.apríl.

Kjarakaup

469.995.-

~~499.995.-~~

Heitir pottar í miklu úrvali

DenForm®

Montana heitur pottur

Stærð 212 x 212 x 84 cm. Sæti fyrir 6 persónur. 45 nuddstútar. Sérlega stór, rúmgóður og slitsterkur rafmagnspottur. Góður hnakkastuðningur er í pottinum, honum fylgir góð lýsing, sía og lok. Ozon hreinsikerfi. Dönsk hönnun og framleiðsla.

829.995.-

DenForm®

Hawai heitur pottur

Stærð 203 x 89 cm (þv. x hæð). Sæti fyrir 6 persónur. 23 nuddstútar. Mjög rúmgóður og slitsterkur rafmagnspottur. Með lýsingu, síu, loki og tröppu. Ozon hreinsikerfi. Ipod/Mp3 tengi. Dönsk hönnun og framleiðsla.

849.995.-

Heitur pottur

Stærð 172 x 100 cm (þv. x h). Sæti fyrir 4 persónur. Fylgir innbyggður ofn til upphitunar vatns. Bekkur, ofn, skorsteinn fylgir. Þolir saltvatn. Potturinn er framleiddur úr lerki/greni og lakkaður með efni sem hindrar sveppa- og bakteríumyndun.

399.995.-

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Ástkær eiginkona mín og systir okkar,

Sigrún Ágústsdóttir

Sléttuvegi 15, áður Gljúfraseli 12,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni að kvöldi laugardagsins 9. mars. Þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á Alzheimersamtökin. Starfsfólki í Sóltúni og áður á deild L4 á Landakotsspítala er þökkuð frábær umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Bessi Aðalsteinsson
Jón Garðar, Svava, Hörður Gunnar, Steingerður og Áslaug

†

Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,

Helgi Már Kristjánsson

féll frá laugardaginn 2. mars í Leipzig, Þýskalandi.
Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 29. mars klukkan 15.

Kristján Ingi Sveinsson
Sesselja Anna Ólafsdóttir
Davíð Örn Kristjánsson
Katrín Ugla Kristjánsdóttir
Emilía Guðrún Jónsdóttir
Einar Berg Jónsson
Anja Katrínar Smelt
Nóra Katrínar Smelt
Kathleen Cheong
Jón Pétur Einarsson
Paul Lukas Smelt

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Jóhannesdóttir

lést þann 14. mars sl. á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju fimmtudaginn 28. mars kl. 13.00.

Sævar Garðarsson
Rúnar Garðarsson
Hrefna Garðarsdóttir
Úlfar Garðarsson
Jóna Gísladóttir
Þóra Einarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is. Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

„Ég fór með dóttur minni að skoða salinn en var bara látin sitja úti í horni og mátti ekkert heyra!“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dýrkaði Skálanes og ömmu

Vigdís Jack, húsfreyja, bóndi og fararstjóri, fagnar níræðisafmæli á morgun. Hún nýtur þess að taka í spil, sækja tónleika og fylgjast með afkomendunum, 67 talsins.

Hún heitir fullu nafni Guðmunda Vigdís Sigurðardóttir Jack og heldur andlegri heilsu og reisn þó árunum fjölgi. Hún hefur upplifað margt á langri ævi en fyrst er hún innt eftir hvað henni þyki skemmtilegast að gera. „Ég er svo sem ekkert að gera, sit reyndar stundum á rassinum með mæðrastyrksnefnd Kópavogs og sortéra föt, hef gert það í mörg ár. Vann mikið með Rauða krossinum líka en er hætt, ég get ekki prjónað lengur, er svo slæm af slitgigt að ég er komin með verk upp í haus eftir nokkrar lykkjur. En mér finnst gaman að spila. Ég fer alltaf í félagsvist á mánudagskvöldum hér í Gullsmáranum og svo elska ég að fara á tónleika, ég þræði þá. Tvisvar í viku fer ég í sundleikfimi í Boðaþinginu, hún heldur mér gangandi. Ég væri komin í hjólastól annars.“

Vigdís fæddist á Skálanesi í Gufudalssveit við Breiðafjörð en flutti á Akranes með fjölskyldu sinni níu ára gömul. Hún sinnti ýmsum störfum frá ellefu ára aldri, sem barnapía, sendill á símstöðinni, vinnukona í Reykjavík, kaupakona í sveitum, ráðskona í vegagerð og víðar, á saumastofu hjá Begga fína og vinnukona í Hvalstöðinni tvö sumur. Tuttugu og þriggja ára gerðist hún ráðskona hjá séra Róbert Jack í Grímsey sem þá var nýorðinn ekkjumaður með fjögur börn. Þau giftu sig ári seinna og fluttu fljótlega til Kanada til tveggja ára dvalar. Síðar settust þau að á Tjörn á Vatnsnesi og bjuggu þar í yfir 30 ár. Þá fluttu þau í Kópavog og séra Róbert lést árið 1990. Hún er fljót til svars þegar hún er spurð hvar henni hafi liðið best.

„Á Skálanesi. Ég dýrkaði þann stað, þar var svo sterkt samfélag. Þar var amma og tveir synir hennar með sínar fjölskyldur. Ég dýrkaði líka ömmu. En jörðin var lítil svo foreldrar mínir fluttu með okkur börnin á Akranes. Mér

> **Ég var alltaf með stórt heimili og sinnti líka búskap. Svo var það þannig að þá þótti allt í lagi að bæta við kaupstaðarbörnum í nokkrar vikur á sumrin, þó að það væru átta til tíu fyrir, samt var allt þvegið í höndunum og allt brauð bakað heima.**

fannst það hryllilegt. Svo lagaðist það. En ég fékk alveg að heyra að ég kynni ekki að tala, þegar mig langaði að ganga út á tanga.“

En hvernig var á Vatnsnesinu? Var ekki stundum hafís fyrir landi? „Jú, einu sinni var Húnaflóinn fullur af ís fram í júní. Auðvitað var oft kuldalegt, en líka ofboðslega fallegt, sérstaklega sólarlagið. Þó ekki eins mikilfenglegt eins og í Grímsey um sumarsólstöður, það er hvergi eins. Að liggja uppi á bjargbrún á miðnætti, þar sem bergið er þúsund fet niður, fuglarnir í milljónatali og sólin sígur undurhægt niður að haffletinum og svo upp aftur. Einu sinni var fólk frá Kanada í heimsókn hjá okkur á Tjörn, við vorum úti í kirkju eitt kvöldið að spila og syngja og þegar við komum út á kirkjutröppurnar sat sólin á haffletinum. Gestirnir urðu fyrir svo miklum hughrifum og skrifuðu okkur seinna að þessi upplifun hefði toppað allt annað.“

Þegar Róbert tók við Tjörn var þar ekkert hús nema kirkjan, en fjölskyldan bjó á Geitafelli, þar í grennd, um tíma í góðu húsi, en litlu. „Þetta voru þrjú herbergi og eldhús og við vorum orðin átta en það var dásamlegt að komast í hús með rennandi vatni. Það höfðum við hvorki í Grímsey né Kanada. Í Grímsey var nánast ekkert vatn að hafa. Það var svakalegt. En prestssetrið á Tjörn var stórt þegar það kom, enda var það líka samkomuhús sveitarinnar – og fjölskyldan stækkaði,“ segir Vigdís sem eignaðist sex börn. „Ég var alltaf með stórt heimili og sinnti líka búskap. Svo var það þannig að þá þótti allt í lagi að bæta við kaupstaðarbörnum í nokkrar vikur á sumrin, þó að það væru átta til tíu fyrir, samt var allt þvegið í höndunum og allt brauð bakað heima.“

Vigdís hefur notið lífsins á síðustu áratugum, var í Nafnlausa leikhópnum, íþróttafélaginu Glóð og stóð fyrir „skvettuböllum“ ásamt vinkonum. Svo hefur hún ferðast, ýmist á eigin vegum eða með ferðaskrifstofum og var fararstjóri í mörgum ferðum eldri borgara. Telst til að hún sé búin að koma til 32 landa. Spurð hvað henni hafi þótt merkilegast af því sem fyrir augun bar svarar hún eftir smá umhugsun: „Það var í Argentínu. Þegar maður kemur af flugvellinum sér maður ekkert nema kofa í hundraða eða þúsunda tali, jafnvel úr pappakössum og járnplötum, algjör hreysi, en alls staðar voru sjónvarpsloftnet og bíll fyrir utan.“

Vigdís á orðið 67 afkomendur og kveðst fylgjast með þeim öllum. „Það er margt í kringum mig. En ein fjölskyldan er á Akureyri, þrjár í Noregi, ein í Danmörku og ein í Bandaríkjunum. Jú, ég heimsæki allt þetta fólk öðru hvoru.“

Hún heldur upp á 90 ára afmælið á morgun í Gullhömrum í Grafarholti. Þar verður opið hús milli 14 og 18. „Ég bað um sal fyrir 250 manns, það er útilokað að vita hvað margt mætir. Bara í minni fjölskyldu eru yfir 100 manns og það er komið fólk frá Danmörku, Noregi og Skotlandi að elta gamla geit! Ég veit ekkert hvernig þetta afmæli verður, fór með dóttur minni og að skoða salinn en var bara látin sitja úti í horni og mátti ekkert heyra!“

gun@frettabladid.is

Elephant stóll
& kollur

NORR11 kynnir: Elephant kollinn. Elephant kollurinn er hugsaður sem skemill við Elephant hægindastólinn eða bara sem kollur einn og sér. Af því tilefni bjóðum við **15% kynningarafslátt** þegar keyptur er Elephant hægindastóll og kollur. Tilboðið gildir út marsmánuð.

HVERFISGATA 18A

NORR11

101 REYKJAVÍK

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Einarsdóttir

áður Aðalgötu 19, Keflavík,

lést miðvikudaginn 13. mars sl. á Hrafnistu, Hlévangi. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 28. mars kl. 13.

Björg Sigurðardóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Ásta Sigurðardóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Erna Sigurðardóttir
Guðbrandur Sigurðsson
Jan-Erik Larsson
Jónas Ragnarsson
Helgi G. Eyjólfsson
Helga Birna Rúnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Karen Júlía Magnúsdóttir

(Didda)

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 19. mars. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 29. mars klukkan 15.00.

Víðir Finnbogason
Anna Jóna Víðisdóttir
Stella K. Víðisdóttir
Berglind Víðisdóttir
Harpa Víðisdóttir
Knútur Þórhallsson
Oddur Ingason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

Hartmann Eymundsson

múrarameistari,

lést þann 18. mars 2019 á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju þann 28. mars næstkomandi klukkan 13.30.

Hannes Hartmannsson
Jóhanna Hartmannsdóttir
Dóra Hartmannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Sigurlaug J. Jónsdóttir

ökukennari,

lést á líknardeild Landspítalans 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 26. mars kl. 13.

Guðmundur Rúnar Ólafsson
Elínborg Jóna Ólafsdóttir
Kristín Ólafsdóttir
Ólafur Erling Ólafsson
Linda Björk Magnúsdóttir
Guðmundur Kr. Tómasson
Valur Einar Valsson
Helma Ýr Helgadóttir
og fjölskyldur.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, kær systir og mágkona,

Sigrún Björk Gunnarsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Arkarholti 14, Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi fimmtudaginn 14. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 28. mars kl. 15. Hjartans þakklæti til starfsfólks á B4 Landspítala í Fossvogi og starfsfólks á Höfða fyrir kærleiksríka umönnun.

Ásgeir Indriðason
Hjörtur Eiríksson
Anna Silfa Þorsteinsdóttir
Gunnar Reynir Þorsteinsson
Svava Björk Ásgeirsdóttir
Kristján Júlíus Kristjánsson
Sólrún Inga Ólafsdóttir
Egill Örn Arnarson Hansen
Renqing Zhuoma
Kristmundur A. Jónasson
Kristín Guðrún Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Megum ekki sofna á verðinum

Andras Hamori deildi harmþrungnum minningum sínum um helförina á vel sóttum hádegisverðarfundi í Iðnó í gær. Hann upplifði þar mikinn hrylling og missti fjölskylduna.

Ólýsanlegum hryllingi helfararinnar í síðari heimsstyrjöldinni var vel lýst á hádegisverðarfundi í Iðnó í gær af Andras Hamori, leikara og kvikmyndaframleiðanda.

Andras er gyðingur af ungverskum uppruna og var fluttur nauðugur, ásamt fjölskyldu sinni, frá Ungverjalandi í útrýmingar- og þrælkunarbúðir nasista vorið 1944. Lífi hans, og þúsunda annarra gyðinga í Ungverjalandi, var bjargað af Raoul Wallenberg, sænskum stjórnarerindreka, sem útvegaði þeim sænskt vegabréf. Fjölskylda Andras átti hins vegar ekki afturkvæmt. Hann flúði yfir til Austurríkis og fékk vernd sem flóttamaður í Bandaríkjunum þar sem hann hefur búið síðan.

Að loknu erindi Hamori þakkaði Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, honum fyrir að leggja það á sig að segja sögu sína. „Við þurfum að hlusta. Við þurfum að muna," sagði Ásmundur Einar og bætti við: „Það er ekki auðvelt að ræða og rifja upp hræðilega atburði en ef við gerum það ekki er hættan sú að við förum að taka lífinu og friðsamlegri framtíð sem sjálfsögðum hlut. Við megum ekki sofna á verðinum."

Aðrir sem tóku til máls á fundinum voru Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við Háskóla Íslands, Morten Kjærum, framkvæmdastjóri Raoul Wallenberg Institute, og Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi. **– gun**

Andras Hamori leikari og Ásmundur Einar Daðason, félags-og barnamálaráðherra.

Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Einars Sigurbjörnssonar

Einnig færum við öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans á ýmsum deildum Landspítalans þakkir fyrir þeirra góðu verk, umönnun og hjúkrun, og ennfremur þeim fjölmörgu sem sýndu Einari og fjölskyldunni stuðning og umhyggju með hlýhug sínum og fyrirbænum.

Guðrún Edda Gunnarsdóttir
Sigurbjörn Einarsson
Guðný Einarsdóttir
Magnea Einarsdóttir
Karen Sif Þorvaldsdóttir
Jón Hafsteinn Guðmundsson
Yngvi Eiríksson
og barnabörn.

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar J. Valdimarsdóttur

Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu, Nesvöllum, fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Valdimar Þorgeirsson
Þorgeir Þorgeirsson
Margrét S. Karlsdóttir
Hulda K. Jóhannesdóttir
Ólöf Karlsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Kristinsdóttir

áður til heimilis í Miðleiti 7,

lést á Droplaugarstöðum 21. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. mars kl. 15.00.

Sigurður Sveinbjörnsson
Árni Sveinbjörnsson
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Anna María Sveinbjörnsdóttir
Dagný Jónasdóttir
Áslaug Sigurðardóttir
Soffía Theodórsdóttir
Valgerður Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og tengdasonur,

Marteinn Einar Viktorsson

verkstjóri, Kambaseli 1,

lést á heimili sínu aðfaranótt 16. mars. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 29. mars klukkan 15.00.

Sigríður Magnea Gestsdóttir
Gestur Svavar Marteinsson
Harpa Rós Marteinsdóttir
Stephen Serieux
Stephen Dominic og Jayden Máni Serieux
Hulda Friðbertsdóttir
Sólborg I. Matthíasdóttir
og aðrir aðstandendur.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Ólafur Bjarnason

fv. fjármálastjóri,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þann 14. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, fimmtudaginn 28. mars kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á að leyfa Fríkirkjunni í Hafnarfirði að njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þorgerður María Gísladóttir

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðmunda Marsibil Magnúsdóttir

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 6. mars. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför.

Árni Egilsson
Egill Egilsson
Óskar Egilsson
Kristín Rós Egilsdóttir
Birgir Egilsson
Erla Jóna Steingrímsdóttir
Þórdís Sigurðardóttir
Anna Björk Sigurðardóttir
Árni Sigurður Hafdal
og ömmubörn.

GRÍSA DAGAR

ALGJÖR GRÍS FRÁ 22.-31. MARS

GRÍSARIF
1490 KR
MEÐ FRÖNSKUM OG GOSI

PULLED PORK
1490 KR
MEÐ FRÖNSKUM OG GOSI

BÆTTU VIÐ
BEIKONI
ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

DIRTY BURGER & RIBS

pepsi MAX

WWW.DBR.IS

MIKLUBRAUT Á MÓTI KRINGLUNNI | AUSTURSTRÆTI 10 | GNOÐARVOGI 46

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

VESTMANNAEYJAR

K	O	D	D	A	S	L	A	G	■	B	■	B	■	Þ	A	R	F	I	R
L	■	U	■	F	■	■	■	A	F	L	E	I	T	I	■	A	■	N	■
A	F	L	I	T	U	N	U	M	■	E	■	Đ	■	N	Á	M	U	N	A
K	■	K	■	U	■	■	■	A	U	K	A	L	A	G	■	M	■	K	■
A	X	L	A	R	■	T	■	N	■	S	■	U	■	L	Í	F	H	O	L
B	■	Æ	■	L	■	A	■	Y	S	T	I	N	G	I	■	A	■	M	■
R	Á	Đ	G	J	A	F	A	R	■	E	■	D	■	Đ	■	L	Ó	U	M
Y	■	U	■	Ó	■	S	U	Đ	U	R	S	I	N	S	■	S	■	■	E
N	Á	M	S	S	T	I	G	I	■	K	■	N	■	I	L	K	A	N	N
J	■	■	Ö	■	E	■	N	■	H	A	K	A	N	N	■	A	■	■	N
A	R	F	G	E	N	G	A	R	A	■	A	■	Í	S	K	R	A	P	I
■	A	■	U	■	I	■	M	■	T	A	L	I	Đ	■	A	■	F	■	N
A	U	Đ	L	I	N	D	I	N	A	■	L	■	F	■	F	É	L	A	G
■	Đ	■	E	■	G	■	Đ	■	R	E	I	Đ	A	N	A	■	A	■	U
Á	H	U	G	A	S	V	I	Đ	I	■	N	■	S	Æ	R	I	S	T	■
■	Æ	■	■	R	■	A	■	■	■	S	N	O	T	R	A	S	T	A	R
D	R	A	U	M	A	L	A	N	D	I	■	R	■	E	■	M	■	M	■
■	Đ	■	■	A	■	I	■	Ó	■	G	E	T	I	N	N	I	■	A	■
L	A	U	S	N	I	N	■	T	■	N	■	R	■	D	■	N	Æ	R	A
■	N	■	■	A	■	N	A	U	T	A	B	A	N	A	N	N	■	A	■

LAUSNARORÐ: Ef orðunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ægifagurt landsvæði. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. mars á krossgata@frettabladid.is merkt „23. mars“.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Heltekinn** eftir **Flynn Berry** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ólöf Björg Einarsdóttir, 203 Kópavogur**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Gullöld yfirlitsritanna (9)
11 Sendi hluta manns í gleðskap (10)
12 Fiskur er sem smurning fyrir þarmana (9)
13 Rýmið risið uns tómið heimtir andann (9)
14 Ávísun á landabréf (9)
15 Njóli stendur í kóraninum (4)
16 Nú, eftir því sem ég best veit stangast þetta á við hitt (9)
18 Fjósið og hænsnakofinn eru heimili þeirra (10)
19 Úrvals áverki er það eina sem er að (4)
21 Hér segir af síðu dressi, einkum þó í annan endann (7)
24 Óreynd leitar vel feitra og ferskra jóða (8)
27 Af því sem sagt er og þekkt (7)
30 Afhending verður í forstofu (7)
31 Er elskur að múruðum og iðnum meyjum (8)
34 Uppblástur er svik við jörðina (7)
35 Sjá kind þar sem spretta er ber (7)
36 Stíllinn stórbatnar ef þið hnikið til nokkrum orðum (8)
37 Vor án hláku eru róleg (7)
39 Voru ekki sigruð uns þau gengu ástinni á hönd (6)
40 Blaðrar sífellt um það sem við sóttum úr gryfjum (10)
44 Læt stjörnu um að grilla stjörnu (7)
47 Andrésina öðlast annað líf (3)
48 Verð hissa er ég skynja skerpu (3)
50 Hér mun ástin alltaf spíra einhvernveginn (5)
51 Sögur af stöndugri fjölskyldu, svona miðað við aðrar (8)
52 Þetta er ekki ódrepandi önd (5)
53 Slóð skírlífra systra í glitvefnaðinum (9)
54 Legg mat á þverbresti og þulur (8)

LÓÐRÉTT

1 Hvíla svola og garma með niðurfallssýki (11)
2 Hans þekkir skipuleg handalögmál og hlífðarbúnaðinn sem þau kalla á (11)
3 Krappi sameinar níska og þeirra illa fengna auð (9)
4 Set prjón í mjúkan og þekjandi gróðurinn (9)
5 Söngla í c og d fyrir greifa í messu (8)
6 Áhald sem kom sér vel er ég slípaði ameríska stórborg (6)
7 Gripin þótt snögg væru og engin undanskilin (8)
8 Krækjum í kant með skartgripum (9)
9 Tímabundið eftirlit breyttist í sérstakt embætti (9)
10 Greiða íbúum Luton og Reading sín laun (7)
17 Skrapa saman tónverkum í regluverki um menningarstarfsemi (10)
20 Keppast um að leysa eins fáa og fáráða og hægt er (9)
22 Geymdu mjöð á sætinu í sumblinu (9)
23 Gissur hefur gersemi í gumps stað (8)
25 Kynjaskepnan í kyrnunni ruglar alla (8)
26 Hér segir af lúðum sem við eyddum (7)
28 Gotan kemur frá sundraðri suðurhafseyju (5)
29 Brenndi bareflin til að lifa veturna (7)
32 Skinn skassa er flík fjölkunnugra (10)
33 Tuða sundurlaust um fölar fraukur (5)
38 Ven mikil við vagg milli skafla (8)
41 Höggum þá horskum (6)
42 Fljót að fella alla nema vítur tefji (6)
43 Skýst til og frá einn gang enn (6)
45 Másar gröð með meistaragráðu (6)
46 Þjálfa kölkuð holdýr til að syngja sálma (6)
48 Dúða lasin fyrir ferðina í bústaðina (5)
49 Þessi flata skrá er alveg að gera sig (5)

LÉTT

		2	4	1			8	6
5			3	7	8		9	
4				9		7		
	4							8
		7	8			9		
		5					3	
	8	3	7				1	2
1		6	2	3	4		7	
2			1				6	

MIÐLUNGS

				3		5	8	1
6			7					
8	4		9		2	3		
4					6		7	9
			2			4		3
9	1			4		2		
	8		4	6			9	
2	6							

ÞUNG

		7	9	6				5
	5						6	
3		4					8	
1	4						5	
							9	
	8		1		4			
	2					9		8
			7				1	3
	3	1		5		2	7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	6	8	2	5	9	4	7	1
4	1	2	7	3	8	9	5	6
7	5	9	6	1	4	2	8	3
5	9	6	4	8	1	7	3	2
1	2	3	5	9	7	6	4	8
8	4	7	3	6	2	1	9	5
2	8	5	9	4	6	3	1	7
6	3	4	1	7	5	8	2	9
9	7	1	8	2	3	5	6	4

3	1	7	4	6	2	5	9	8
2	8	6	5	9	7	4	1	3
4	5	9	3	8	1	6	7	2
5	7	8	6	4	9	3	2	1
6	4	1	2	7	3	9	8	5
9	2	3	8	1	5	7	4	6
7	6	2	9	3	8	1	5	4
1	3	5	7	2	4	8	6	9
8	9	4	1	5	6	2	3	7

4	6	1	8	5	3	9	2	7
5	7	2	6	9	4	8	1	3
8	9	3	1	2	7	4	5	6
7	3	5	2	4	9	6	8	1
1	8	4	3	7	6	5	9	2
6	2	9	5	8	1	3	7	4
2	1	6	9	3	5	7	4	8
3	5	7	4	1	8	2	6	9
9	4	8	7	6	2	1	3	5

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Halldór Grétar Einarsson (2.272), Breiðabliki, Bolungarvík og Reykjanesi, átti leik gegn Áskeli Erni Kárasyni (2.253), Skákfélagi Akureyrar

27. Hxh7+! Kxh7 28. Hh1+ Dh6 29. Hxh6+ og hvítur vann skömmu síðar. Skákþing Norðlendinga – Norðurorkumótið hófst í gær á Akureyri. Mótaröð Laufásborgar hefst í dag.

www.skak.is: Mót helgarinnar.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

SAGNKERFI

Sagnkerfi hafa í sumum tilfellum úrslitaáhrif um niðurstöðu spila. Í þessu spili, sem kom fyrir í sveitakeppni Bridgehátíðar, spiluðu flestir 4 ♠, eða meira, á NS-hendurnar. En spaði var ekki samningurinn hjá Ómari Olgeirssyni og Ragnari Magnússyni í sveit Don Julio, vegna sagnkerfis Ómars og Ragnars. Á hinu borðinu í þeirra leik var samningurinn 4 ♠, sem voru unnir með yfirslag. Ómar opnaði hins vegar á vesturhöndina (suður gjafari og enginn á hættu) á tveimur laufum (precision opnun) sem í þessu tilfelli lofuðu 6 spilum í litnum.

Norður
♠ ÁDG965
♥ KG2
♦ ÁK104
♣ -

Vestur
♠ K42
♥ ÁD7
♦ 3
♣ ÁD10863

Austur
♠ -
♥ 10653
♦ 7652
♣ 97542

Suður
♠ 10873
♥ 984
♦ DG98
♣ KG

Norður doblaði til að sýna sterk spil og Ragnar Magnússon lét vaða í 5 ♣ með austurhöndina. Sá samningur var doblaður (og spilaður) og útspil norðurs var tígulkóngur. Suður setti drottninguna í þann slag. Vörnin spilaði næst tígli á gosa suðurs og Ómar sá að þetta spil gat staðið ef hann fyndi laufleguna og myndi aðeins tapa einum slag á hjarta. Hann trompaði, trompaði spaða í blindum og spilaði laufi. Þegar suður setti lítið spil, var drottningu svínað og fyrsta skref komið. Ómar einbeitti sér að því að tæma alla liti, trompaði þrisvar spaða, tvisvar tígul og tók trompið af suðri. Í stöðu í spilinu var 1 tígull eftir og spaðinn búinn. Fjórða tíglinum var spilað og Ómar hefði getað unnið spilið með því að henda hjarta og vona að norður færi inn (og þyrfti að spila upp í hjartagaffalinn). En 4 tígullinn var trompaður, spilað inn í blindan og hjarta spilað. Suður gætti þess að setja hátt spil (8 - svo sagnhafi gæti ekki dúkkað og hent norðri inn) og norður drap drottningu á kóng. Hann spilaði hjarta til baka og Ómar ákvað að veðja á að suður ætti gosann og norður 9 í litnum. Ómar hleypti því slagnum heim og fór 1 niður þegar legan var akkúrat öfug. Það þýddi 8 impa gróði – en hefði verið tvöföld geimsveifla, ef samningurinn hefði staðið

PIER

Frábærar fermingargjafir!

Veggklukka,
4.990,- 3.992,-

Veggklukka,
5.990,- 4.792,

Sértilboð!

PAPASAN bambus stóll með pullu,
25.980,- 19.990,-

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

Sértilboð!

LUNEVILLE snyrtiborð
29.900,- 14.990,-

RUBY loðskinn, 9.990,- 7.992,-
margir litir til!

Mikið úrval af hnöttum!

CORNA horn, 6.990,- 5.592,-

ROMANA sófi, 49.900,- 39.920.
137x77xH76cm,-

BUSBY kollar, 12.990,- 10.392,-

www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 21. mars- 27. mars. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

PIER
BRINGING IT HOME

Við erum stolt af frumkvöðlum Startup Tourism

BusTravel IT

FilmTrip

GeoGardens

Iceland Outfitters

Iceland Soccer Travel

Selfie Station

ÍSLENSKI FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster

BLUE LAGOON
ICELAND

Íslandsbanki

STARTUP TOURISM

ICELANDIC STARTUPS

HandPicked Iceland

Iceland Bike Farm

Venture North

Wapp-Walking app

vodafone

ICELANDIC STARTUPS

isavia

KRAKKAR



Konráð og félagar á ferð og flugi 345

„Þar fór í ver," sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst." Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein."

„Of sein, of sein," sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?" bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

Getur þú hjálpað þeim að komast í gegnum völundarhúsið?

Dýr vikunnar: Marðarhundur

Austur í Asíu er upprunnin dálítið skrýtin skepna sem lítur út nokkurn veginn eins og þvottabjörn en er þó enginn þvottabjörn, heldur einhvers konar hundur. Á flestum tungumálum er hann líka kenndur við útlit sitt og kallaður þvottabjarnarhundur en á íslensku hefur tegundin fengið heitið marðarhundur.

Marðarhundurinn er eina dýrið í sérstakri kvísl hundaættarinnar, til hliðar við hundategundir eins og úlfa, refi og fleira. Hann er 45 til 71 sentimetri á lengd og býsna algengur í Asíu, þó honum hafi fækkað töluvert vegna ágangs mannsins. Hann er nefnilega mikið veiddur, ekki síst vegna feldarins sem klæðskerar eru hrifnir af og nota í pelsa og kraga. Feldurinn er þykkur og gerir marðarhundinum kleift að standa af sér mikinn kulda– allt niður í 25 stiga frost. Marðarhundurinn er líka eina dýrið af hundaætt sem leggst í dvala!

Á árabilinu 1928 til 1958 voru tíu þúsund marðarhundar fluttir til Sovétríkjanna og dreift þar um allt til að reyna að kynbæta þá, með feldinn í huga. Síðan þá hefur hann fjölgað sér umtalsvert og dreift sér inn í Mið-Evrópu. Þar er litið á hann sem plágu og hann er veiddur, enda er hann alæta og leggst meðal annars á alifugla, bændum til mikils ama.

Hann er ekkert sérstaklega sætur, marðarhundurinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Grímar Gauti vandar sig við bílaþvottinn undir vökulu auga Árna.

Mest sport að sprauta á löggubílinn

Grímar Gauti Ólafsson datt í lukkupottinn því honum var boðið í heimsókn á bílaverkstæði lögreglunnar í Reykjavík.

Hann Grímar Gauti er sex ára, bráðum sjö. Hann sagði frá því í viðtali á krakkasíðu Fréttablaðsins að hann langaði að verða „löggubílalagari". Hann varð mjög hissa þegar haft var samband við hann frá Ríkislögreglustjóra og honum var boðið í heimsókn á verkstæði til að yfirfara einn lögreglubílinn með Árna Friðleifssyni varðstjóra.

Hvað fannst þér merkilegast við heimsóknina á verkstæðið?

Að hitta mann sem heitir Árni og er úr járni!

En skemmtilegast?

Að sprauta vatni á löggubílinn.

Hér kemur myndasaga um ævintýri Grímars Gauta.

Ekki spillti að fá svo leikfangalöggubíl og lögreglumerki að gjöf.

Rúðupissið verður að virka. Best að bæta vatni með ísvara á það.

Billinn er útskrifaður og best að loka.

Ljósið og sírenan eru í lagi. Gott.

Jú, nagladekkin virðast vera í lagi. Eins gott. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

379
kr. kg

Spergilkál
Spánn

379
kr. kg

Blómkál
Spánn

1 kg

1.098
kr. 1 kg

Jarðarber Askja
1 kg, Spánn

250g

195
kr. 250 g

Kirsuberjatómatar
Spánn, 250 g

195
kr. 170 g

Paprika Ramiro
170 g, Spánn

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Smáratorgi: Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **24. mars** eða meðan birgðir endast.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 7 ↑	-3 °C | 7 ↑	0 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
1 °C | 2 ↗	-2 °C | 4 ↙	-7 °C | 9 ↗

Norðvestan 20-28 m/s á austanverðu landinu, annars víða 13-20. Snjókoma eða skafrenningur um mestallt land. Hiti kringum frostmark. Lægir með morgninum. Sunnan 5-13 og slydda eða snjókoma með köflum, en bjartviðri um landið norðaustanvert. Hlýnar lítillega í veðri.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	2 °C | 9 ↘	6 °C | 7 ↑	3 °C | 8 ↗	4 °C | 8 ↑	2 °C | 3 ↑
Ísafjörður	-3 °C | 7 ↓	1 °C | 5 ↖	-1 °C | 5 ↗	1 °C | 4 ↑	-2 °C | 3 ↑
Akureyri	3 °C | 9 →	-2 °C | 1 ↖	1 °C | 3 ↗	0 °C | 2 ↖	-1 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	3 °C | 9 ↘	0 °C | 2 ↑	3 °C | 4 ↗	1 °C | 4 ↑	1 °C | 3 ↖
Kirkjubæjarklaustur	2 °C | 14 ↘	1 °C | 4 ↙	5 °C | 2 →	4 °C | 1 ↖	2 °C | 2 ↖
Hveravellir	-3 °C | 9 ↘	-1 °C | 10 ↑	-2 °C | 7 ↗	-2 °C | 13 ↑	-3 °C | 8 ↑

Fedasz Dental Hungary
your specialist in dental tourism

Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!
0036 70 942 9573
info@fedaszdental.hu

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÓI SÍRÍUS

Gleðilega páska

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Gleðigjafi þjóðarinnar í 85 ár

Hið ljúffenga Síríus rjómasúkkulaði hefur satt og glatt landsmenn í 85 ár. Þessi páskaegg eru nú fáanleg í tveimur útfærslum; annað er með saltlakkrísflögum og hitt með karamellukurli og sjávarsalti. Þitt er valið.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

facebook.com/noisirius

Berklar voru sjúkdómur fína og gáfaða fólksins

Berklar hafa löngum verið sveipaðir rómantískum ljóma. Þessi skelfilega en heillandi þversögn sjúkdómsins verður rædd á málþingi í dag.

Í sumar eru 100 ár liðin frá dauða Jóhanns Sigurjónssonar skálds sem var einn af fjölmörgum skáldum og rithöfundum sem dóu úr berklum eða tæringu. Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar efnir af þessu tilefni, í samvinnu við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, til málþings um berkla og menningu í dag á milli klukkan 10 – 13 í Þjóðminjasafninu.

„Að vera skáld með berkla þótti mjög fínt þannig að þetta var svolítið sjúkdómur fína og gáfaða fólksins, sérstaklega gáfaða fólksins, á 19. öldinni," segir Óttar Guðmundsson geðlæknir sem ætlar, ásamt Jóhönnu V. Þórhallsdóttur söngkonu, að fjalla um berkla í óperunum La bohème, eftir Puccini, og La traviata, eftir Verdi.

„Við kynnum þessar tvær óperur og verðum með tóndæmi en báðar söguhetjurnar deyja í óperulokin hóstandi í berklum. Þannig að þetta er rosalega dramatískt.

Að öllu gamni slepptu leggur Óttar þó áherslu á að berklar voru alvarlegur og bannvænn sjúkdómur. „Dánartíðnin var 250 á 100 þúsund íbúa á ári sem þýðir að 800 manns myndu deyja úr sjúkdómnum á hverju ári á okkar tímum, sem væri fjórðungur allra dauðsfalla," segir Óttar.

Óttar Guðmundsson og Jóhanna Þórhallsdóttir ætla að fjalla um berkla í óperum á málþinginu í Þjóðminjasafninu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Raunverulegur ógnvaldur

„Þetta var að stórum hluta ungt fólk í blóma lífsins og meðferðin var frumstæð og groddaleg og hafði í för með sér mikið inngrip í líf sjúklingsins. Faraldurinn gekk yfir Ísland 25-30 árum síðar en annars staðar í Evrópu og menn höfðu þá áttað sig á smithættunni og vissu hvaða baktería olli sjúkdómnum."

Berklarnir eða Hvíti dauðinn hafi þannig verið raunverulegur ógnvaldur sem allir óttuðust en engin örugg meðferð var til fyrr en um miðja öldina.

Óttar segir að þegar berklarnir bárust hingað hafi einnig verið búið að setja samasemmerki milli sjúkdómsins og slæmra félagslegra aðstæðna. „Sem þýddi að sjúkdómurinn var ekki litinn eins rómantískum augum hérlendis og meðal annarra Evrópuþjóða á 19. öldinni.

Ég man nú ekki hver það var sem sagði á 19. öldinni að það væri enginn skáld sem væri þyngri en 50 kíló en það fylgdi þessu að vera tágrannur, náfölur, með rauð glansandi augu og rauðar glansandi kinnar."

Skáldlegur dauði

„Mörg ágæt skáld fengu sjúkdóminn," segir Óttar og nefnir sem dæmi Jóhann Sigurjónsson, Jóhann Jónsson, Stefán frá Hvítadal, Guðmund skólaskáld Guðmundsson, Jóhann Gunnar Sigurðsson og Rögnvald Ólafsson sem nam byggingarlist en þurfti að hverfa frá námi í Kaupmannahöfn vegna berklaveiki. Hann teiknaði meðal annars berklahælið á Vífilsstöðum, þar sem hann lést árið 1917.

„Við tölum náttúrlega um öll þessi íslensku skáld sem dóu úr berklum en þetta er rosalega mikið af skáldum og rithöfundum sem fengu berkla bæði hér og annars staðar," segir Óttar og bætir við að fólk hafi síður viljað trúa því að félagsleg staða þeirra hefði haft eitthvað með það að gera.

„Fólk trúði því náttúrlega ekki og taldi heldur að þetta væri svona sjúkdómur sem legðist á gáfaða og hæfileikaríka fólkið. Þannig að það var þá frekar til merkis um að maður væri mjög gott skáld ef maður væri deyjandi úr berklum."

Á málþinginu verður einnig rætt um sögu berkla og berklahæla á Íslandi og áhrif þeirra á menningarsöguna enda höfðu berklar gífurleg áhrif á íslenskt samfélag á síðustu öld. Þeir lögðu að velli fjölmargt ungt fólk og sú fjölskylda var vandfundin sem ekki átti um sárt að binda eftir sjúkdóminn.

Málþingið verður sem fyrr segir í Þjóðminjasafninu í dag og stendur frá klukkan 10-13.

thorarinn@frettabladid.is

Dagskráin

10:00-10:40 Berklar og afleiðingar þeirra á Íslandi
Helgi Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor í krabbameinslækningum

10:40-11:10 Sögur af berklum og Kristneshælið
María Pálsdóttir, leikkona

11:10-11:30 Berklar í óperum
Óttar Guðmundsson, geðlæknir, Jóhanna V. Þórhallsdóttir, tónlistarkona

11:30-11:50
Kaffihlé

11:50-12:20 Jóhann Sigurjónsson. Draumurinn um að drepa dauðann
Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum

12:20-12:50 Berklar og deyjandi skáld
Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum síðari alda

12:50-13:00 Umræður
Fundarstjóri: Torfi Tulinius, prófessor

Lóðir til sölu



Möguleg útfærsla bygginga/tölvumynd Arkís

Atvinnulóðir á eftirsóttum stað

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarétt á tveimur atvinnulóðum við Bústaðaveg 151.

Við **Bústaðaveg 151B** er heimilt að byggja 3.815 m² atvinnuhúsnæði auk bílakjallara.

Við **Bústaðaveg 151C** er heimilt að byggja 3.673 m² atvinnuhúsnæði auk bílakjallara.



Skilafrestur tilboða til þjónustuvers Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, er til kl. 14:00 þann 10. apríl 2019.

Tilboðsblöð og nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**

Blómamarkaður Garðheima

22 - 24 MARS

BLÓMAMARKAÐSSTEMNING
AÐ EVRÓPSKUM HÆTTI

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BLÓMA Á FRÁBÆRU VERÐI

BLÓMABÚNT (ÓUNNINN) FRÁ 1.400KR
TILBÚNIR BLÓMVENDIR FRÁ 1.900KR
HORTENSÍUR 2.550KR
POTTARÓSIR 1.290KR
KRYDDJURTIR Í POTTI 1.450KR
VORERIKUR 590KR



Er brúðkaup í vændum?

FRUMSÝNUM BRÚÐARVENDI
GARÐHEIMA 2019

EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ FINNA RÉTTU BLÓMIN FYRIR BRÚÐKAUPIÐ

FULL BÚÐ AF FERSKUM PLÖNTUM:
SÍGRÆNAR PLÖNTUR
POTTAPLÖNTUR
KRYDDJURTIR
VORERIKUR OFL

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Áfram, stelpa!

LEIKHÚS

Matthildur

★★★★☆

Byggt á skáldsögu eftir Roald Dahl

Borgarleikhúsið

Leikhandrit: Dennis Kelly
Tónlist og söngtextar: Tim Minchin
Leikstjórn: Bergur Þór Ingólfsson
Íslenskun: Gísli Rúnar Jónsson
Leikarar: Erna Tómasdóttir, Ísabel Dís Sheehan, Salka Ýr Ómarsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Rakel Björk Björnsdóttir, Björn Stefánsson, Vala Kristín Eiríksdóttir, Sölvi Viggósson Dýrfjörð, Ebba Katrín Finnsdóttir, Baldur Björn Arnarsson, Arnaldur Halldórsson, Erlen Isabella Einarsdóttir, Þórey Lilja Benjamínsdóttir Wheat, Vala Frostadóttir, Lísbet Freyja Ýmisdóttir, Jón Arnór Pétursson, Patrik Nökkvi Pétursson, Emil Björn Kárason, Gabríel Máni Kristjánsson, Edda Guðnadóttir, Linda Ýr Guðrúnardóttir, María Pála Marcello, Þóra Fanney Heiðarsdóttir, Hlynur Atli Harðarson, Hilmar Máni Magnússon, Þorleifur Einarsson, Arnar Dan Kristjánsson, Viktoría Sigurðardóttir, Andrea Lapas, Arna Sif Gunnarsdóttir, Guðmunda Pálmadóttir og Steve Lorenz
Danshöfundur: Lee Proud
Tónlistarstjórn: Agnar Már Magnússon
Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir
Búningar: María Th. Ólafsdóttir
Lýsing: Þórður Orri Pétursson
Myndband: Ingi Bekk
Leikgervi: Margrét Benediktsdóttir
Hljóð: Garðar Borgþórsson og Þórður Gunnar Þorvaldsson

Matthildur er mikilvæg saga fyrir áhorfendur á öllum aldri, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins í dómi sínum. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Vorsöngleikur Borgarleikhússins hlýtur að vera merki um að vetrarhretinu sé senn að ljúka. Roald Dahl kynnti hina kláru Matthildi fyrir heiminum árið 1988 í bókarformi og síðan hefur vegferð hennar verið löng og frækin. Fræg Hollywood-bíómynd árið 1996, ýmsar hljóðútgáfur í millitíðinni og síðan sló hún endanlega í gegn með söngleik árið 2010 þar sem saga hennar var endurskrifuð af breska leikskáldinu Dennis Kelly, með viðbættri tónlist og lagatextum eftir ástralska grínistann Tim Minchin. Nú liggur leið Matthildar á stóra svið Borgarleikhússins og mætti hún skelegg til leiks síðustu helgi, leikstýrt af Bergi Þór Ingólfssyni og allur texti þýddur af Gísla Rúnari Jónssyni.

Matthildur fékk frábæra dóma á Englandi á sínum tíma og er enn í sýningum. Sagan hverfist um undrabarnið Matthildi og baráttu hennar fyrir skilningi og jafnrétti. Inn í sögunna fléttast flókið fullorðinsumhverfi þar sem hún þarf að standa fyrir sínu. Strax skal tekið fram að Matthildur er langur söngleikur sem slær upp í þrjá tíma, að hléi meðtöldu. Sýningin heldur dampi að mestu. Framvindan er fjörug og ferðalag Matthildar spennandi en ekki gallalaust, þar ber helst að nefna undarlega og endurtekna hliðarsögu þar sem söguhetjan segir vinkonu sinni ævintýri af sirkusfólki. En fyrst ber að ramma inn söguheiminn …

Vala Kristín stelur sýningunni

Heimilisaðstæður Matthildar eru vægast sagt hörmulegar. Faðir hennar, Ormur Ormars, leikinn af Birni Stefánssyni, og móðir, Norma Ormars, sem leikin er af Völu Kristínu Eiríksdóttur, vilja minna en ekkert með hana hafa. Söngleikurinn byrjar á fæðingu Matthildar og Vala Kristín gerir sér lítið fyrir og stelur sýningunni frá fyrsta atriði. Túlkun hennar á Normu er töfrandi í öllu sínu hallæri, bæði bráðfyndin og beljandi. Ekki tekst jafn vel til hjá Birni sem leitar frekar í auðvelda og endurtekna takta en heildræna nálgun.

Bakland Matthildar samanstendur af bókasafnsverðinum Filipíu, sem leikin er af Ebbu Katrínu Finnsdóttur, og kennaranum Fríðu Hugljúfu, leikinni af Rakel Björk Björnsdóttur, sem gera sér fyllilega grein fyrir því hvaða manneskju þessi smáa stelpa hefur að geyma. Ebba Katrín gerir vel í sínum fáu atriðum en persóna hennar þróast lítið og hefur að mestu það verkefni að bregðast við áðurnefndri sirkussögu. Meiri ábyrgð liggur á herðum Rakelar Bjarkar sem stígur fram í sínu fyrsta hlutverki á atvinnusviði. Leikur hennar var litaður af svolitlum taugatrekking og stífleika en hún leitar í öruggt skjól söngsins til að fylla út í karakterinn, sem hún gerir ágætlega.

Kærkomið og bráðandi

Lykilþáttur verksins hverfist um hvernig Matthildur notar manngæskuna til að sigrast á mannvonsku Karítasar Mínherfu skólastýru. Til að opna sýninguna, og hjörtu áhorfenda, upp á gátt þarf Karítas Mínherfa að vera herfa í hæsta gæðaflokki og hræða líftóruna úr áhorfendum. Björgvin Franz Gíslason geymir ýmsa hæfileika og nýtur þess að japla á hlutverki skólastýrunnar en hann nær aldrei að framkalla hræðsluna sem til þarf. Karítas Mínherfa í hans höndum er safarík dragdrottning frekar en ógnandi hrotti. Að hluta til ber Bergur Þór ábyrgðina en fyrstu kynni af Karítas Mínherfu eru illa leyst en lokalagið hennar, Uppreisnar-andi, er aftur á móti frábært að öllu leyti.

> BERGUR ÞÓR ER FYRIR LÖNGU ORÐINN SÉRFRÆÐINGUR Í SVIÐSETNINGU SÖNGLEIKJA AF ÞESSARI STÆRÐARGRÁÐU.

Þung er byrðin að bera heilan söngleik á litlu baki en allar líkur eru á því að hinar tvær Matthildarnar verði alveg jafn heillandi og Ísabel Dís Sheehan sem stóð á sviðinu á frumsýningarkvöldinu. Það er kærkomið og bráðandi að sjá slíka kvenfyrirmynd á sviði. Barnaleg kæti og æsingur einkennir aðra meðlimi leikhópsins, unga sem eldri. Markvert er hversu frábærlega ungu einstaklingarnir í hópnum standa sig, öll sem eitt. Enn önnur sönnun á því að langtímafjárfesting í unga fólkinu margborgar sig. Þá er sérstaklega ánægjulegt að sjá Sölva Viggósson Dýrfjörð, sem gerði garðinn frægan sem Billy Elliot, snúa aftur á svið í fjölbreyttum hlutverkum. Þorleifur Einarsson og Arnar Dan Kristjánsson eru ennþá að finna sína hillu á atvinnusviði, og eru að prófa sig áfram með mismunandi árangri, en svona tækifæri eru ómetanleg fyrir unga leikara sem verða að fá tíma til að þroskast.

Sjónarspil fer að ráða

Ilmur Stefánsdóttir fer fram úr sér hvað varðar hönnun fyrir stóra sviðið í þetta skiptið og er leikmyndahönnuður á heimsmælikvarða. Hver sviðskimi er fullnýttur, alveg upp í rjáfur, og ímyndunarafl hennar hreinlega springur yfir sviðið. En þess væri óskandi að betri sviðslausn hefði verið fundin fyrir hið hræðilega Svarthol skólastýrunnar. Leikgervin og búningarnir eru fantavel unnin af Margréti Benediktsdóttur og Maríu Th. Ólafsdóttur, þá sérstaklega múndering Normu Ormars, en endurhugsa hefði mátt bæði búninga skólastýrunnar og Ormars. Þeir virðast báðir sem úr öðru leikriti.

Bergur Þór er fyrir löngu orðinn sérfræðingur í sviðsetningu söngleikja af þessari stærðargráðu. Hann gefur ungum leikurum stór tækifæri og setur mikla ábyrgð á þeirra herðar. Þessi ákvörðun verður til þess að meiri áhersla er lögð á stórar hópsenur frekar en söguna sem segja skal. Danshöfundurinn Lee Proud snýr aftur til starfa fyrir Borgarleikhúsið og færir sýninguna á annað plan með glæsilegri vinnu. En eins og áður sagði verður stundum tengslarof á milli sögunnar og söngatriðanna, sjónarspilið fer að ráða för.

Hér leikur tónlistin auðvitað stórt hlutverk og tónlistarstjórnun Agnars Más Magnússonar ber með sér léttleika sem er gott mótvægi við orðasúpuna á sviðinu. Söngleikurinn einkennist af nokkrum lykillögum þar sem Er ég verð stór og Óþekk börn standa upp úr. Hljóðblöndun sýningar af þessari stærðargráðu er þrautargáta og vinnur hljóðteymið margt vel í þeim efnum. En orðaflaumurinn er síkur að oft er erfitt að greina orðaskil, þá sérstaklega í stærri atriðunum þar sem atið verður stundum svo mikið að textaflóðið verður yfirþyrmandi.

Vorsöngleikur Borgarleikhússins er fyrir löngu orðinn hefð og búið er að byggja grjótharðan grunn fyrir stórt leikhússjónarspil. Sýningarnar verða stærri og mikilfenglegri í hvert skipti en hætta er á að með stærðinni skapist rof við tilfinningatengslin sem leikhúsið getur skapað. Matthildur er mikilvæg saga fyrir áhorfendur á öllum aldri þar sem samúð sigrar grimmd, greind sigrar vanvit og sakleysi sigrar svik.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Stórkostlegt sjónarspil sem nær ekki að fanga skilaboð sögunnar að fullu.

MINNINGAR SJÓÐUR JPJ

STYRKUR TIL TÓNLISTARNÁMS

Minningarsjóður um Jean-Pierre Jacquillat, fyrrum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands, mun á þessu ári veita efnilegum tónlistarmanni styrk til framhaldsnáms erlendis á skólaárinu 2019-2020.

Veittur er einn styrkur að upphæð **1.500.000** kr.

Umsóknir, með upplýsingum um námsferil og framtíðaráform, sendist fyrir **1. maí** nk. til formanns sjóðsins:

Minningarsjóður um Jean-Pierre Jacquillat

Pósthólf 35, 121 Reykjavík

Umsóknum fylgi hljóðritanir, raddskrár frumsaminna verka eða önnur gögn sem sýna hæfni umsækjenda.

FYRRUM STYRKÞEGAR

2017 Sölvi Kolbeinsson - saxófón
2016 Baldvin Oddson - trompet
2015 Rannveig Marta Sarc - fiðla
2014 Sólveig Thoroddsen - harpa
2013 Hulda Jónsdóttir - fiðla
2012 Benedikt Kristjánsson - söngur
2011 Matthías I. Sigurðsson - klarinett
2010 Gunnhildur Daðadóttir - fiðla
2009 Helga Þóra Björgvinsdóttir - fiðla
2008 Jóhann Nardeau - trompet
2007 Melkorka Ólafsdóttir - flauta
2006 Elfa Rún Kristinsdóttir - fiðla
2005 Ögmundur Þór Jóhannesson - gítar
2004 Víkingur Heiðar Ólafsson - píanó
2003 Birna Helgadóttir - píanó
2002 Lára Bryndís Eggertsdóttir - orgel
2001 Pálína Árnadóttir - fiðla
2000 Hrafnkell Orri Egilsson - selló
1999 Una Sveinbjarnardóttir - fiðla
1998 Árni Heimir Ingólfsson - píanó/tónv.
1997 Þórður Magnússon - tónsmíðar
1996 Ingibjörg Guðjónsdóttir - söngur
1995 Sigurbjörn Bernharðsson - fiðla
1994 Guðni A. Emilsson - hljómsveitarstj.
1993 Tómas Tómasson - söngur
1992 Þóra Einarsdóttir - söng

Ímyndunarafl / M. JPJ

TÓNLISTAR- OG DVD MARKAÐURINN

VIÐ LAUGARDALSVÖLL

OPIÐ FRÁ

KL. 11-19

ALLA DAGA

MIKIÐ ÚRVAL

FRÁBÆR TILBOÐ!

ÞÚSUNDIR TITLA Á CD, VINYL OG DVD

INNGANGUR VIÐ SUÐURENDA AÐALSTÚKU LAUGARDALSVALLAR

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

RAUÐIR DAGAR

Páskaliljur í potti
Tet a tet í potti.

599kr

25% afsláttur

OUTBACK

29.990kr

~~39.950 kr~~

Gasgrill Sunset Solo
3ja brennara. Grillflötur: 628x406 mm, 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9.67W.
3000393

Vorerika
10327408

599kr

Vorerikurnar eru komnar

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Vinsælu Outback grillin eru komin

OUTBACK

18.990kr

~~24.990 kr~~

Gasgrill Omega 200
Grillflöturinn 50 x 36 cm með tvískiptum brennara. FlameTamer hlíf yfir brennurum. Emalerað grillgrind, hliðarborð, neistakveikja. Þrýstijafnari 6.2 Kw.
3000225

25% afsláttur

BLACK+DECKER

11.995kr

~~15.995 kr~~

Rafmagnshekkklippur
BEHTS301
500W, 50 cm blað, klippigeta 22 mm, skurðarblað fremst fyrir allt að 35 mm greinar.
5083646

32% afsláttur

HITACHI ⇒ HiKOKI

24.995kr

~~36.995 kr~~

Borvél DS18DJL + 54 fylgihlutir
2 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður, mesta hersla 52Nm, 2ja gíra, sn./mín. 0-450/1250, þyngd 1,7 kg.
5246792

Kynningaverð

Electrolux

49.990kr

~~59.990 kr~~

Þvottavél 1200 sn. wEW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu, Time manager Fuzzy Logic LCD upplýsingaskjár, hljóðstyrkur 58 dB en 77 dB við þeytingu.
1805436

44% afsláttur

Gufumoppa
Þrífur parket, teppi, glugga o.fl. með heitri gufu

9.990kr

~~17.990 kr~~

Gufumoppa
Tristar, stillanlegur kraftur, 12 fylgihlutir, 400 ml vatnstakur, 1500 wött, 1 bar, þrýstingur, 5 metra snúra.
1841127

25% afsláttur

Electrolux

11.990kr

~~15.990 kr~~

Ryksuga
PF1 Classic, EPF61RR.
1809110

30% afsláttur

NEO TOOLS

10.496kr

~~14.995 kr~~

Topplyklasett
NEO, 73 stk., 1/2" -1/4", toppar 4-27 mm, skrall 72t.
5052569

RAUÐIR DAGAR

Sjóðandi heit tilboð í verslunum Húsasmiðjunnar

RAUÐIR DAGAR

Í HÚSASMIÐJUNNI

LÝKUR UM HELGINA

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum.
Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

20% afsláttur
af öllum Nilfisk háþrýstidælum

25% afsláttur
af allri LADY málningu

20% afsláttur
af öllu parketi

25% afsláttur
af öllum GROHE og Damixa blöndunartækjum

PHILIPS

30% afsláttur

12.490 kr
~~17.900 kr~~

Loftljós
Hangandi ljós, 1x60W, 230V,
stærð: 503x503x580 mm
6166392

Jotun gæði, lægra verð!

Verð á lítra **866 kr**

7.796 kr
~~10.395 kr~~
9 ltr.

Jotun vegg- og loftamálning
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun og þekur vel.
7119781-83

Hjólin eru komin
í verslanir Húsasmiðjunnar

SILVERBACK
ÞÝSK GÆÐAHJÓL

um land allt og líka í vefverslun **husa.is**

RAUÐIR DAGAR

HÚSASMIÐJAN

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

23. MARS 2019

Hvað? Dagur kirkjutónlistarinnar
Hvenær? 10-15
Hvar? Hjallakirkja, Álfaheiði 17, Kópavogi
Fjölbreytt dagskrá í tali og tónum fyrir allt áhugafólk um kirkjutónlist. Hátíðarmessa klukkan 14 þar sem biskup Íslands predikar og margir klerkar, kórar og organistar koma að helgihaldinu. Kaffiveitingar eftir messu.

Hvað? Þetta er okkar Venus – Sýning
Hvenær? 13
Hvar? Borgarbókasafnið, Spönginni, Grafarvogi
Sýningin er unnin af listamönnum Hlutverkaseturs. Þar má sjá ýmsar birtingarmyndir fegurðar.

Guðný Einarsdóttir organisti verður með örerindið Hvaðan koma nýju sálmalögin? FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvað? Silkirækt – Fjölskyldustund
Hvenær? 13
Hvar? Náttúrufræðistofa Kópavogs, Hamraborg 6
Á fjölskyldustund í Náttúrufræðistofu Kópavogs sýnir Signý Gunnarsdóttir silkibóndi hvernig silkiræktun fer fram, útskýrir lífsferil silkiormsins og sýnir afurðir ræktunarinnar. Einnig verður teiknismiðja þar sem gestum býðst að teikna og lita silkiorma eftir raunverulegum fyrirmyndum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Aðalfundur Grikklandsvinafélagsins
Hvenær? 14
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg 10 – gengið inn frá Skálholtsstíg
Eftir kaffihlé mun Egill Helgason fjalla um kynni sín af Grikklandi og Kári, sonur hans, leika grísk lög af fingrum fram á flygilinn.

Hvað? Umhverfis jörðina – Erindi
Hvenær? 14
Hvar? Veröld – hús Vigdísar, Brynjólfsgötu 1
Kristján Gíslason mun fjalla um ferð sína og mannlífsrannsóknir er hann fór einn umhverfis jörðina á mótorhjóli, fyrstur Íslendinga.

Hvað? Mjúkt og hart – Keramiksýning
Hvenær? 15-18
Hvar? Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg 5, R.
Átta keramikerar og hönnuðir eiga verk á sýningunni. Léttar veitingar og tónlist leikin af Þórarni Sigurbergssyni gítarleikara.

Hvað? Glaðlegir söngvar um dauðann – Styrktartónleikar
Hvenær? 16
Hvar? Innra-Hólmskirkja í Hvalfjarðarsveit
Þjóðlagasveitin Kólga og Haukur Ingi Jónasson guðfræðingur, í samvinnu við Kalman listfélag, bjóða upp tónlist og vangaveltur um dauðann. Allur ágóði rennur í viðhaldssjóð kirkjunnar.

Hvað? Re-Fresh – Sýningaropnun
Hvenær? 17
Hvar? Harbinger, Freyjugötu 1
Sýningaröðin Rólegt og rómantískt býður fólk velkomið á opnun sýningar Sindra Leifssonar og Völu Sigþrúðar Jónsdóttur.

Hvað? Vetrarsól – Tónleikar
Hvenær? 16
Hvar? Seltjarnarneskirkja
Hólmfríður Jóhannesdóttir söngkona, Julian Hewlett píanóleikari og Sveinn Hauksson gítarleikari flytja þekkt íslensk dægurlög um ástina. Miðaverð er 2.500 kr. í reiðufé og frítt fyrir börn.

Hólmfríður Jóhannesdóttir söngkona.

Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

Sun 24.03	kl. 13:00 U	Sun 14.04	kl. 13:00 U	Sun. 12.05	kl 13:00 U	Sun 26.05	kl. 13:00 Ö
Sun 24.03	kl. 16:00 U	Sun 14.04	kl. 16:00 U	Sun. 12.05	kl. 16:00 U	Sun 2.06	kl. 13:00 Au
Sun 31.03	kl. 13:00 U	Sun 28.04	kl 13:00 U	Lau 18.05	kl. 13:00 Au	Lau 8.06	kl. 13:00 Au
Sun 31.03	kl. 16:00 U	Sun 28.04	kl. 16:00 U	Lau 18.05	kl. 16:00 Au		
Sun 07.04	kl. 13:00 U	Sun 05.05	kl. 13:00 U	Sun. 19.05	kl. 13:00 Ö		
Sun 07.04	kl. 16:00 U	Sun 05.05	kl. 16:00 U	Sun. 19.05	kl. 16:00 Ö		

Einræðisherrann

Stóra sviðið

Lau.23.03	kl 19:30 U	Fös. 05.04	kl 19:30 U	Lau 04.05	kl. 19:30
Fös. 29.03	kl 19:30 U	Lau 13.04	kl. 19:30 Ö		

Jónsmessunæturdraumur

Stóra sviðið

Lau. 30.03	kl 19:30 U	Lau. 06.04	kl. 19:30 Ö	Fös. 12.04	kl 19:30 U	Fös 03.05	kl. 19:30

Þitt eigið leikrit

Kúlan

Lau 23.03	kl 15:00 U	Fös 29.03	kl. 18:00 Au	Fös 05.04	Kl. 18:00 Au	Lau 13.04	kl. 17:00
Lau 23.03	Kl. 17:00 U	Lau. 30.03	kl 15:00 U	Lau 06.04	kl. 15:00 U	Sun 28.04	Kl. 17:00
Sun. 24.03	kl 15:00 U	Sun 31.03	kl. 15:00 U	Sun 07.04	kl. 15:00 U		
Sun. 24.03	kl 17:00 U	Sun.31.03	kl 17:00 U	Sun 07.04	Kl. 17:00 Au		

Súper

Kassinn

Mið 27.03	kl. 19:30 U	Mið. 03.04	kl. 19:30 U	Mið 10.04	kl. 19:30 Ö
Fim. 28.03	kl. 19:30 U	Fim.04.04	kl. 19:30 U	Fim 11.04	kl. 19:30 Ö
Lau. 30.03	kl. 19:30 U	Lau 06.04	kl. 19:30 U	Fös. 12.04	kl. 19:30 U

Loddarinn

Stóra sviðið

Lau27.04	kl. 19:30 U	Fim 02.05	kl. 19:30 U	Lau 11.05	kl. 19:30 U
Þri 30.04	kl. 19:30 U	Fös 10.05	kl. 19:30 U	Fös 17.05	kl. 19:30 U

Brúðkaup Fígarós

Stóra sviðið

Lau 07.09	kl. 19:30 Ö	Fös 20.09	kl. 19:30	Lau 28.09	kl. 19:30
Sun 15.09	kl. 19:30	Lau 21.09	kl. 19:30	Lau 05.10	kl. 19:30

Mið-Ísland

Leikhúskjallarinn

Lau 23.03	kl. 19:30 Ö	Fim 28.03	kl. 21:00	Fös 29.03	Kl. 22:00 Ö	Lau 30.03	Kl. 22:00
Lau 23.03	Kl. 22:00 U	Fös 29.03	kl. 19:30 U	Lau 30.03	kl. 19:30		

Improv

Leikhúskjallarinn

Mið 27.03	kl. 20:00	Mið 03.04	kl. 20:00	Mið 10.04	kl. 20:00

Dimmalimm

Brúðuloftið

Lau 23.03	Kl. 14.00 U	Lau 30.03	Kl. 14.00 Ö	Lau 06.04	Kl. 14.00

Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

Matthildur

Stóra sviðið

Lau 23.03	Kl 19:00 U	Fös 05.04	Kl 19:00 U	Þri 16.04	Kl 19:00 U	Fim 02.05	Kl 19:00 U
Sun 24.03	Kl 19:00 U	Sun 07.04	Kl 19:00 U	Mið 24.04	Kl 19:00 U	Mið 08.05	Kl 19:00 Ö
Mið 27.03	Kl 19:00 U	Mið 10.04	Kl 19:00 U	Fim 25.04	Kl 19:00 U	Fim 09.05	Kl 19:00 U
Fim 28.03	Kl 19:00 U	Fös 12.04	Kl 19:00 U	Fös 26.04	Kl 19:00 U	Mið 15.05	Kl 19:00 Ö
Sun 31.03	Kl 19:00 U	Lau 13.04	Kl 13:00 U	Sun 28.04	Kl 19:00 U	Fim 16.05	Kl 19:00 Ö
Mið 03.04	Kl 19:00 U	Sun 14.04	Kl 19:00 U	Þri 30.04	Kl 19:00 U		

Elly

Stóra sviðið

Lau 30.03	Kl. 20:00 U	Lau 27.04	Kl. 20:00 Ö	Fös 17.05	Kl. 20:00 Ö	Lau 08.06	Kl. 20:00 Ö
Lau 06.04	Kl. 20:00 U	Sun 05.05	Kl. 20:00 Ö	Fös 24.05	Kl. 20:00 Ö	Lau 15.06	Kl. 20:00 ÖL
Lau 13.04	Kl. 20:00 U	Sun 12.05	Kl. 20:00 Ö	Fös 31.05	Kl. 20:00 Ö		

Ríkharður III

Stóra sviðið

Fös 29.03	Kl. 20:00 U	Fim 04.04	Kl. 20:00 Ö	Fim 11.04	Kl. 20:00 ÖL

Kvenfólk

Nýja sviðið

Lau 23.03	Kl. 20:00 U	Sun 30.03	Kl. 20:00 Ö	Lau 06.04	Kl. 20:00 Ö

Kæra Jelena

Litla sviðið

Fös 12.04	Kl. 20:00 U	Þrið 24.04	Kl. 20:00 U	Sun 28.04	Kl. 20:00 U	Sun 05.05	Kl. 20:00 U
Sun 14.04	Kl. 20:00 U	Mið 25.04	Kl. 20:00 U	Fim 02.05	Kl. 20:00 U	Mið 08.05	Kl. 20:00 Ö
Þri 16.04	Kl. 20:00 U	Fim 26.04	Kl. 20:00 U	Fös 03.05	Kl. 20:00 U		

Club Romantica

Nýja sviðið

Fim 28.03	Kl. 20:00 Ö	Föös 05.04	Kl. 20:00 Ö

Bæng!

Nýja sviðið

Fös 26.04	Kl. 20:00 U	Mið 08.05	Kl. 20:00 U	Fim 23.05	Kl. 20:00 Ö
Sun 26.04	Kl. 20:00 U	Fim 09.05	Kl. 20:00 U	Sun 23.05	Kl. 20:00 U
Fös 03.05	Kl. 20:00 U	Fim 16.05	Kl. 20:00 U	Fim 30.05	Kl. 20:00 Ö

Kvöldvaka með Jóni Gnarr

Litla sviðið

Lau 13.04	Kl. 20:00 U

Allt sem er frábært

Litla sviðið

Lau 04.05	Kl. 20:00 Ö	Fim 09.05	Kl. 20:00 Ö	Lau 11.05	Kl. 20:00



Yasujirō Ozu kvikmyndadagar

Yasujirō Ozu kvikmyndadagar verða haldnir í Bíó Paradís 28.-31. mars. Sýndar verða fjórar kvikmyndir eftir þennan virta japanska kvikmyndagerðarmann. Kvikmyndir Ozu fjalla um fjölskyldulíf, hjónabönd, líf fólks í háskólum og á skrifstofunni. Ozu var þekktur fyrir að nýta sér „mono no aware“ við gerð kvikmynda sinna en þetta fagurfræðilega japanska hugtak lýsir hinum óblendnu tilfinningum gagnvart fegurð náttúrunnar, hverfulleika lífsins sem og sorginni sem fylgir dauðanum.

Yasujirō Ozu (1903-1963) er álitinn einn af meisturum japanskrar kvikmyndagerðar og er enn afar áhrifamikill innan geirans.

Ozu var ungur að árum þegar hann fékk fyrst áhuga á kvikmyndagerð og gekk til liðs við Shochiku Film Company á þriðja áratugnum sem aðstoðarkvikmyndatökumaður en fyrirtækið framleiddi meðal annars fyrstu japönsku kvikmyndina í lit. Hann leikstýrði fyrstu kvikmynd sinni árið 1927 en hann átti eftir að gera 53 aðrar. Ozu gerði nokkrar stuttar grínmyndir áður en hann sneri sér að alvarlegri málefnum á fjórða áratugnum, en hann fjallaði mestmegnis um hjónabönd og fjölskyldur.

Kvikmyndir Ozu voru mjög vinsælar í Japan en þær voru nær óþekktar á Vesturlöndum þar til á sjöunda áratugnum. Hann er álitinn einn af bestu leikstjórum kvikmyndasögunnar í dag og leikstjórarnir Jim Jarmusch, Wim Wenders, Abbas Kiarostami, Mike Leigh, Aki Kaurismaki, Hou Hsiao-hsien, Pedro Costa og Clair Denis nefna hann sem einstakan áhrifavald á kvikmyndagerð þeirra. Meistaraverk hans, Tokyo Story sem hann gerði árið 1953, er að margra mati ein af bestu kvikmyndum sem nokkurn tíma hafa verið gerðar.

Myndin Sôshun (Early Spring) er meðal þeirra mynda Yasujirō Ozu sem sýndar verða í Bíó Paradís.

Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

24. MARS 2019

Hvað? Heimsálfar/Sögustund á litháísku og rússnesku
Hvenær? 14-14.30
Hvar? Borgarbókasafnið/Menningarhús Grófinni
Julia Panova les sögur fyrir börn og fjölskyldur þeirra á litháísku og rússnesku. Öll börn eru velkomin og þau mega bjóða vinum sínum, foreldrum, ömmum og öfum með sér.

Hvað? Syngjum saman – Söngdagskrá
Hvenær? 14
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg 10
Allir syngja saman undir stjórn tónlistarfólks og textar birtast á tjaldi. Frítt fyrir börn í fylgd með fullorðnum sem greiða 1.000 króna aðgangseyri. Forsöngvarar að þessu sinni er vinkonuhópur sem kallar sig Skotfjelagið og nokkrir makar og börn.

Söngvaskáldin Aðalsteinn Ásberg og Svavar Knútur við styttuna af Reykjavíkurskáldinu Tómasi.

Hvað? Fyrir sunnan Fríkirkjuna
Hvenær? 16
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg
Aðalsteinn Ásberg og Svavar Knútur flytja dagskrá í tónum, máli og myndum um Reykjavíkurskáldið Tómas Guðmundsson.

Hvað? Hvítt á svörtu – Málverkasýning
Hvenær? 12-14
Hvar? Gallerí Göng, Háteigskirkju
Þýska listakonan Magdalena Nothaft opnar sína fyrstu sýningu hérlendis. Flestar myndirnar hefur hún málað á léreft en nokkrar á pappa. Allir hjartanlega velkomnir.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

„Þvílíkur spennutryllir, þvílíkt plott!“ LITTERATURSIDEN

Meistari spennusagnanna, Lars Kepler, snýr aftur með Joona Linna og félaga í Stokkhólmslögreglunni

Bækur Keplers hafa verið þýddar á 40 tungumál og selst í um 13 milljónum eintaka.

„Aðdáendur Lars Keplers verða ekki fyrir vonbrigðum.“ GÖTEBORGS-POSTEN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

SPEKILEKI



Nýir heimildarþættir

Í dag kl. 10.15

Ógnar spekileki íslenska velferðarríkinu? Halla Þórlaug Óskarsdóttir ræðir við Guðrúnu Þuríði Höskuldsdóttur, sérfræðing í lyflækningum; Óskar Ragnarsson, innkyrtlalækni og Sigrúnu Ásgeirsdóttur, svæfingalækni.

VIÐ NORÐ MENN

Útvarpsleikhúsið

Í dag kl. 14

Miðaldabókmenntir, sjoppurekstur, sjúkrahúsdvöl og fyrirheitna landið Noregur í glænýju útvarpsleikriti eftir Huldar Breiðfjörð í leikstjórn Söru Marti Guðmundsdóttur.



Hvar og hvenær sem þér hentar

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í hlaðvarpi, spilara RÚV, á RÚV.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÁS 1 fyrir forvitna

DAGSKRÁ

Laugardagur

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Hinrik hittir
07.21 Úmísúmí
07.44 Rán og Sævar
07.55 Klingjur
08.06 Letibjörn og læmingjarnir
08.13 Hrúturinn Hreinn
08.20 Eysteinn og Salóme
08.33 Millý spyr
08.40 Með afa í vasanum
08.50 Flugskólinn
08.52 Minnsti maður í heimi
09.16 Stundin okkar Í þættinum í dag búa krakkarnir til drekakló í Kveikt á perunni sem endar með svakalegum drekabardaga, við sjáum stuttmyndina Bekkjarkvöldið sem er svolítið hryllileg og skyggnumst á bak við tjöldin við gerð myndarinnar Húsvörðurinn eftir Isolde Eik.
09.40 Óargardýr Hin stórskemmtilega og orkumikla Naomi ferðast um heiminn í leit að drungalegum hliðum náttúrunnar. Hún ætlar ekki að láta skrýtin, ógnvænleg eða hættuleg dýr valda sér martröð, hver sem þau eru. e.
10.10 Basl er búskapur
10.40 Töfradrykkur Ástríks
11.35 Neytendavaktin
12.05 Hemsley-systur elda hollt og gott
12.30 Nörd í Reykjavík
13.00 Söngkeppni Samfés 2019
15.00 Kiljan
15.40 Just Like Heaven
17.10 Á sama báti
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hjá dýralæknunum Norskir þættir þar sem fylgst er með dýralæknum að störfum. e.
18.05 Strandverðirnir
18.18 Fótboltastrákurinn Jamie
18.45 Landakort Strengir
18.53 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Tímaflakkarinn - Doktor Who
20.40 Norrænir bíódagar. Pelli sigursæli
23.05 Last Knights – Síðustu stríðsmennirnir Ævintýramynd með Clive Owen í hlutverki stríðsmannsins Raiden sem rís upp gegn illum einræðisherra og leitar hefnda fyrir niðurlægingu húsbónda síns. Leikstjóri: Kazuaki Kiriya. Aðalhlutverk: Clive Owen, Morgan Freeman og Aksel Hennie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.55 The Accused – Sakborningar Óskarsverðlaunamynd frá árinu 1988 sem segir frá baráttu ungrar konu fyrir réttlæti eftir að henni er nauðgað af þremur mönnum á bar. Leikstjóri: Jonathan Kaplan. Aðalhlutverk: Jodie Foster, Kelly McGillis og Bernie Coulson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 Valspar Championship
12.00 Golfing World
12.50 Bank of Hope Founders Cup
14.55 PGA Highlights
17.00 Valspar Championship Bein útsending frá Valspar Championship á PGA-mótaröðinni.
22.00 Bank of Hope Founders Cup Bein útsending frá Bank of Hope Founders Cup á LPGA-mótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 This Is Us
13.50 Happy Together
14.15 The Bachelor
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Futurama
18.00 The Voice US
19.30 The Bachelor
21.00 State of Play
23.05 Collateral Leigubílstjóri í Los Angeles, Max Durocher, á auðvelt með að spjalla og segja sögur af fólki. Kvöld eitt tekur Max upp í bílinn vel búinn mann að nafni Vincent, sem biður Max að vera bílstjórann sinn allt kvöldið fyrir eina greiðslu upp á 600 dollara ....
01.05 The Horse Whisperer Unglingsstúlka á hestbaki verður fyrir vörubíl. Til að flýta fyrir bata hennar og hestsins, fer móðir hennar með þau til Montana á búgarð hestahvíslara. Móðirin verður síðan ástfangin af hvíslaranum.
03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Til allra átta Haldið suður
08.00 Morgunfréttir
08.05 Japan, land hinnar rísandi sólar
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Spekileki Velferðarríkið
11.00 Fréttir
11.02 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
13.00 Gestaboð
14.00 Við Norðmenn
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Tónlist frá A til Ö
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar
20.45 Fólk og fræði Þjálfun knattspyrnudómara
21.15 Bók vikunnar Veröld ný og góð
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar
22.16 Brot af eilífðinni Dinah Shore
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.15 Dear Eleanor
10.45 Dare To Be Wild
12.30 The Fits
13.45 Draugabanarnir II
15.35 Dear Eleanor
17.10 Dare To Be Wild
18.55 The Fits
20.10 Draugabanarnir II
22.00 The Mummy
23.55 All the Money in the World
02.05 Before I Wake
03.45 The Mummy

STÖÐ 2

07.00 Krakka efni
12.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Friends
14.05 Seinfeld
14.25 Seinfeld
14.45 American Woman
15.10 Making Child Prodigies
15.40 Grantchester
16.30 Grey's Anatomy
17.15 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.05 Lottó
19.10 Strumparnir og gleymda þorpið
20.40 Man of Steel
23.00 Casual Encounters
00.20 The Secret Life of Bees
02.10 The Hitman's Bodyguard
04.05 Popstar. Never Stop Never Stopping

STÖÐ 3

10.50 Atvinnumennirnir okkar
14.30 Atvinnumennirnir okkar
15.05 Friends
16.45 Friends
17.10 The Mindy Project
17.35 The Goldbergs
18.00 Maður er manns gaman
18.25 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
18.50 Gulli byggir
19.20 Masterchef USA
20.00 Brother vs. Brother
20.45 Here and Now
21.45 Luck
22.35 Banshee
23.25 American Horror Story. Cult
00.15 Boardwalk Empire
01.15 How To Make It in America

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Seinni bylgjan
08.35 Undankeppni EM 2020 Útsending frá leik Moldóvu og Frakklands
10.15 Undankeppni EM 2020 Útsending frá leik Englands og Tékklands
11.55 Undankeppni EM 2020 Útsending frá leik Andorra og Íslands
13.35 Undankeppni EM - Mörkin
13.50 Undankeppni EM 2020 Bein útsending frá leik Georgíu og Sviss
16.05 Goðsagnir - Steingrímur Jó
16.50 Undankeppni EM 2020 Bein útsending frá leik Svíþjóðar og Rúmeníu
19.05 Premier League World
19.35 Undankeppni EM 2020 Bein útsending frá leik Spánar og Noregs
21.45 Undankeppni EM - Mörkin
22.00 Undankeppni EM 2020 Útsending frá leik Georgíu og Sviss
23.40 Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Útsending frá leik Andorra og Íslands í Undankeppni EM
08.40 Millwall - Brighton
10.20 Valur - Keflavík
12.00 Dominos deild karla
13.40 Dominos deild karla
15.20 Domino's körfuboltakvöld
16.20 Dominos deild kvenna Bein útsending
18.25 NBA - Dr. J - The Doctor
19.35 Undankeppni EM Bein útsending frá leik Ítalíu og Finnlands
21.45 Útsending frá leik Svíþjóðar og Rúmeníu í Undankeppni EM
23.25 Útsending frá leik Spánar og Noregs í Undankeppni EM.
01.05 Undankeppni EM - Mörkin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

STARFSEMI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS Á ÁRINU 2018

Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins með 16.284 virka sjóðfélaga. Hrein eign sjóðsins í árslok 2018 var liðlega 372 milljarðar króna og hækkaði um 24,2 milljarða á milli ára.

HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

EFNAHAGSREIKNINGUR
Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignadeildar

í milljónum kr.

	2018	2017
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	145.513	138.031
Skuldabréf	215.747	197.168
Bundnar bankainnstæður	4.251	4.008
Aðrar fjárfestingar	13	164
Kröfur	2.356	2.599
Handbært fé og rekstrarfjármunir	4.942	6.580
Skuldir	-468	-428
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**372.353**	**348.122**

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN
Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignadeildar

í milljónum kr.

	2018	2017
Iðgjöld	17.680	15.543
Lífeyrisgreiðslur	-11.165	-10.244
Hreinar fjárfestingartekjur	18.432	23.434
Rekstrarkostnaður	-716	-763
Hækkun á hreinni eign á árinu	**24.230**	**27.970**
Hrein eign frá fyrra ári	348.122	320.152
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**372.353**	**348.122**

KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR	2018	2017
Nafnávöxtun	5,04%	7,05%
Hrein raunávöxtun	1,74%	5,23%
Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal	4,09%	4,86%
Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal	3,30%	0,48%
Rekstrarkostnaður / meðalstaða eigna	0,19%	0,22%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	16.284	15.882
Fjöldi lífeyrisþega	13.789	12.944
Fjöldi stöðugilda	28,4	30,1
Tryggingafræðileg staða	-3,86%	-3,44%

HLUTFALLSLEG SKIPTING FJÁRFESTINGA SAMTRYGGINGARDEILDAR 2018



HREIN RAUNÁVÖXTUN SAMTRYGGINGAR 2009-2018



SÉREIGNARDEILD OG TILGREIND SÉREIGNARDEILD

Hrein eign séreignardeildar var 14,7 milljarðar króna í árslok 2018 og jókst um tæplega 985 milljónir króna frá fyrra ári. Hrein raunávöxtun séreignar var á bilinu frá -1,17% til 3,55%. Upplýsingar um ávöxtun sparnaðarleiða eru á vef sjóðsins, birta.is. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 557 milljónum króna. Í árslok 2018 áttu 34.329 einstaklingar réttindi í séreignardeild og virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 2.331. Í árslok 2018 áttu 1.565 einstaklingar réttindi í tilgreindri séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild voru 1.482. Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar nam 418 milljónum króna.

Stjórn sjóðsins:

Jakob Tryggvason
formaður
Ingibjörg Ólafsdóttir
varaformaður
Davíð Hafsteinsson
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Gylfi Ingvarsson
Hrönn Jónsdóttir
Pálmar Óli Magnússon

Framkvæmdastjóri: Ólafur Sigurðsson

Ársfundur 2019

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl nk. kl. 17 á Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá verður kynnt síðar á birta.is

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

ENNEMM / SÍA / NM92836

sunnudagskvöld kl. 20.15

Loftslagsmál útskýrð á mannamáli. Rýnt í tilurð og áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jarðar og samfélög.

Umsjónarmaður er Sævar Helgi Bragason.

Nálgast má alla umfjöllun RÚV um lofstlagsmál í tengslum við þættina á:

www.ruv.is/ibrennidepli/loftslagsbreytingar

Hvar og hvenær sem þér hentar

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV, á RÚV.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÚV okkar allra

DAGSKRÁ

Sunnudagur

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Begga og Fress
07.28 MolangMolang
07.32 Bréfabær
07.43 Söguhúsið
07.51 Hæ Sámur
07.58 Húrra fyrir Kela
08.21 Hvolpasveitin
08.44 Alvinn og íkornarnir
08.55 Disneystundin
08.56 Nýi skólinn keisarans
09.17 Sígildar teiknimyndir
09.24 Dóta læknir
09.45 Krakkafréttir vikunnar
10.05 Ungviði í dýraríkinu Krúttlegir dýralífsþættir um afkvæmi dýra. Þau búa á heimilum fólks, í dýragörðum og á bóndabæjum og við sjáum hvernig þau uppgötva heiminn og læra á umhverfi sitt. e.
11.00 Silfrið
12.10 Menningin - samantekt
12.40 Eitt stykki hönnun, takk
13.20 Bikarúrslit kvenna í blaki Bein útsending frá bikarúrslitum kvenna í blaki.
15.20 Bikarúrslit karla í blaki Bein útsending frá bikarúrslitum karla í blaki.
17.25 Attenborough. Furðudýr í náttúrunni
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Matarmenning Fróðlegir danskir þættir þar sem þáttarstjórnendur rannsaka matinn sem við borðum dagsdaglega.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Hvað höfum við gert? Hækkandi hitastig og loftslagsbreytingar hafa meðal annars áhrif á vatnsbúskap, veðurfar og bráðnun jökla og áhrifanna gætir um allan heim, líka á Íslandi. Í þessum þætti förum við yfir þessar breytingar og áhrif þeirra á jörðina.
20.55 Sæluríki
21.45 Babýlon Berlín Þýsk glæpaþáttaröð um lögreglumanninn Gereon Rath sem er sendur frá Köln til Berlínar til að rannsaka undirheima borgarinnar á seinni hluta þriðja áratugar síðustu aldar. Þættirnir eru byggðir á skáldsögum eftir þýska rithöfundinn Volker Kutscher. Aðalhlutverk. Volker Bruch, Liv Lisa Fries og Peter Kurth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.30 Móðir mín Ítölsk kvikmynd um Margheritu, kvikmyndaleikstjóra í tilvistarkreppu sem þarf að takast á við óstýrilátan bandarískan leikara sem fer með stórt hlutverk í nýjustu mynd hennar á sama tíma og hún kemst að því að móðir hennar er dauðvona. Leikstjórn. Nanni Moretti. Aðalhlutverk. Margherita Buy, Jon Turturro og Giulia Lazzarini. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.10 Valspar Championship
13.10 Bank of Hope Founders Cup
16.10 Golfing World
17.00 Valspar Championship Bein útsending frá lokadegi Valspar Championship á PGA-mótaröðinni.
22.00 Bank of Hope Founders Cup Bein útsending frá lokadegi Bank of Hope Founders Cup á LPGA-mótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The F Word (US)
13.50 The Good Place
14.15 The Bachelor
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 90210
18.15 Líf kviknar
18.50 Með Loga
19.45 Happy Together
20.10 This Is Us
21.00 Venjulegt fólk
21.30 The Truth About the Harry Quebert Affair
22.15 Ray Donovan
23.15 The Walking Dead
00.00 The Messengers
00.45 For Your Eyes Only
02.50 Hawaii Five-0
03.40 Blue Bloods
04.25 MacGyver
05.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Tríó
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Samtal Samtal um ríkisvald og trúarbrögð
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar Brandarar handa byssumönnum
11.00 Guðsþjónusta í Fríkirkjunni í Hafnarfirði
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
13.00 Sögur af landi Vitar
14.00 Víðsjá
15.00 Grár köttur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Úr tónlistarlífinu
17.25 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Spekileki Velferðarríkið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Orð um bækur
20.35 Gestaboð
21.30 Fólk og fræði Að vera með átröskun
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

06.25 Hitch
08.25 Snowden
10.35 A Quiet Passion
12.40 Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul
14.10 Hitch
16.10 Snowden
18.20 A Quiet Passion
20.25 Diary of a Wimpy Kid. The Long Haul
22.00 Leatherheads Stórskemmtileg, rómantísk gamanmynd með George Clooney og Renée Zellweger í aðalhlutverkum. Clooney leikstýrir sjálfur myndinni sem gerist á þriðja áratug síðustu aldar.
23.55 Snatched
01.25 The Driftless Area
03.00 Leatherheads

STÖÐ 2

07.00 Krakka efni
10.55 Friends
12.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Hversdagsreglur
14.10 Lego Masters
14.55 Lose Weight for Good
15.30 Jamie's Quick and Easy Food
16.00 Catastrophe
16.30 Heimsókn
17.00 Um land allt
17.40 60 Minutes
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Making Child Prodigies
19.40 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?
20.20 Silent Witness
21.15 Thirteen
22.10 Manhunt
23.00 Tin Star
23.45 S.W.A.T.
00.30 Steypustöðin
01.00 Rapp í Reykjavík
01.35 Castle Rock
02.20 Castle Rock
03.10 Springfloden
04.40 Springfloden

STÖÐ 3

14.40 Atvinnumennirnir okkar
17.15 Atvinnumennirnir okkar
17.55 Seinfeld
19.35 Seinfeld
20.00 Homeland
20.50 Mayday
21.35 Léttir sprettir
21.55 First Dates
22.45 Rita
23.30 The Deuce
00.30 American Horror Story. Cult
01.15 Boardwalk Empire
02.15 Curb Your Enthusiasm

STÖÐ 2 SPORT

06.55 Georgíu og Sviss í Undankeppni EM.
08.35 Svíþjóðar og Rúmeníu í Undankeppni EM.
10.15 Ítalíu og Finnlands í Undankeppni EM.
11.55 Spánar og Noregs í Undankeppni EM .
13.35 Undankeppni EM - Mörkin
13.50 Wales og Slóvakíu Bein útsending í Undankeppni EM.
16.00 Goðsagnir - Ólafur Þórðarson
16.50 Ungverjalands og Króatíu Bein útsending í Undankeppni EM.
19.10 Fréttaþáttur EM
19.35 Bein útsending frá leik Hollands og Þýskalands í Undankeppni EM 2020.
21.45 Undankeppni EM - Mörkin
22.00 ÍBV - FH
23.30 Útsending frá leik Hollands og Þýskalands í Undankeppni EM.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 Kasakstan og Skotlands í Undankeppni EM.
09.30 Hollands og Hvíta-Rússlands í Undankeppni EM.
11.10 Belgíu og Rússlands í Undankeppni EM.
12.50 Moldóvu og Frakklands í Undankeppni EM.
14.30 Andorra og Íslands í Undankeppni EM.
16.10 Englands og Tékklands í Undankeppni EM.
17.50 ÍBV - FH Bein útsending í Olís deild karla.
19.30 Wales og Slóvakíu í Undankeppni EM.
21.10 Unverjalands og Króatíu í Undankeppni EM.
22.50 Útsending frá leik ÍR og Njarðvíkur í 8 liða úrslitum

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Á þitt fyrirtæki heima í Startup Reykjavík?

Opið fyrir umsóknir til 27. mars. Startup Reykjavík er ein öflugasta leiðin fyrir sprotafyrirtæki til að hraða vexti og þróun viðskiptahugmynda sinna.

Við leitum að öflugum teymum með nýjar lausnir á sviði tækni og skapandi greina sem ætlaðar eru alþjóðamarkaði.

Fyrirtækin tíu sem valin eru til þátttöku fá:

- 2,4 milljónir króna í hlutafé
- Leiðsögn og ráðgjöf frá færustu mentorum landsins
- Fullbúna vinnuaðstöðu í tíu vikur
- Stærra tengslanet

Sæktu um á startupreykjavik.is

startupreykjavik.is

Startup Reykjavík **Arion banka**

Leitt af Icelandic Startups

Drengurinn sem lifði af – lifir enn

Bjartur fagnar því að tuttugu ár eru síðan fyrsta Harry Potter-bókin kom út á íslensku með endurútgáfu bókaflokksins, fyrir nýja kynslóð lesenda. Fréttablaðið fékk fyrstu kynslóðar aðdáendur til þess að líta um öxl til þess tíma sem þeim opnaðist nýr og ómótstæðilegur heimur.

Fyrstu þrjár Harry Potter-bækurnar koma út á íslensku á þessu afmælisári. Í nýjum búningi, fyrir nýja kynslóð lesenda.

Það hafa selst yfir 120.000 eintök af bókunum á þessum tuttugu árum og það segir sína sögu," segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Bjarti. Hann segir að ákveðið hafi verið að halda upp á þessi tímamót með verðskulduðum glæsibrag.

„Við ætlum að endurútgefa allar bækurnar með nokkurra mánaða millibili þannig að hver bók fær ákveðið andrými. Bækurnar verða með nýjum kápum enda þarf að setja alla góða klassík í nýjan búning fyrir hverja kynslóð."

Helgi Hrafn.

Varla þarf að fjölyrða um gríðarlegan áhrifamátt bókaflokksins en Pétur Már minnir á að með Harry Potter „fóru börn og unglingar skyndilega að lesa doðranta. Þetta eru engar smábækur og þetta sýnir nú hvað góð saga og góð bók getur gert fyrir lestur barna og unglinga," segir Pétur Már.

Útgefandinn viðurkennir aðspurður fúslega að Bjartur eigi Harry ýmislegt að þakka enda voru bækurnar sannkallaður hvalreki fyrir frekar lítið bókaforlag. „Þetta er náttúrlega fyrsti stóri bitinn sem Bjartur gaf út og það er engin spurning að þetta gerði Bjart að stórveldi."

Sáttur muggi

„Fyrsta bókin var auðlesin og skemmtileg," segir Helgi Hrafn Ólafsson sem var tíu ára þegar hann las fyrstu bókina. Á ensku, þá nýfluttur heim frá Bandaríkjunum. Næstu bók, Harry Potter og leyniklefinn, las hann á íslensku og náði minni tengingu við galdraheiminn. „Hinar las ég allar á ensku og man að þegar ég fékk nýja bók var ég yfirleitt aldrei lengur en einn til tvo daga að bruna í gegnum hana."

Helgi Hrafn segir að bækurnar hafi ekki haft varanleg áhrif á hann þótt vissulega hafi þær sett mark sitt á æsku hans. „Mér var svo sem alveg sama þótt ég væri muggi en hætti aldrei að fylgjast með þessum töfrandi heimi.

Hann fór strax á frumsýningar allra bíómyndanna um Harry en segist hafa verið orðinn leiður á bókaseríunni og síðar kvikmyndabálkinum áður en yfir lauk. „Kannski fæ ég næst tilefni til að fara inn í þennan heim þegar ég eignast börn og fæ að lesa bækurnar aftur með þeim. Það kemur bara í ljós. Hver veit? Þau verða mögulega bara muggar."

Pétur Már.

Rændi fyrstu bókinni

„Ég hef líklegast lesið fyrstu bókina þegar ég var um níu ára gömul. Ég er ekki alveg viss en ég man að ég var allavega á aldur við Harry, Ron og Hermione þegar ég las bók númer tvö því ég sagði oft við vinkonu mína að mögulega ættum við von á bréfi frá Hogwarts þar sem við værum alveg að verða ellefu ára.

„Ég rændi fyrstu bókinni af systur minni en hún hafði, að ég held, fengið bókina í afmælisgjöf og mér fannst hún allt of lengi að lesa hana," segir Díana Sjöfn Jóhannsdóttir en þarna var fólk rétt nýbyrjað að tala um Harry Potter. „Ég beið alltaf með óþreyju eftir næstu bók í seríunni. Það var mjög skemmtileg tilfinning, þessi eftirvænting.

Díana Sjöfn.

Ég man að undir lokin á seríunni var ég farin að vanda mig við að vera lengur að lesa, til þess að geta haldið í spennuna og ánægjuna. Pabbi minn stal ávallt nýjasta eintakinu frá mér á meðan ég svaf á jólanótt, en vaninn var að fá nýjustu söguna í jólagjöf, og hann spændi þá í gegnum hana á einni nóttu. Við ræddum síðan sögurnar okkar á milli sem var mjög dýrmætt spjall."

Díana segir að þegar hún hugsi til baka þá sé Harry Potter skemmtilegasta lestrarupplifun hennar og þá ekki síst eftirvæntingin eftir næstu bók. „Þegar ég átti síðan að velja efni fyrir BA-ritgerð varð einhvern veginn úr að ég tók upp pælinguna um útvíkkun skáldverksins á netinu og hafði þá Harry Potter og J.K. Rowling sérstaklega til hliðsjónar.

Þar fjallaði ég aðallega um þessa aukatexta sem Rowling hefur skapað eftir að bókaflokknum lauk og sem hún deilir mest með aðdáendum á netinu og velti fyrir mér spurningum úr fræðunum eins og hvort aukatextar séu gildir inn í kanónuna," segir Díana sem les sagnabálkinn síður en svo gagnrýnilaust.

„Ég er persónulega ósátt við síðasta kaflann eða eftirmálann í sjöundu bókinni og tel að Rowling mætti láta kyrrt liggja og leyfa lesendum sínum að taka við og láta þeim eftir frelsið til eigin túlkunar.

Ég hef ekki enn fundið söguflokk sem heldur mér jafn miklum heljartökum af spennu og ástríðu eins og Harry Potter-serían gerði og ég tel að skrifin og sögufléttan hafi ávallt orðið betri með hverri bók."

> ÉG BEIÐ ALLTAF MEÐ ÓÞREYJU EFTIR NÆSTU BÓK Í SERÍUNNI. ÞAÐ VAR MJÖG SKEMMTILEG TILFINNING, ÞESSI EFTIRVÆNTING.
>
> Díana Sjöfn

Nördastelpur í röð

Theódóra Björk Guðjónsdóttir var fjórtán ára þegar hún eignaðist Harry Potter og viskusteininn 1999. „Það má segja að ég eigi langt og stormasamt ástar- og haturssamband við Harry Potter," segir Theódóra sem færði sig fljótlega yfir á frummálið. „Ég leit svo á að íslensku þýðingarnar gætu beinlínis spillt fyrir upplifuninni af hinum engilsaxneska, heimavistarskólagengna galdraheimi.

„Þegar Fönixreglan kom svo loksins út sat ég ásamt fleiri stúlkum af nördakyni í sjö klukkustunda biðröð við Eymundsson í Austurstræti á íslensku sumarkvöldi sem hætti að vera hlýtt og milt eftir um það bil hálftíma dvöl utanhúss.

Þetta var um helgi og bærinn fylltist smátt og smátt af skemmtanaglöðu fólki við skál sem henti gaman að söfnuðinum sem kúrði í biðröðinni. Kona nokkur gaf sig á tal við stelpur sem voru yngri en ég, benti á mig, svartklædda með gotneska augnförðun og varaði þær við þessu kukli. Svo fór hún að dreifa bæklingum um Jesú. Af einhverjum ástæðum gladdi þetta mig óstjórnlega og fyllti mig stolti yfir að hafa óvænt verið valin úr hópnum sem holdgervingur galdra og heiðindóms," segir Theódóra og bætir við að Fönixreglan sé sennilega síðasta bókin sem hún las af nánast trúarlegri innlifun.

„Í Blendingsprinsinum var mér farið að þykja söguþráðurinn útþynntur og einhvern veginn á leiðinni í allt aðrar áttir en gömlu bækurnar höfðu undirbyggt. Dauðadjásnin ollu mér svo ógurlegum vonbrigðum. Eins mótsagnakennt og það hljómar var líkt og Rowling sjálf væri ekki nógu þroskaður höfundur til að ljúka eigin bókaflokki á þann hátt sem sæmdi eldri bókunum.

Theódóra Björk.

Magt myrkranna

Ég taldi líka að það yrði óumflýjanleg lexía fyrir Harry og félaga hans á lokametrum sögunnar að hin svonefnda myrka hlið galdranna sem tákngerist í heimavistinni Slytherin, sé hið nauðsynlega og náttúrulega mótvægi við hina yfirgangssömu, karlrembulegu „góðu" hlið sem tákngerist í Gryffindor. Í staðinn kaus Rowling að upphefja enn frekar barnalega sýn aðalpersónanna á Slytherin sem samansafn af illa innrættum heiglum og veitti auk þess „góðu köllunum" frípassa til að fremja grimmdarverk á borð við ófyrirgefanlegar bölvanir án nokkurra sýnilegra afleiðinga. Það er með öðrum orðum allt í lagi að gera slæma hluti í veröld Rowling ef þú ert „góður". Og það er afskaplega vont gildismat."

thorarinn@frettabladid.is

Aðalfundur
Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. sem halda átti 22. mars og var frestað vegna veðurs verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 29. mars 2019 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál.

Reykjavík, 22. mars 2019.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

SIXMIX®
DAGAR
21-24 MARS

20%
AF ÖLLUM SKÓM FRÁ SIXMIX

Sixmix lakkskór
Verð nú 17.596 kr.

Sixmix mokkasína með hæl
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix mokkasína með hæl
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix hælaskór
Verð nú 10.496 kr.

Sixmix leðurskór
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix leðurskór
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix leðurskór
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix hælaskór
Verð nú 11.196 kr.

Sixmix ökklaskór
Verð nú 12.796 kr.

Sixmix ökklaskór
Verð nú 12.796 kr.

Sixmix ökklaskór
Verð nú 12.796 kr.

Sixmix ökklaskór
Verð nú 12.796 kr.

Sixmix ökklaskór
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix ökklaskór
Verð nú 15.996 kr.

Sixmix mokkasína
Verð nú 17.596 kr.

Skór.is
netverslun

Kaupfélagið
Smáralind

KOX
KRINGLUNNI

Lífið í vikunni
17.03.19-
23.03.19

Klóninn kemur
Dorrit Moussaieff fékk þær fregnir frá bandarísku klónunarfyrirtækinu ViaGen Pets að klónunarferlið á hundinum Sámi væri hafið og ef allt gengur eftir fæðist nýr Sámur í maí.

Drottningin mátaði Meghan
Hertogahjónin af Sussex, Meghan og Harry, vildu víst fá að ráða starfsfólk sitt sjálf og hafa það óháð Buckingham-höll en Elísabet drottning, amma Harrys, og Karl faðir hans tóku slíkt ekki í mál. Starfsliðið verður því skipað í samráði við höllina.

Ástir galdrakarla
J.K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, hefur staðfest að galdrakarlarnir Dumbledore og Grindelwald hafi átt í heitu ástarsambandi þótt það hafi ekki beinlínis blasað við í síðustu Fantastic Beasts-myndinni sem hefur verið gagnrýnd fyrir að fela sambandið.

Áfall eftir bílslys
Söngkonan Heiða Ólafsdóttir tekst á við andlegar og líkamlegar afleiðingar bílslyss með tónlistina að vopni.
Hún fagnar útkomu nýrrar plötu sem nefnist Ylur með tónleikum í Salnum í Kópavogi klukkan 20 í kvöld.

Skólann skipa nemendur á aldrinum sjö ára og upp úr. Hér er yngsti hópurinn á sviðinu. MYNDIR/ÍVAR EYÞÓRSSON

Dansandi Móglíar í Borgarleikhúsinu

Nemendasýning **Dansstúdíós World Class** fór fram í Borgarleikhúsinu í vikunni. Í skólanum eru nemendur frá sjö ára aldri en þetta var í tólfta sinn sem sýningin fór fram. Yfir 500 nemendur komu fram.

Sýningarnar heppnuðust allar hrikalega vel. Fjórar sýningar á tveimur dögum og við fengum toppeinkunn frá Borgarleikhúsinu að þeim loknum. Þá hljótum við að hafa gert eitthvað rétt," segir Stella Rósenkranz, deildarstjóri Dansstúdíós World Class, en árleg nemendasýning Dansstúdíósins fór fram í Borgarleikhúsinu í vikunni.

Í skólanum eru nemendur frá 7 ára aldri og er dansað í sjö stöðvum á höfuðborgarsvæðinu og einnig á Selfossi þar sem World Class er nýbúið að opna. Þetta var í tólfta sinn sem nemendasýningin fór fram í leikhúsinu og yfir 500 nemendur komu fram.

„Svona viðburður gengur ekki upp nema með góðu skipulagi og öflugu teymi. Það er komin góða reynsla á skipulagið og kennarar skólans og aðrir sem koma að þessu eru draumateymi. Svo held ég líka að nemendur okkar séu extra yndislegir," segir Stella og glottir.

Þemað í ár var byggt á ævintýrum Mowgli og fóru nokkrir af nemendum með leikhlutverk. Sýningin er frábrugðin öðrum danssýningum á þann hátt að farið er með söguna og nemendur leika á sviðinu á milli atriða. Þannig verður sýningin að einu verki og segir Stella að áhorfendur hafi haft á orði í gegnum tíðina hvað þetta gæðir danssýninguna miklu lífi.

Stella Rósenkranz deildarstjóri Dansstúdíós World Class.

Dansstúdíó World Class er orðið þekkt fyrir sterka dansara og það var greinilegt á sýningunni að þarna eru miklir hæfileikar til staðar. Sérstaka athygli vakti yngri danshópur skólans en það eru stelpur á aldrinum 12-15 ára. Sá hópur er að undirbúa sig þessa dagana fyrir undanúrslitakeppni fyrir Dance World Cup, danskeppni sem fer fram í Portúgal í sumar.

„Stelpurnar eru að fara að taka þátt í undankeppni hér heima í lok mars og ef þær komast áfram þá er stefnan tekin á Portúgal. Ég hef fulla trú á þeim enda eru þær hreint út sagt geggjaðar," segir Stella ákveðin.

„Við erum búnar að æfa stíft undanfarið og þær bæta sig með hverri æfingunni. Ég vildi að allir gætu séð þær því þær eru komnar svakalega langt danslega séð, og svo er framkoman sturluð. Ég er alltaf að hlæja að þeim á æfingum, þær eru allar svo ljúfar og góðar, algjörar mýslur en svo breytast þær í einhvern annan karakter sem gjörsamlega gleypir mann þegar tónlistin byrjar.

Þær eru bara 12-15 ára og ég á erfitt með að vera ekki að hrósa þeim stanslaust eins og staðan er núna enda nota ég lýsingarorð í samræmi við það, sturlaðar, bilaðar, tjúllaðar," segir Stella hlæjandi.

benediktboas@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

ICELANDAIR OG **COCA COLA LIGHT TASTE**
KYNNA MEÐ STOLTI

DÍVUR

14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU

MIÐASALA HEFST 4. APRÍL!

SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN

DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS

GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON
SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR

light taste Coca-Cola

ICELANDAIR

MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM 3. APRÍL KL. 10
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í FORSÖLU: SENALIVE.IS/DIVUR

sena LIVE!

BYKO

20%
afsláttur
af öllum
vöfflujárnum

Við bökum vöfflur milli 14 og 16 laugardaginn 23. mars í Breidd

Uppáhalds dagurinn okkar!

Alþjóðlegi vöffludagurinn

25. mars

Hjólin eru komin!

Vertu klár fyrir sumarið

Fjölskyldufyrirtækið Kent hefur framleitt reiðhjól í New Jersey í Bandaríkjunum frá 1958. Reyndar rak afi núverandi forstjóra hjólabúð frá 1909 og er því mikil hjólaþekking í þessu gamalgróna fyrirtæki. Öryggi hjólreiðamanna hefur verið þeirra helsta takmark í gegnum árin.

Barnareiðhjól
16“ reiðhjól fyrir börn á aldrinum 4-6 ára. Hjálpardekk fylgja.

24.995
49620062A

Krakkahjól
20“ 7 gíra.

38.995
49620112

Götureiðhjól
SHOGUN reiðhjól 26” 21 gíra Shimano.

42.995
49620079

Götureiðhjól
Hvítt 21 gíra 700C reiðhjól 27“ með léttum álramma og 700c dekkjum.

59.995
49620118

Ánægðustu viðskiptavinir byggingarvöruverslana 2 ár í röð skv. Íslensku ánægjuvoginni! Takk fyrir okkur!

Tilboðsverð

Vöfflujárn

850W Gerir 5 hjartalaga vöfflur 5 Hitastillingar. Non-stick húð. Ljós fyrir bökunartíma.

5.196

65103497

Almennt verð: 6.495

BESTRON®

Tilboðsverð

Vöfflujárn

1100W. Gerir 4 ferkantaðar vöfflur.Non-stick húð. Ljós fyrir bökunartíma.

4.716

65740052

Almennt verð: 5.895

NAPOLEON

Napoleon hefur framleitt gasgrill í 40 ár í Ontario, Kanada. Í gegnum árin hafa grillin þeirra hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna auk þess sem fyrirtækið hefur verið leiðandi í því að bæta grilluplifunina! Margar af helstu tækninýjungum í bransanum hafa komið frá Napoleon!

* SIZZLE ZONE™ INNRAUÐUR BRENNARI sem nær gríðarlegum hita, allt að 980° á 30 sek. Þessi tækni eykur möguleika við grillun og gerir steikina safaríkari. Hægt er að stilla hitastig á innrauða brennaranum og því bæði hægt að snöggsteikja eða hægelda.

kílóvött 4,1 · brennarar 2

TRAVELQ PRO

Ferðagasgrill

NAPOLEON - TRAVELQ Pro 285X, heildargrillflötur er 54x37cm, grillgrindur úr pottjárni.

76.995

506600020

kílóvött 8,2 · brennarar 2

ROGUE

Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R365, grillgrind 51x46cm úr pottjárni.

95.995

506600035

kílóvött 10,8 · brennarar 2+ INFRARED SIZZLE ZONE*

ROGUE

Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, grillgrindur úr ryðfríu stáli.

104.995

506600037

kílóvött 10,6 · brennarar 3

ROGUE

Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R425, grillgrind 60x45cm úr pottjárni.

116.995

506600036

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

RYOBI

Tilboðsverð

Keðjusög

18V keðjusög með 30cm blaði. Rafhlaða fylgir ekki með.

29.995

7133002829

Almennt verð: 39.995

BOSCH

Tilboðsverð

Hekksnyrtir

AHS 50-16 450W. Ódýr og góð hekkklippa sem er auðveld í notkun.Klippir 50 cm á breidd og getur klippt greinarsem eru allt að 16 mm sverar.

12.745

74890008

Almennt verð: 16.995

BOSCH

Tilboðsverð

Rafmagnsklippur

EasyPrun 3,6V 1,5Ah

13.496

74897859

Almennt verð: 17.995

MARKAÐS-DAGAR

Komdu og gramsaðu!

Síðasta helgin!

Mikið úrval af vörum frá 50 kr.
Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.
Við bætum við nýjum vörum daglega.

AUKA 30% afsláttur*
*reiknast á kassa

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Sirrýjar Hallgrímsdóttur

Þeim er sama

Mygluskemmdir í skólum Reykjavíkur hafa vakið mikla athygli. Ástæða þessa vanda er ónógt viðhald. Viðhald kostar peninga og borgarstjórnin hefur ákveðið að nota þá í annað. Dæmi um þá forgangsröðun er Bragginn margfrægi, Matarhöll á Hlemmi og alls konar furðuframkvæmdir á götum borgarinnar sem ætlað er að gera umferð um þær erfiðari en áður. Reykjavíkurborg eyðir gríðarlegum fjárhæðum í rekstur mannréttindaskrifstofu eitt sveitarfélaga, en markverðasta framlag skrifstofunnar til þessa er að krefjast kynlausra salerna í ráðhúsinu og þátttaka í meintu kosningasvindli Samfó þegar nauðsynlegt þótti að minna konur eldri en áttrætt á að þær hefðu kosningarétt. Mannréttindi Reykvíkinga virðast samt ekki meiri en íbúa annarra sveitarfélaga sem ekki reka mannréttindaskrifstofu.

Allt þetta kostar peninga, sem hefðu betur farið í viðhald á skólabyggingum. Viðhaldsleysið hefur nefnilega afleiðingar. Skólastarf barnanna raskast sem er alvarlegt mál. Enn alvarlegra er að dæmi er um að börn hafi orðið veik.

Eins og vanalega hverfa borgarfulltrúar meirihlutans af vettvangi en þess í stað er embættismönnum teflt fram. Borgarfulltrúar bera enga ábyrgð, viðhaldsleysið virðist vera einhvers konar náttúrulögmál. En þannig er þetta ekki. Það er meðvituð ákvörðun borgarfulltrúa Samfó, Viðreisnar og vina þeirra að setja fjármagn frekar í gæluverkefni heldur en í viðhald skólabygginga. Þau bera því beina ábyrgð á veikindum barna vegna slæms aðbúnaðar.

Vinstri menn virðast hafa misst málið þegar afleiðingar forgangsröðunar þeirra í Reykjavík blasir við. Að eyða stórfé í að þrengja götur fremur en að tryggja heilsu barna er óásættanleg forgangsröðun. Munið, það rétt tókst að stoppa þau í að setja stórfé í að rækta pálmatré í gler-hylkjum.

NÝTT
995,-/stk.
Pottaplöntur í potti
þykkblöðungar Ø6cm

MUSKOT
blómapottur
Ø15cm **595,-**

NÝTT
PAPAJA
blómapottur
Ø12cm **250,-**

Pottaplanta í potti
dvergtré Ø22cm
3.990,-

Pottaplöntur með karakter

Með hækkandi sól er tilvalið að bæta við nýjum pottaplöntum á heimilið og huga að þeim sem fyrir eru – þetta er tíminn til að umpotta, klippa plönturnar til og strjúka af þeim. Sumir vilja meina að jafnvel smá spjall geri þeim gott – við dæmum ekkert. Hjá okkur færðu úrval af nýjum blómapottum í ýmsum stærðum og pottaplöntum sem allar hafa sinn karakter.
Komdu og kíktu á úrvalið.

NÝTT
Pottaplanta
aloe vera Ø17cm
2.690,-

NYPON
blómapottur
Ø15cm **495,-**

NÝTT
Pottaplöntur
kaktusar Ø15cm
2.490,-/stk.

Pottaplanta
gullpálmi Ø24cm
4.990,-

INGEFÄRA
blómapottur
og undirskál
Ø12cm **395,-**

NÝTT
Pottaplanta
friðarlilja Ø12cm
695,-

NÝTT
2.990,-
RÅGKORN blómapottur Ø24cm

NÝTT
1.790,-
Pottaplanta peningablóm Ø12cm

NÝTT
CHIAFRÖN
blómapottar
Ø9cm **495,-/stk.**

NÝTT
495,-
PERSILLADE blómapottur Ø12cm

NÝTT
PERSILLADE
blómapottur
Ø19cm **1.490,-**

NÝTT
GRADVIS
blómapottur
Ø12cm **595,-**

Elgspottréttur
með elgskjöti, kantarellusveppum, rjómasósu og meðlæti
1.195,-

Kroppkakor
með smjörolíu, rjóma og týtuberjasultu
795,-

Aðeins í mars

Vegna árshátíðar starfsfólks verður versluninni lokað kl. 18 í dag, laugardag

© Inter IKEA Systems B.V. 2019

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**